

Sigraðist á ópíóíðafíkn með CBD

Davíð Hafsteinsson, atvinnumaður á hjólabrettum, háði langa baráttu við ópíóíðafíkn en náði að rjúfa vítahring fíknarinnar með aðstoð CBD-olíu, sem unnin er úr hampi. Í dag framleiðir Davíð sína eigin CBD-línu í samstarfi við frægasta hjólabrettamann sögunnar, Tony Hawk. → 28



Ég missti líka nánast allt, samskiptin við fjölskylduna, starfið mitt, vini mína.



Baráttueldurinn

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna er á sunnudaginn. → 24



Sögulegur samningur

milli Bandaríkjanna og talibana. undirritaður um síðustu helgi. → 12



Ekki bara okkar saga

María Reyndal notaði húsmóðurverkfall móður sinnar sem innblástur. → 32

Sölu- sýning

Í dag, laugardag, frá kl. 10 til 16, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4.


Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Afsláttur af öllum vörum sem eru ekki þegar á Tækifærisverði.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Veður



Vaxandi austanátt og þykkar upp S-lands, 18-28 í dag, hvassast við S-ströndina. Snjócoma eða slydda með köflum S- og A-lands, en úrkominna í öðrum landshlutum. **SJÁ SIÐU 46**

Það sem vantar í frumvarpið

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri
Félags atvinnurekenda

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra hefur birt drög að frumvarpi til laga, sem heimilar innendum aðilum netverzlun með áfengi. Markmið laganna er sagt að tryggja jafnræði milli innlendrar og erlendrar verzlunar, sem er gott markmið sem Félag atvinnurekenda styður. Félagið hefur hins vegar í umsögn sinni um málið bent á ýmis atriði, sem vantar í frumvarpið og greinargerð þess, eigi að koma í veg fyrir að frumvarpið skapi nýtt ójafnræði í viðskiptum og nýjar samkeppnishömlur.

FRÉTTABLAÐIÐ

Nánar á frettabladid.is

Gleðilegan baráttudag kvenna!

Stella Samúelsdóttir
framkvæmdastýra
UN Women á Íslandi

Þann 8. mars er efst í huga þakklæti til þeirra kvenna sem börðust fyrir röttækum hugmyndum eins og að binda ríki í sáttmála til að tryggja konum og stúlkum grundvallarmannréttindi. Fyrir að fá Kvennasáttmála SP samþykktan árið 1979 og útskýra þar með fyrir valdhöfum ríkja SP hvað eigi að gera til að útrýma mismunun gegn konum og tryggja full réttindi og frelsi á jafnréttisgrundvelli við karla.

FRÉTTABLAÐIÐ

Nánar á frettabladid.is

Ragnar Bjarnason kvaddur



Útför Ragnars Bjarnasonar, hins ástsæla tónlistarmanns, var gerð í kyrrþey frá Háteigskirkju í gær. Fjöldi listamanna undir stjórn Þorgeirs Ástvaldssonar flutti tónlist. Meðal laga sem flutt voru var Barn, eitt þekktasta lag Ragnars sem hann samdi við ljóð Steins Steinarrs og Þannig týnist tíminn, lag og ljóð Bjartmars Guðlaugssonar sem var útnefnt óskagalag þjóðarinnar árið 2014 í flutningi Ragnars og Lay Low. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR**

Myndin skýrist hjá Eflingu

KJARAMÁL „Hlutir hafa verið að skýrast,“ segir Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar. Að sögn Viðars funduðu fulltrúar borgarinnar og Eflingar í ymsum myndum í allan gærðag hjá Ríkissáttasemjara þar til hlé var gert á fundinum.



Viðar Þorsteinsson.

„Það á að halda fundinum áfram um helgina,“ segir Viðar. Því boði Ríkissáttasemjari til fundar í dag eða á morgun.

Ströng lota hefur verið í samningaviðræðum BSRB og ríkisins og er gert ráð fyrir að hún haldi áfram um helgina til þess að freista þess að semja áður en verkföll hefjast aðfaranótt mánudags. – gar

Eingöngu McDonalds í heimsókn til Wuhan

Kórónaveiran greindist fyrst 1. desember í Wuhan í Kína. Nokkrum dögum fyrir hafði Þórhallur Þórhallsson, uppistandari með meiru, yfirgefið borgina við annan mann. „Ég held að þetta sé ekki mér að kenna,“ segir Þórhallur.

COVID-19 Í lok nóvember á síðasta ári fóru þrjú íslenskir uppistandarar í pílagrímsför til Kína til að skemmta. Ein af borgunum sem hópurinn heimsótti var Wuhan þar sem samnefnd veira, sem nú skekur heimsbyggðina, er talin eiga upptök sín.

Einn þremmenninganna, Þórhallur Þórhallsson, segir að borgin hafi komið sér vel fyrir sjónir. „Ég verð að viðurkenna að ég hafði aldrei heyrt um þessa borg fyrir en ég kom þangað. Síðan varð þetta í raun uppáhaldsborgin mín í ferðinni,“ segir Þórhallur.

Þórhallur hefur í gegnum árin talað opinskátt um baráttu sína við kvíða og félagsfælni. Hann segir að heimsfaraldurinn, sem nú geisar, valdi ákveðinni togstreitu innra með sér. Kvíðinn stigmagnast en félagsfælnin er að sama skapi á undanhaldi, aðallega vegna þess að það er mjög auðvelt að afsaka sig frá mannamötum þessa dagana.

„Það vill þannig til að þegar ég tók fyrst eftir fréttum um þessa veiru frá Wuhan þá var ég með væga flensu. Þótt ég hafi í raun áhyggjur af öllu nema heilsunni þá fór hausinn engu að síður á flug og ég var sannfærður um að ég væri að fara að deyja,“ segir Þórhallur. Hann náði sér þó fljótt af flensunni og fylgist vel með framvindu mála í fréttum.

„Þetta virðist dreifast hraðar en klamidía á Íslandi. Ég hafðist við á vafasömum matarmörkuðum ytra. Ég borðaði þó hvorki leðurblökur né hunda þarna úti, aðallega bara McDonalds. Ég held að þetta sé ekki mér að kenna,“ segir Þórhallur.

Öllu kvíðvænlegri er þó tekjuöflun hans sem skemmtikrafts.



Þórhallur Þórhallsson er kvíðinn og félagsfælnin. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR**

Ég var sannfærður um að ég væri að fara að deyja.

Þórhallur Þórhallsson

„Það er verið að aflýsa viðburðum hægri vinstri og það er auðvitað högg,“ segir Þórhallur.

Hann starfar einnig sem leiðsögu- maður með erlenda ferðamenn, en

segir að enn sem komið er sé nóg að gera í því. „Þar hefur ekki orðið nein fækkun enn þá en það breytist væntanlega ef þetta dregst á langinn,“ segir hann.

Eitt af helstu verkefnum Þórhalls undanfarin misseri hefur verið að leika í kvikmyndum, en hann fer með aðalhlutverkið í nýrri íslenski gamanmynd, Mentor, sem verður frumsýnd síðar á árinu.

„Það er búið að taka hana upp þannig að þessi blessaði veirufaraldur eyðileggur hana ekki fyrir mér. Eða ég held ekki,“ segir Þórhallur. **bjornth@frettabladid.is**

STÓR HUMAR

HUMARSÚPA

OPIÐ LAUGARDAG 10-15

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800



Nýtt Húsasmiðjulað er komið út

Skoðaðu öll tilboðin á husa.is



Litur: 7637 EXHALE Máling: LADY Pure Color

LADY málning
25%
afsláttur
af allri LADY málningu



Gefum ÍS
alla helgina í
Skútuvogi
kl. 12-15

Parket og flísar
25%
afsláttur
af öllu parketi

Parketámynd: LinenEik 8mm Vnr. 14.7430



Litaprufur
25%
afsláttur



Framkvæmdargleði í Húsasmiðjunni

26%
afsláttur



12.495 kr
~~16.665~~ kr

Verkfæravagn
NEO, 84-229, þrjá hillur á hjólum, stærð:
630x390x810 mm, hver hilla ber 120 kg.
5024490

25%
afsláttur



11.190 kr
~~14.990~~ kr

Handlaugartæki
Grohe Start, hátt 188 mm.
7910802

32%
afsláttur



16.995 kr
~~24.995~~ kr

Borvél og hersluvél 18V
Sett með 2 vélum og 2 rafhlöðum,
1.5Ah (Li-ion).
5246080

20%
afsláttur

Nilfisk

16.795 kr
~~20.995~~ kr

Háprýstidæla
Nilfisk, 110 bör, 1.4kW, 440 ltr./klst., 5 m slanga,
Click & Clean kerfi.
5254203



25%
afsláttur
af öllum
pottaplöntum

Orkidea
12 cm pottur.
11325000

1.990 kr
~~2.690~~ kr

25%
afsláttur

Stórar
pottaplöntur
19 cm potti, margar
tegundir.
11261298

3.590 kr
~~4.790~~ kr

26%
afsláttur

Ástareldur
10,5 cm pottur.
11328305

990 kr
~~1.449~~ kr

30%
afsláttur
af öllum
Friðarliljum

31%
afsláttur

Begonía
12 cm pottur.
11400027

1.799 kr
~~2.490~~ kr

27%
afsláttur



Lára Jónsdóttir
Lára verður í Blómavali í
Skútuvogi um helgina
kl. 13-17 og veitir ráðgjöf
um meðferð og umpottun
pottaplantna, vorlauka,
fræa og sáningu.

10
STK.

25%
afsláttur

Túlípanar,
10 stk.

1.490 kr
~~1.990~~ kr

OUTLET

ÚTSÖLUMARKAÐUR Í SKÚTUVOGI

OUTLET

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxi. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

TÖLUR VIKUNNAR 01.03.2020 TIL 07.03.2020




40%

atvinnulausa eru erlendir ríkisborgarar, eða um 3.800 manns.

59

eru sætin sem Netanyahu og bandamenn hans fengu í þingkosningum í Ísrael.



2

mánuðir er tíminn sem það gæti tekið kórónuveirufaraldurinn að ganga yfir.

44%

segja að kórónufaraldurinn hafi mikil áhrif á ferðalög sín til útlanda.



70 ára

er Sinfónihljómssveit Íslands og heilt hátíðartónleika á fimmtudag.



Þrjú í fréttum Daði, áhyggjur af Póllandi og Bjólfskviða

Daði Freyr Pétursson

tónlistarmaður

ásamt hljóm-sveitinni Gagnamagninu bar sigur úr þýtum í vali á framlagi Íslands í Eurovision. Samkvæmt erlendum veðbönkum í vikunni telst framlag Íslands nú það þriðja líklegasta til að vinna lokakeppnina í Hollandi í maí. Af yfirliti um veðbanka á síðunni eurovisionworld.com má sjá að lag Rúmena trónir á toppnum á undan Litháen og síðan Íslandi.



Silja Dögg Gunnarsdóttir

forseti Norður-landaráðs

heimsækir pólska þingið ásamt sendinefnd 9.-10. mars. Þjóðernis- og íhaldsflokkurinn Lög og réttur náði meirihluta í kosningum í október. Segir Silja að breytingar á dómskerfinu, afskipti affjölmildum og afstaða til hinsegin fólks séu meðal mála sem séu á skjön við hugsjónir flestra norrænna stjórnálmanna.



Svanur G. Þorkelsson

leiðsögumaður

las inn Bjólfskviðu á saxnesku á hljóðbók sem nú hefur verið gefin út af Audible hljóðbókaveitunni. Svanur segir íslensku og saxnesku eiga margt sameiginlegt þótt enginn viti nákvæmlega hvernig saxneskan hafi verið borin fram. Aðspurður um framhaldið segist Svanur spennur fyrir að lesa Íslendingasögurnar á ensku.



Veiran smitast nú innanlands

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna kórónaveirunnar sem farin er að smitast innanlands. Á borðinu er að grípa til samkomubanns. Hluta þeirra sem greinst hafa með COVID-19 frá Ischgl í Austurríki grunar að kona sem var á Ítalíu og flaug með þeim heim hafi smitað þau.

COVID-19 Fjögur tilfelli innanlandssmits af kórónaveirunni höfðu verið staðfest í gær er Fréttablaðið fór í prentun og alls voru þá 45 sýktir hér á landi.

Í ljósi þess að kórónaveiran er farin að smitast manna á milli hér innanlands var viðbúnaðarstig almannavarna hækkað í gær úr hættustigi í neyðarstig. Fram kom á upplýsingafundi almannavarna í gær að neyðarstig hafi engin áhrif á almenning en lúti að starfsemi mikilvægra stofnana og fyrirtækja.

Einnig var upplýst í gær að þau sem smitast hafa hér heima hafi öll beina tengingu við fólk sem var í skíðaferðalagi á Ítalíu og í Austurríki. Þau smituðu eru nú öll í einangrun en auk þeirra eru 326 manns í sóttkvi. Um 70 sýni voru rannsókuð í gær og frá upphafi hafa um 400 sýni verið rannsókuð.

Hópur Íslendinga sem kom frá skíðabænum Ischgl í Austurríki, og situr nú í einangrun á heimilum sínum vegna COVID-19, hefur grunsemdir um að smitið gæti hafa átt sér stað í flugvélinni á leið heim frá München. En í umræddri vél, sem lenti laugardaginn 29. febrúar, var íslensk kona sem kom úr skíðaferð í norðurhluta Ítalíu og sýndi ein-kenni veikinda. Hún hafi setið í 8. röð en þeir sem komu heim smitaðir



Frá Ischgl í Austurríki þar sem hópur Íslendinga sem nú er smitaður dvaldi til loka febrúar. MYND/GETTY



Smit í flugvélum eru mjög sjaldgæf.

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir



hafi setið í flugvélinni aftur í 21. röð. Enginn úr hópnum frá Ischgl hafi sýnt einkenni þegar komið var í flugvélina.

Hópurinn hefur ferðast saman í nærri 30 ár og er undrandi vegna stöðunnar. Haft hafi verið samband við bæði hótelin sem gist var á, Hotel Garni Martina og Hotel Nevada, sem og lögregluna og þau svör fengust að enginn væri smitaður þar.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir ólíklegt að fólk hafi smitast í flugvélinni sjálfri. „Þarna er fólk að ferðast saman í hópnum og

þetta kemur upp skömmu eftir að þau koma heim,“ segir hann. Jafnframt að samtal sé í gangi á milli yfirvalda hér og á bæði Ítalíu og í Austurríki. Mjög margir sem séu á ferðinni í Ölpunum séu smitaðir.

„Smit í flugvélum er mjög sjaldgæft og samkvæmt bæði rannsóknnum og tilmælum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og Sóttvarnstofnun Evrópu er smit-hætta í tveimur sætaröðum framan og aftan við viðkomandi,“ segir Þórólfur.

Mjög fá tilfelli, um 25 talsins, hafa verið tilkynnt í Austurríki. Þórólfur veltir því fyrir sér hvort litil leit sé í gangi og þá hugsanlega mikið af ógreindum tilfellum.

Um tuttugu úr íslenska skíða-hópnum frá Ischgl hafa greinst með COVID-19, sem er mjög stór hluti af heildartilfellum sem greinst hafa hér á landi.

Samkvæmt karlmanni, á eftirlaunaaldri, meðal smitaðra er enginn úr hópnum alvarlega veikur og

læknar eru í sambandi við sýkta á hverjum degi. Fólk haldi stillingu sinni en maðurinn segir ákaflega hvítleitt að vera lokaður inni í tvær vikur. Eiginkona hans geti ekki farið til vinnu og í hópnum sé staðan sú að aðskilja hafi þurft fjölskyldumeðlimi á meðan á einangrun stendur. Í hópnum séu nokkrir einstaklingar sem starfa í heilbrigðiskerfinu.

Reykjavíkurborg ákvað í gær að loka félagsmiðstöðvum og dagdvöl aldraðra, skammtímadvöl fyrir fatlaða og stoðþjónustu fyrir fatlaða fólk. Þá tilkynnti neyðarstjórn Hrafnistu um heimsóknarbann á Hrafnistuheimilum.

Fylgst verður með framvindu kórónaveirusýkingarinnar alla helgina á frettablaðið.is.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Nánar á frettabladid.is

HÖRKUTÓL SEM ENDIST

RAM 3500

NÝTT GLÆSILEGT ÚTLIT, NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BODI.

EIGUM TIL FLESTAR GERÐIR TIL AFGREIÐSLU STRAX

BJÓÐUM UPP Á 37" OG 40" BREYTINGAR

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.967.745 KR. ÁN VSK.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.

EINGÖNGU RAM FRÁ ÍSBAND ERU MEÐ EVRÓPUÁBYRGÐ FRÁ FRAMLEIÐANDA.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



ramisland.is

MEGA CAB



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Nýr Yaris

FÁÐU FORSMEKKINN



EINSTÖK SÝNING – AÐEINS Í KAUPÚNI!



UMHVERFISVERÐLAUN A TVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Forsýning í Kaupúni í dag kl. 12-16

Nýr Yaris gerir stutt stopp í Kaupúni á sýningarferð sinni um heiminn. Sjáðu glæsilegasta Yaris sem um getur – nýja kynslóð þessa óskoraða leiðtoga í sínum flokki. Fáðu forsmekkin að því sem koma skal á www.toyota.is/yaris



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070



Þungur vetur innan og utan þingsins

Stór og umdeild mál biða afgreiðslu á vorþingi. Veturinn hefur einkennst af óvæntum atvikum eins og óveðri, snjóflóðum og kórónaveirunni.

STJÓRN MÁL Rúmar elflu starfsvikur eru nú eftir af vorþingi en í lok mánaðar þurfa öll þingmál sem fá afgreiðslu að vera komin fram. Ljóst er að mörg stór mál biða afgreiðslu þingsins og miðað við yfirlýsingar stjórnarþingmanna í fjölmiðlum er ekki einhugur um þau öll milli stjórnarflokkanna.

Staða þingmála var á dagskrá ríkisstjórnarfundar í gær. „Málin hafa verið að tínast inn í þingið; nokkur voru lögð fram í síðustu viku og það er að komast hreyfing á þetta, sem er gott,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar, segir það vera að raungerast að það ríki ósamstaða milli stjórnarflokkanna um stór og mikilvæg mál.

„Það stefnir í mjög annasamar vikur eða áttakamiklar, nema hvort tveggja sé. Þá eru átökin ekkert endilega bara milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Við erum að gíra okkur upp í það að annað hvort verður mjög mikið að gera eða það verða einhver mál sem fara ekki í gegn eða verður frestað,“ segir Hanna Katrín.

Fjölmiðlafrumvarp óafgreitt

Meðal þungra mála sem þegar eru til meðferðar í þinginu eru annars vegar fjölmiðlafrumvarpið og frumvarp um nýtt lána- og styrkjafyrirkomulag fyrir námsmenn. Bæði málin eru frá mennta- og menningarmálaráðherra og eru þau til meðferðar í allsherjar- og menntamálanefnd.

Formaður nefndarinnar, Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur þegar lýst því viðhorfi sínu að frumvarp ráðherra um styrki til einkarekinna fjölmiðla verði ekki afgreitt nema samhliða verði tekin afstaða til stöðu RÚV á samkeppnismarkaði. Ljóst er að Páll mælir fyrir munn marga Sjálfstæðismanna en þingmenn í öðrum flokkum stjórnarreiðhlutans hafa lýst sig á algjörlega öndverðri skoðun; um aðskilin mál sé að ræða.

Þeim áhyggjum hefur verið lýst af frumvarpi ráðherra um menntasjóð, að ákvæði þess, meðal annars um vaxtaþak og val milli fastra og breytilegra vaxta, geti haft neikvæð áhrif á það markmið frumvarpsins



Ráðherrar skoða aðstæður á Dalvík í kjölfar óveðursins sem gekk yfir landið í desember. FRÉTTABLAÐID/AUÐUNN

Mikill tími fer í viðbrögð við erfiðum aðstæðum

„Það hefur óvenjumikill tími á þessum þingvetri farið í að bregðast við óvæntum atvikum sem hafa komið upp,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Auk COVID-19 nefnir Katrín bæði mikinn veðurham, óveðrið fyrir norðan í byrjun árs og snjóflóðin fyrir vestan. „Átaks-hópurinn sem settur var á fót skilaði svo frábærum tillögum og tók bæði á beinum viðbrögðum vegna veðursins en líka ýmsu sem lýtur að til dæmis afhendingaröryggi raforku, fjarskiptum, ofanflóðavörnum og öðru sem tengist snjóflóðunum,“ segir Katrín.

Meðal atburða sem ríkisstjórnin hefur þurft að takast á við á þessum þingvetri er fallettinn sem Ísland fékk hjá FATF-samtökunum vegna ónógra aðgerða til að hindra misnotkun fjármála-kerfa til peningabættis. Aðspurð segir Katrín það mál auðvitað annars eðlis en óveður, náttúru-

að námsaðstoðarkerfið geti verið sjálfbært.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líklegt að reynt verði að afgreiða frumvarp um menntasjóð á undan fjölmiðlamálinu. Málin eru á sviðum stað í málsmæðferð nefndarinnar að því leyti að gestakomum er að mestu lokið og því stýtt í að þau verði tekin til almennrar umræðu. Fyrir liggur



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

hamfarir og Covid-19 faraldurinn. „Sú staða krafðist hins vegar mjög skjótra viðbragða og aðgerða sem standa enn yfir, eins og lögin sem sett voru um raunverulega eigendur. Það hefur verið tímafrekt en er líka mjög jákvætt og aðgerðir sem hefði átt að vera búð að ráðast í miklu fyrir.

Staðan í efnahagslífinu hefur líka þarfnast athygli ríkisstjórnarinnar. „Við höfum líka verið að undirbúa sérstakar aðgerðir vegna fyrirsjáanlegs slaka í efnahagslífinu og nú er ljóst að við þurfum að taka mið af nýrri breytu í þeirri vinnu, sem eru efnahagsleg áhrif COVID-19,“ segir Katrín.

að bæði málin muni þurfa að taka einhverjum breytingum til að sátt náist um að afgreiða þau úr nefnd og til annarrar umræðu í þingsal.

Búist við miklu álagi í nefndinni

Að öðru leyti má búast við því að álagið verði einna mest á umhverfis- og samgöngunefnd. Nefndin á eftir að ljúka afgreiðslu samgönguáætlunar og biður enn eftir frum-

Atburðir

- **18. október 2019** Ísland sett á gráan lista FATF-samtakanna
- **10. desember 2019** Hættustigi lýst yfir vegna óveðurs norðan- og vestanlands. Eigna- og manntjón varð vegna aftakaveðurs
- **15. janúar 2020** Snjóflóð féllu á Flateyri og í Súgandafjörð og flóðbylgja gekk yfir Suðureyri. Miklar skemmdir urðu á eignum og atvinnutækjum
- **26. janúar 2020** Óvissustigi almannavarna lýst yfir vegna landriss á Reykjanesi
- **5. febrúar 2020** Seðlabankinn lækkaði hagvaxtarspá frá síðasta ársfjórðungi úr 1,6 prósent í 0,8 prósent
- **14. febrúar 2020** Óvissustigi almannavarna lýst yfir vegna óveðurs víða um land – skólahaldi aflýst og önnur starfsemi víða í lágmarki
- **27. febrúar 2020** Óvissustigi lýst yfir vegna COVID-19

ig að hægt verði að sjá úr hverju er að spila.

Þess utan er beðið eftir frumvörpum umhverfis- og auðlindaráðherra um hálendisþjóðgarð og Þjóðgarðastofnun, auk rammaáætlunar. Samkvæmt þingmálaskrá áttu þau öll að koma inn í þingið í lok febrúar.

„Það gæti orðið töluvert um að vera í nefndinni þegar þessi mál öll eru komin fram. Það er allavega óhætt að segja að það sé ekki rúmt á því í tíma að ætla sér að klára öll þessi mál,“ segir Bergþór.

Hann segist nú búa sig undir langar setur með sínum góðu kollégum í nefndinni á næstu vikum. „Það er búð að vera þétt að gera en er rölegt í augnablikinu en svo reikna ég með miklu álagi í nefndinni í apríl og maí.“

Hanna Katrín bendir á að þótt mál umhverfisráðherra séu enn ekki komin inn í þingið hafi þingmenn stjórnarflokkanna sannarlega haft miklar og mismunandi skoðanir á þeim í fjölmiðlum.

„Svo eru mál sem búð er að mæla fyrir eins og fjölmiðlafrumvarpið. Það er mál sem er komið til nefndar og virðist vera fast þar, en fulltrúar stjórnarflokkanna eru heldur ekkert ófeimnir við að tjá sig um það og þá á mjög mismunandi vegu. Menntasjóður námsmanna virðist líka hiksta einhvers staðar í kerfinu,“ segir Hanna Katrín.

Þá komi ekki á óvart að fyrri umræðu um fjármálaáætlun hafi nú verið frestað um viku en hún átti að fara fram 24. og 25. mars.

„Það á greinilega að nýta allt svigrúmið og það kemur ekkert á óvart í ljósi stöðunnar. Það er komið vel fram í seinni hálfleik á kjörtímabilinu og mál sem ríkisstjórnin hefur verið að ýta á undan sér eru núna að komast á tíma. Allt eru þetta mál sem eru af mikilvæg fyrir samfélagið til að þau séu sett í einhvern saltþækil vegna þess að stjórnarflokkarnir geta ekki komið sér saman,“ segir Hanna Katrín.

Litlar breytingar á fylgi flokka

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin mælast enn stærstu flokkarnir í nýrri könnun sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið.

Litlar breytingar eru á fylgi flokkanna frá síðustu könnun, sem gerð var um miðjan janúar.

Niðurstöður könnunarinnar má sjá á frettablaðið.is.

adalheidur@frettabladid.is
sighvatur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐID

Meira á frettabladid.is

MARCH 12-22 2020

STOCKFISH FILM FESTIVAL IN REYKJAVÍK

KOMIÐ OG NJÓTIÐ ÞESS BESTA ÚR EVRÓPSKRI KVIKMYNDAGERÐ!

Góða skemmtun!

facebook.com/Evropusambandid

BÍÓ PARADÍS

Hverfisgötu 54 – 101 Reykjavík



Sendinefnd ESB á Íslandi



Danskir dagar



Danskt nautaribeye

frystivara

2.490 kr/kg

verð áður 2.999



399 kr/stk

Tulip beikon lifrakæfa og grófhökkuð lifrakæfa

Nyhed

på danske dage

verð frá **379** kr/stk



Sönderjyske brauðsalöt
Laksesalat, kylling & bacon salat, skagensalat & krabbesalat



1.399 kr/pk

Tulip Spareribs og pulled pork



verð frá **349** kr/pk

Tulip álegg
Danmarks eldste brand



699 kr/stk

Anthon Berg Sweet Moments
Fyrir gæðastundir



259 kr/stk

Guld barre 80 g
Skildpadde, pariserlinser, mint, mælk & karameller

Nyhed

på danske dage



279 kr/pk

Ekta dansk smákökur frá Nordby

Nyhed

på danske dage



319 kr/pk

Toms Pingvin lakrids
Blandaður lakkrís

HAGKAUP *Mere dansk hver dag*

Opna fyrir Youtube Kids á Íslandi

Smáforritið Youtube Kids verður brátt í boði á Íslandi, en það er ætlað þriggja til tólf ára börnum. Samskiptastjóri Google í Danmörku segir að foreldrar muni geta stýrt áhorfinu betur og komið í veg fyrir ofnotkun og það að börnin þeirra sjái truflandi efni.

TÆKNI Sérstakt Youtube smáforrit fyrir börn, Youtube Kids, verður opnað fyrir Íslandsmarkað á þriðjudaginn, 10. mars. Forritið er ætlað börnum á aldrinum þriggja til tólf ára, er ritstýrt af Youtube og ýmsir möguleikar hins hefðbundna forrits óvirkir, svo sem athugasemda-kerfið. Einnig er hægt að tímastilla notkunina.

Jesper Vangkilde, samskiptastjóri hjá Google í Danmörku sem einnig sér um Íslandsmarkað, segir að Danir hafi opnað fyrir forritið á síðasta ári og nú verði þjónustan færð út til Íslands. Forritið var upprunalega tekið í notkun árið 2015 en mikil eftirspurn hefur verið eftir slíkri þjónustu, þar sem ofnotkun barna er þekkt vandamál og aðgengi að óæskilegu efni til staðar. Samkvæmt Jesper er hið hefðbundna Youtube aðeins ætlað 13 ára og eldri.

„Það sem mestu máli skiptir er að rásirnar eru rýndar og prófaðar. Þetta er aðeins lítill hluti af heildinni, en er áreiðanlegur fyrir börn og foreldrar geta treyst því að efnið sé öruggt,“ segir Jesper. Þetta getur verið efni af ýmsum toga, tónlistarmyndbönd, teiknimyndir, kennsluefni, vögguvísur eða dýralífsmyndbönd, sem dæmi. Sumar síður á hefðbundna Youtube hafa verið gagnrýndar fyrir að sýna óæskilegt eða jafnvel truflandi efni,



Opnað var fyrir aðgang að forritinu í Danmörku í fyrra og nú verður þjónustan einnig í boði hér á landi. MYND/GETTY

þar sem reynt er að höfða til barna. Má nefna rásina Toy Freaks, sem Youtube lokaði á endanum.

Allur aðgangur Youtube Kids er stílaður inn á börn og auðvelt fyrir

þau að leita innan þess ramma sem foreldrar setja. Auglýsingar eru virkar en með skorðum, til dæmis ekki gosdrykkjaauglýsingar.

Einnig skiptir máli að sumir hlutir

eru ekki virkir í forritinu, eins og athugasemdakerfið. Í því kerfi getur hver sem er skrifað athugasemd og stundum eru þær ansi orðljótar. „Börn sem skoða athugasemdakerf-

Börn sem skoða athugasemdakerfið á hefðbundnu Youtube rásinni sjá þessar athugasemdir sem er slæmt.

Jesper Vangkilde, samskiptastjóri Google í Danmörku og á Íslandi



id á hefðbundnu Youtube rásinni sjá þessar athugasemdir, sem er slæmt og þeim líður oft illa yfir þessu,“ segir Jesper. Ekki er hægt að hlaða upp myndböndum í Youtube Kids.

Í Youtube Kids geta foreldrar sjálfir stillt ýmis atriði. Jesper nefnir sérstaklega í þessu samhengi áhorfstíma. „Of mikið áhorf á Youtube er algengt vandamál á meðal barna. Foreldrar geta stillt áhorfstímann á hálf tíma, til dæmis. Að þeim tíma liðnum slekkur forritið á spiluninni,“ segir Jesper. „Foreldrar geta einnig handvalið efni fyrir börnin. Svo sem íslensk myndbönd eins og Skoppu og Skritlu en einnig erlendar rásir.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

Aðalfundur Sýnar hf.

Aðalfundur Sýnar hf. verður haldinn föstudaginn 20. mars 2020 kl. 10:00, í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2019.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, sem fela í sér:
 - a) Að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.
 - b) Að breyta ákvæðum sem vísa til einkaréttar Verðbréfaskráningar Íslands til rafrænnar skráningar verðbréfa félagsins.
 - c) Að 1/20 hluthafa geti krafist hluthafafundar.
5. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
10. Kosning endurskoðanda félagsins.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins syn.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, virka daga milli kl. 09:00 – 16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á eyðublaði sem unnt er að nálgast á vef félagsins.

Dagskrá og tillögur stjórnar hafa verið birtar í Kauphöll og er unnt að nálgast á vef félagsins.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 10 þriðjudaginn 10. mars 2020. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt

er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á veffangið tilnefningarnefnd@syn.is. Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárlíði á aðalfundinum sjálfum.

Kveðið er á um stjórnarkjör í samþykktum félagsins. Athygli er vakin á ákvæðum samþykktu um hlutfall kynja í stjórn félagsins.

Sérstök tilnefningarnefnd hefur verið að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina, en frestur til þess er nú útrunninn. Skýrsla tilnefningarnefndar var send Kauphöll með fyrra fundarboði. Með fyrirvara um að stjórn staðfesti lögmæti hlutaðeigandi framboða leggur tilnefningarnefnd til að þau Hjörleifur Pálsson, Hilmar Þór Kristinsson, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, Sigríður Vala Halldórsdóttir og Tanya Zharov verði kjörin til setu í aðalstjórn Sýnar hf. og Óli Rúnar Jónsson og Þyri Dröfn Konráðsdóttir verði kjörin til setu í varastjórn.

Tilnefningarnefnd mun leggja til að Kristinn Hallgrímsson hrl. verði fundarstjóri aðalfundarinnar.

Eftir sem áður er unnt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 10 sunnudaginn 15. mars 2020. Framboð skulu berast á netfangið: tilnefningarnefnd@syn.is

Endanlegar upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 10 sunnudaginn 15. mars 2020 og ber að skila framboðum á netfangið: tilnefningarnefnd@syn.is

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 9:30 á aðalfundardegi.

Stjórn Sýnar hf.

sýn 

**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Fáðu innblástur

**FEGRADU
HEIMILIÐ**

SPARIÐ

20-40%

AF ÖLLUM ELDHÚS- OG BORDSTOFU-
STÓLUM OG BORDUM*

*GILDIR ÚT 08. MARS

SPARIÐ

20-40%

AF ÖLLUM SÆNGUM*

*GILDIR ÚT 08. MARS

SPARIÐ

30%

AF ÖLLUM
HEILSUKODDUM*

*GILDIR ÚT 10. MARS

SPARIÐ

25%

AF ÖLLUM
SÆNGURVERASETTUM*

*GILDIR ÚT 08. MARS

SPARIÐ

40%

AF AMUNGEN
MYRKVUNAR-
GARDÍNUM*

*GILDIR ÚT 10. MARS

**LUXURY SLEEP
RÚM***

TILVALIN
FERMINGARGJÖF



Sparið
allt að
60.000

NÚ VERÐ FRÁ:

69.950

*GILDIR ÚT 10. MARS

SPARIÐ

25%

AF SAVALEN
OG SETTEN

MYRKVUNARRÚLLUGARDÍNUM*

*GILDIR ÚT 10. MARS

SETTEN

Innritun í framhaldsskóla á haustönn 2020

Forinnritun nemenda í 10. bekk mun standa yfir dagana 9. mars til 13. apríl.

Forinnritun nemenda í 10. bekk (fæddir 2004 eða síðar) hefst mánudaginn 9. mars og lýkur mánudaginn 13. apríl. Nemendur fá bréf frá Menntamálastofnun með **veflykli að innritunarvef** og leiðbeiningum sem afhent verður í grunnskólunum. Foreldrar/forráðamenn nemenda fá bréf í pósti frá Menntamálastofnun með upplýsingum um innritunina. Nemendur í 10. bekk eru eindregið hvattir til að taka þátt í forinnrituninni.

Innritun annarra en 10. bekkinga mun standa yfir 6. apríl til 31. maí. Innritun eldri nemenda (fæddir 2003 eða fyrr), sem eru ekki í framhaldsskóla sem stendur eða ætla að skipta um skóla, hefst mánudaginn 6. apríl og lýkur sunnudaginn 31. maí. Umsækjendur 17 ára og eldri nota auðkenni frá island.is eða rafræn skilríki á greiðslukorti. Ef sótt er um Íslykil á netinu er hægt að velja um að fá hann sendan á lögheimili, sem tekur 2-5 virka daga eða í netbanka, sem skilar sér samdægurs (undir „rafræn skjöl“). Rafræn persónuskilríki er hægt að sækja um hjá viðskiptabanka.

Lokainnritun nemenda í 10. bekk verður 6. maí til 10. júní. Nemendur í 10. bekk hafa frest til sækja um nám í framhaldsskóla eða breyta umsóknum úr forinnritun til miðnættis miðvikudagsins 10. júní.

Einkunnir þeirra verða sendar rafrænt frá grunnskólum til framhaldsskóla eftir skólaslit.

Fjar- og dreifnám og nám í kvöldskóla.

Innritun í fjar- og dreifnám og í kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa.

Nánari upplýsingar má fá í síma 514 7500 eða með því að senda póst á innritun@mms.is

Ekki hefur dregið úr ofbeldi gegn konum

Ný skýrsla UN Women leiðir í ljós að réttindi og staða kvenna hafi staðið í stað í 25 ár. Ekki hafi dregið úr ofbeldi gegn konum og milljónir stúlkna gangi ekki í skóla. Framkvæmdastýra segir niðurstöðurnar ekki koma á óvart.

JAFNRÉTTISMÁL Ekki hefur dregið úr ofbeldi gegn konum og stúlkum á síðastliðnum 25 árum, samkvæmt nýrri skýrslu UN Women um stöðu réttinda kvenna. Skýrslan var unnin eftir úttekt á áætlun Peking-sáttmálans, sem samþykktur var á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1995, og er gefin út í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars.

Skýrslan gefur til kynna að markmiðum sáttmálans hafi ekki verið náð. „Við höfum vitað það lengi að ef ekki verður gripið til harðari aðgerða mun jafnrétti ekki nást fyrr en um miðja næstu öld. Við höfum ekki tíma til að biða svo lengi,“ segir Stella Samúelsdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

„Úttektin rennir stöðum undir það sem við höfum fundið sterkt, að framfarir á réttindum kvenna hafa verið alltof hægar og einnig stöndum við frammi fyrir því að þau réttindi sem hart hefur verið barist fyrir, eru í bráðri hættu,“ bætir Stella við.

Niðurstöðurnar sýna að 25 árum frá undirritun sáttmálans, eru 32 milljónir stúlkna ekki í skóla og að enn hafa konur minni völd en



Ekkert hefur miðað í réttindum kvenna í 25 ár. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

karlar. Þá eru friðarviðræður nær eingöngu leiddar af körlum, 75 prósent þingmanna á heimsvísu eru karlmenn og nær sama má segja um þá sem sinna stjórnunarstöðum.

„Fyrst og fremst þarf að breyta rótgrónum viðhorfum sem stýrast af kvenfyrirlitningu og viðhalda ríkjandi karllægum valdastrúktúr í samfélögum heimsins,“ segir Stella. UN Women hefur biðlað til stjórnvalda og einkageirans að endurvelja áætlun sáttmálans og finna lausnir í þágu kvenna og stúlkna.

„Stjórnvöld allra ríkja þurfa að setja aukna fjármuni í málaflokkinn, breyta lögum sem mismuna konum og stúlkum og tryggja þeim jöfn réttindi á öllum sviðum,“ segir Stella. „Við sem einstaklingar getum öll og verðum að breyta viðhorfum og hugarfari okkar, en skýrslan staðfestir að kynbundnir fordómar í garð kvenna eru enn ríkjandi í heiminum. Þetta verður hvert og eitt okkar að taka til greina og taka samtal við sjálf okkur,“ segir Stella. birnadrofn@frettabladid.is

Sæktu um námsstyrk

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2020-2021.

Umsóknarfrestur er til og með **30. mars**. Sæktu um á landsbankinn.is/namsstyrkir.



Systkinin Ali, Kayan, Saja og Jadin flúðu til Íslands og biða nú brottvísun.

Fylla flugvél af flóttafólki og senda til Grikklands

SAMFÉLAG „Á meðan það berast ekki svör þá göngum við út frá því að þarna eigi að fylla flugvél af börnum á flótta og senda til Grikklands,“ segir Sema Erla Serdar, stofnandi hjálpsamtakanna Solaris sem berjast fyrir hælisleitendur og flóttafólk.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur til að senda í það minnsta fimm fjölskyldur sem leitað hafa hælís á Íslandi til Grikklands í næstu viku í flugvél sem leigð hefur verið til verksins. Í hópnum eru þónokkur börn.

„Reynsla okkar sem höfum unnið í þessum málaflokki er sú að þegar það eru teknar vélar á leigu til þess að fljúga með fólk úr landi þá er reynt að koma eins mörgum fyrir í þeirri vél og hægt er og þar af leiðandi kviknar sú spurning hjá mér hvort að það standi þá til að hreinlega hópa barnafjölskyldum upp í flugvél beinustu leið til helvítis,“ segir Sema.

Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum bæði frá Ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnun um fjölda þeirra einstaklinga sem eiga yfir höfði sér brottvísun frá Íslandi til Grikklands ásamt upplýsingum um fjölda barna í þeim hópi.

Svör höfðu ekki borist þegar blaðið fór í prentun. Þá leitaði Fréttablaðið einnig eftir upplýsingum um afstöðu dómsmálaráðherra til málsins en svar hafði ekki borist þegar blaðið fór í prentun.

» Fréttablaðið leitaði skýringa hjá Ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnun en engin svör bárust.

blaðið einnig eftir upplýsingum um afstöðu dómsmálaráðherra til málsins en svar hafði ekki borist þegar blaðið fór í prentun.

Um 70 milljónir manna eru á flótta í heiminum í dag og rúmur helmingur þeirra eru börn. Sema segir neyðarástand ríkja í Grikklandi og að það hafi versnað mikið eftir að Tyrkir opnuðu landamæri sín í lok febrúar.

„Við erum að sjá það að ungabörn eru að drukkna við strendur Grikklands og nýnasistar sem hreinlega hafa tekið yfir eru að taka á móti flóttafólki með líkamlegu og andlegu ofbeldi. Grísk yfirvöld ráða ekkert við þessa stöðu,“ segir Sema.

„Rauði krossinn hefur ítrekað bent dómsmálaráðherra, Útlendingastofnun og önnur yfirvöld hér á Íslandi á það að aðstæðurnar í Grikklandi séu óbodelgar fyrir börn á flótta. Þetta er ekki eitthvað sem við þurfum að gera, lögin eru skýr en það skortir hins vegar algjöran vilja til þess að sýna mannúð og samkennd fyrir börn á flótta,“ segir Sema Erla Serdar. – bjd

Fjór hjóladrifnir fyrir allar fjölskyldustærðir



SÚPER
VERÐ



Fáðu meira út úr jeppa frá Volkswagen á súperverði!

Volkswagen er með breiddina í jeppum og jepplingum sem fást allir fjór hjóladrifnir og eins og skapaðir fyrir Ísland. Þeir eru vel útbúnir með frábæra aksturseginnleika og svo er verðið alveg súper. Komdu og mátaðu einn fyrir vorið. Hlökkum til að sjá þig! Fylgstu með í sýningarsal nýrra bíla, www.hekla.is/superverd, þar sem súperverð dettur reglulega inn.

Veldu þinn uppáhalds á www.hekla.is/volkswagensalur



Touareg Offroad+

Leðuráklæði, loftpúðafjörðun, dráttarbeisli.

DÆMI UM SÚPERVERÐ!

9.850.000 kr.
Afsláttur: 940.000 kr.



Tiguan Allspace Comfortline

Dráttarbeisli, lykllaust aðgengi, fjarlægðartengdur hraðastillir.

DÆMI UM SÚPERVERÐ!

6.190.000 kr.
Afsláttur: 1.270.000 kr.



Tiguan Comfortline Offroad

Dráttarbeisli, lykllaust aðgengi, fjarlægðartengdur hraðastillir.

DÆMI UM SÚPERVERÐ!

6.590.000 kr.
Afsláttur: 1.250.000 kr.



T-Roc Style 4Motion

Fjarlægðartengdur hraðastillir, bakkmyndavél.

DÆMI UM SÚPERVERÐ!

4.290.000 kr.
Afsláttur: 700.000 kr.



Sögulegur samningur Bandaríkjanna og talibana undirritaður um síðustu helgi, í Doha höfuðborg Katar, um brottför bandarískra herja frá Afganistan næstu fjórtán mánuðina. NORDICPHOTOS/AFP

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is



Samið við talibana um brottför frá Afganistan

Það var söguleg stund síðustu helgi á Sheraton hótelinu í Doha borg í Katar. Zalmay Khalilzad, samningamaður Bandaríkjanna, og mullah Abdul Ghani Baradar, fulltrúi talibana, undirrituðu samkomulag um brottför herja Bandaríkjanna frá Afganistan. Sumir talibanarnir í salnum hrópuðu sigri hrósandi „Allahu akbar“ eða „Guð er almáttugur“.

Eftir meira en eins árs viðræður Bandaríkjanna og talibana var loks undirritaður samningur sem ætlað er að marka endalok á lengsta stríði Bandaríkjanna. Markmiðið er að koma á friði í Afganistan, eftir meira en átján ára samfelld stríðsátök.

Það kann að hljóma undarlega að Bandaríkin hafi gert samkomulag við talibana, sem meðal annars samanstanda af Haqqani-samtökunum, sem eru ein herskáasta andspyrnufylking Afganistans og talin til hryðjuverkasamtaka af alþjóðasamfélaginu.

Engin aðild afganskra yfirvalda

Ein margra hindrana sem eftir eru er sú staðreynd að afganska ríkisstjórnin á enga aðild að friðarsamkomulaginu. Vonir standa til þess að samkomulagið leiði til viðræðna talibana við stjórnvöld í Afganistan um framtíð landsins. Þannig mætti kalla þetta undanfara friðarviðræðna í Afganistan, þar sem stjórnvöld hafa verið fjarri þessum viðræðum hingað til.

Á sama tíma, fundaði Mark T. Esper varnarmálaráðgjafi í Kabúl, tæpa tvö þúsund kílómetra frá Doha, með áhyggjufullum afgönskum forystu- og embættismönnum. Bitur sundrung ríkisstjórnarinnar í Kabúl bætir vart úr skák. Esper og Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, sendu síðan út yfirlýsingu um að staðið yrði við skuldbindingar um stuðning við afganska herinn. Esper

Ríkisstjórn Afganistan er ekki aðili að friðarsamningi sem Bandaríkin og talibanar undirrituðu í Doha í Katar um síðustu helgi. Er friður loks að komast á eftir átján ára stríð, eða er þetta einfaldlega útleið fyrir Bandaríkin?

Herkostnaður Bandaríkjanna í Afganistan er gríðarlegur

Átján ára stríð í Afganistan hefur leitt af sér gríðarlegar hörmungar fyrir óbreytta borgara sem og hermenn. Á annað hundrað þúsund eru fallnir og margir eiga um sárt að binda. Kynslóðir sem bera merki átaka til langs tíma alast upp.

En stríðið hefur líka kostað sitt í krónum talið. Rannsóknasetur um stríðskostnað, við Brown-háskóla á Rhode Island í Bandaríkjunum, áætlaði í september árið 2019 að stríðið í Afganistan hefði kostað Bandaríkin tvö þúsund milljarða Bandaríkjadali. Það eru 255 þúsund milljarðar íslenskra króna. (já: 255.306.000.000.000). Þetta er kostnaður sem almenningur getur vart gert sér í hugarlund.

Til að setja þetta í íslenskt samhengi er rekstur íslenska ríkisins á þessu ári áætlaður 920 milljarðar. Þeir fjármunir sem Bandaríkin hafa verið til stríðsrekstrar í Afganistan myndu duga til að reka íslenska ríkið næstu 278 árin.

Hvað fékkst fyrir 255 þúsund milljarða króna?

En hvað fékkst fyrir þessa gríðarlegu fjármuni í Afganistan? Dagblaðið New York Times birti 9. desember 2019 sundurliðun áætlaðs stríðskostnaðar á eftirfarandi hátt:

Alls hafa 191 þúsund milljarðar íslenskra króna farið í beinan stríðsrekstur Bandaríkjanna. Af-raksturinn verður að teljast rýr, því ríkisstjórn Afganistans hefur einungis full yfirráð yfir þriðjung landsins. Talibanar stjórna um fimm tungum landsins. Hart er tekist á um 48 prósent landsvæðis Afganistans.

Prátt fyrir að 1.277 milljarðar króna hafi farið í baráttu gegn eiturfjafframleiðslu, framleiðir Afganistan enn um 80 prósent af heróíni heimsins.

11.106 milljörðum hefur verið varið til þjálfunar her- og lögreglulíðs Afganistans, sem enn virðist ósjálfbært og getur varla staðið eitt og sér.

Um 3.064 milljarðar hafa farið í efnahagsað-



stoð. Enn lifa þó flestir Afganar í fátækt. Um 3.830 milljarðar hafa farið í aðrar uppbyggingaáætlanir. Mikið af því fé er talið tapað vegna spillingar og mislukkaðra verkefna.

63,827 milljarðar í vexti stríðslána

Það kann að koma á óvart, en Bandaríkin hafa kostað stríðið að miklu leyti með lánsfé. Til ársins 2023 er áætlað að 63,827 milljarðar króna fari í vaxtagreiðslur. Það mun taka árafjöldi að borga upp lánin.

Ótalið – og fyrir utan ofangreinda 255 þúsund milljarða íslenskra króna – hefur verið áætlað að til ársins 2059 muni samtals fara 178 þúsund milljarðar íslenskra króna til fyrrverandi hermanna sem tóku þátt í stríðinu. Það er læknis- og örorkukostnaður næstu fjóra áratugi.

» Til að setja kostnað við stríðsreksturinn í íslenskt samhengi þá myndu fjármunirnir sem Bandaríkin hafa varið í Afganistan duga til að reka íslenska ríkið næstu 278 árin.

sagði að færu talibanar gegn samningnum, myndu Bandaríkin ekki hika við að ógilda hann.

Ótti margra Afgana við hreyfingu talibana er skiljanlegur. Þeir hafa herjað á landið lengi. Þegar talibanar réðu stórum hluta landsins, á árunum 1996 til 2001, stjórnuðu þeir með strangri túlkun íslamskra laga og opinberum aftökum og harkalegum líkamlegum refsingum við jafnvel minnstu brotum. Ýmis mannréttindi íbúanna voru skert, konum var meinað að vinna og stúlkum að stunda nám. Vestræn áhrif og tækjabúnaður var bannaður.

Átök í átján ár

Bandaríkjaher hefur verið í landinu í átján ár. Ásamt með fjölbjóðlegu herliði, kom hann talibönnum frá völdum í kjölfar hryðjuverkaárásanna í New York í september 2001. Hið nýja samkomulag kveður á um tímaáætlun um endanlega brottför bandarískra hermanna frá Afganistan, þessu fátæka Mið-Asíuríki, tákni endalausra átaka og hryðjuverkastarfsemi.

Með sáttmála Bandaríkjanna og talibana lofa Bandaríkin og bandamenn þeirra í NATO að draga allan erlendan her út úr landinu innan fjórtán mánaða, ef talibanar hefja friðarviðræður við afgönsk stjórnvöld. Gert er ráð fyrir að 5.000 hermenn yfirgefi landið innan 135 daga.

Eftir sitja þá 8.600 sérsveitarmenn, leyniþjónustu- og öryggisstarfsmenn. Bandaríska varnarmálaráðuneytið og Leyniþjónusta Bandaríkjanna, segja það nauðsynlegan lágmarksfjölda til að verja höfuðborgina Kabúl fyrir árásum.



Afskorin blómabúnt

ALPABYRNIR
BRÚÐARSLÖR
1.400kr

MARÍUSÓLEY
VERONIKA
1.400kr

EUCALYPTUS
NELLIKUR
1.900kr

RÓSIR
RUSCUS
1.900kr

Vorblómamarkaður Garðheima

— ★ ★ ★ —

HELGINA 6. TIL 8. MARS


BLÓMAMARKAÐSSTEMNING Á EVRÓPSKA VÍSU.
FULL BÚÐ AF FALLEGUM BLÓMUM Á FRÁBÆRU VERÐI

— ★ ★ ★ —



Ertu í brúðkaupshugleiðingum?

VIÐ FRUMSÝNUM BRÚÐARVENDI GARÐHEIMA 2020
OG SÝNUM HUGMYNDIR AF SKREYTINGUM FYRIR STÓRA DAGINN



Blómstrandi pottaplöntur

PÁLSJURT 690kr
ÁSTARELDUR 990kr

FRÚARLYKLAR 990kr
HORTENSÍA 2.990kr

Úrval af
fallegum
vorlaukum



ALÞJÓBLEGI
KONUDAGURINN
ER 8.MARS



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Kringlan

Allskonar nýjasta nýtt

KRINGLUKAST

5.-9. MARS

20-50%

AFSLÁTTUR


Fimmtudag til mánudags

ÖLL TILBOÐIN
ERU Í APPINU OG Á
KRINGLAN.IS



Kringlukastsblaðið er komið á vefinn
– skannaðu kóðann til að sjá tilboðin

OPIÐ: LAUGARDAG 10-18 | SUNNUDAG 13-18





KONTOR BEYJAVIK

Framhald af síðu 12 ►

Brottför þeirra Bandaríkjamanna sem eftir sitja, á næstu fjórtán mánuðunum er síðan háð því að talibánar standi við sinn hlut og taki þátt í friðarviðræðum við afgönsku ríkisstjórnina, sem Bandaríkin ætla að hafa milligöngu um.

Al-Kaída verði úthýst

Eitt meginskilyrðið fyrir brottför bandarísks herliðs frá Afganistan, er að talibánar sem stjórna umtalsverðu svæði landsins, heimili ekki alþjóðlegum hryðjuverkahópum á borð við al-Kaída að starfa á yfirráðasvæðum sínum. „Þeir munu drepa hryðjuverkamenn. Þeir munu drepa sumt mjög slæmt fólk. Þeir munu halda þeirri baráttu áfram,“ sagði Trump forseti í Washington vígreifur, nokkrum klukkustundum eftir undirritun samningsins í Doha. „Ef slæmir hlutir gerast munum við snúa aftur,“ sagði forsetinn. Trump hyggst á næstunni hitta persónulega leiðtoga talibána.

Eitt skilyrðið sem Bandaríkin sömdu um við talibána er að fimm þúsund talibánar verði leystir úr fangelsum, í stað eitt þúsund stjórnarhermanna sem eru í haldi talibána. Engar viðræður stríðandi fylkinga munu hefjast fyrir. Þessu hafa afgönsk stjórnvöld þegar hafnað.

Bandaríkjamenn eru orðnir þreyttir á stríðsþátttöku í Afganistan. Stjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta hefur lengi viljað yfirgefa landið, enda hefur stríðið ekki skilað sigri, þrátt fyrir gríðarlegan kostnað og mikið mannfall.

Á hápunkti stríðsins voru meira en 100.000 amerískir hermenn í Afganistan, sem og tugþúsundir í fjölbjóðaliði 40 bandalagsþjóða,



Forseti Bandaríkjanna, Donald Trump, heimsótti Bagram flugherstöðina í Afganistan á þakargjörðarhátíð 28. nóvember 2019. MYND/AFP

160

þúsund liggja í valnum eftir stríðið í Afganistan sem staðið hefur frá árinu 2001.

» Bandaríkjaforseti hefur lengi viljað yfirgefa landið, enda hefur stríðið ekki skilað sigri, þrátt fyrir gríðarlegan kostnað og mikið mannfall.



Afgönskar öryggissveitir þjálfaðar í Kabúl. Frá árinu 2001 hafa 64.000 meðlimir þeirra verið drepnir og tugir þúsunda særðir. MYND/AFP



Vígumenn talibána í Laghman-héraði, sem er norðaustur af Kabúl, fögnuðu í vikunni innilega hinum sögulegu samningum við Bandaríkin. MYND/AFP



Málþing kjarahóps ÖBÍ

11. mars á Grand kl. 13 - 17

VIÐ LIFUM EKKI Á LOFTINU

Dagskrá

- Flokkast viðunandi framfærsla undir mannréttindi? Unnur Hrefna Jóhannsdóttir, öryrki, kennari og blaðamaður.
- Þrír af hverjum fjórum telja brýnt að bæta kjör öryrkja skv. Gallup. Dóra Ingvadóttir, formaður Gígtarfélags Íslands.
- Hafa öryrkjar setið eftir? Kolbeinn Stefánsson, félagsfræðingur.
- Að vakna í nýjum veruleika. Unnar Erlingsson, grafískur hönnuður.
- Kjör þingmanna og öryrkja: Tími komin á breytingar. Atli Þór Þorvaldsson, viðskiptafræðingur og öryrki.
- Ég kys að lifa, ekki bara lifa af. Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, öryrki og valkyrja.
- Gjáin á milli örorku og vinnu. Drífa Snædal forseti ASÍ og Þuríður Harpa Sigurðardóttir formaður ÖBÍ.
- Pallborð.
- Lokaorð. Bergþór H. Þórðarson formaður kjarahóps ÖBÍ.

Fundarstjóri: Elva Dögg Hafberg Gunnarsdóttir, uppistandari og öryrki



Heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi

Staðsetning: Grand hótél (Hvammur), Sigtún 38
Dags og tími: 11. mars 2020, kl. 13-17
Skráning og nánari upplýsingar á obi.is

ISAF, undir forystu Bandaríkjanna. Það segir sína sögu að sumir hinna afgönsku og bandarísku hermanna sem nú starfa í landinu voru vart fæddir þegar stríðið hófst 7. október árið 2001.

160 þúsund fallnir

Dagblaðið Washington Post greindi frá því í vandaðri úttekt 9. desember á síðasta ári að frá upphafi stríðsins árið 2001 til nóvember á síðasta ári liggja meira en 157.000 manns í valnum. Um 64.000 meðlimir afgönsku öryggissveitanna hafa verið drepnir og tugir þúsunda særðir. Áætlað mannfall talibána og annarra stríðshópa er um 42.000. Slysatiðni er einnig gríðarleg. Um 2.300 bandarískir hermenn hafa fallið, 3.800 bandarískir verktakar og meira en 1.100 hermenn bandamanna NATO.

Dagblaðið segir að meira en 775.000 bandarískir hermenn hafi verið sendir til Afganistan, sumir hvað eftir annað.

En þrátt fyrir allt þetta umfang hefur lítið miðað í friðarátt og uppbyggingu landsins. Enn er ofbeldi

ríkjandi. Bandaríska dagblaðið New York Times segir að sé einungis horft til síðasta ársfjórðungs 2019 hafi talibánar gert 8.204 árásir í landinu og á árinu létu Bandaríkin 7.443 sprengjur og eldflaugar falla á landið.

Afgönsk sagnfræði

Þegar kemur að herför Bandaríkjanna í Afganistan hefur verið bent á sögu landsins síðustu tvær aldirnar. Bandaríkin séu eins og önnur stórveldi sem hafa reynt landvinninga í Afganistan, ósátt og uppgefin og vilji ekki lengur bera hinn gríðarlega herkostnað. Bretar drögu sig til baka þaðan árið 1842, aftur árið 1881 og enn aftur árið 1919. Uppgefin yfirgáfu Sovétríkin áratuga-langt stríð í Afganistan árið 1989.

Og fyrir marga talibána er samningur um brottför stærsta herveldis heims frá Afganistan talinn mikill sigur. Við undirritunina í Doha hvatti Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, talibána til að stilla sigurgleði sinni í hóf. „Ég veit að það freistar að lýsa yfir sigri,“ sagði hann. „En sigur fyrir Afgana næst einungis geti þeir lifað í friði og dafnað.“

BIOEFFECT

58%
AUKINN RAKI
EFTIR EINUNGIS
8 VIKNA NOTKUN*

*sankvæmt óháðri vísindalegri rannsókn á BIOEFFECT EGF SERUM sem varði í 8 vikur

VELDU VIRKNI Í HVERJUM DROPA

BIOEFFECT EGF Serum eru byltingarkenndir húðdropar sem draga verulega úr hrukum og auka raka húðar til muna. Droparnir innihalda virka prótínið EGF (Epidermal Growth Factor) sem er framleitt í byggplöntum í gróðurhúsi BIOEFFECT í Grindavík.

BIOEFFECT EGF Serum inniheldur aðeins sjö innihaldsefni og er án ilmefna.

BIOEFFECT – Húðvörur sem virka



FINNDU OKKUR Á FACEBOOK
[facebook.com/bioeffecticeland](https://www.facebook.com/bioeffecticeland)

COVID-19



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Þessi vetur hefur á margan hátt verið erfiður. Stórviðri hafa haft áhrif á innviði með rafmagnsleysi og samgöngutrufunum. Slys hafa tekið mannlíf og ógnað öðrum. Ofanflóð hafa fallið. Jörð hefur skolfið og land risið nálægt byggð með vangaveltum um hvort jarðeldar muni brjótast út.

Í reynd má segja að vart hafi liðið sú vika að ekki hafi einhvers konar ógn steðjað að. Þegar svo við bætist að þetta gerist meðan sól er lægst á lofti, hafa þessir atburðir haft aukin áhrif á okkur sem hér búum.

Og svo er það veiran sem upptök sín átti í austri og færast nú hröðum skrefum yfir heimsbyggðina. Við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af henni frekar en aðrar þjóðir og sjúkdómnum sem hún veldur og nefndur hefur verið COVID-19.

Fyrir nú utan veiruna sjálfa hafa menn rætt hvernig fjölmiðlar hér hafa fjallað um hana, hversu oft og mikið. Fréttatimar ljósvakamiðla hefjast gjarna á umfjöllun um hana og útbreiðslu hennar, og netmiðlar og prentmiðlar fjalla sömuleiðis ítarlega um hana.

Í umræðunni heyrast að fjölmiðlar hér séu uppteknari af umfjöllun um þessa óværu en miðlar í öðrum löndum. Það er þó fráleitt einhlítt. En taka verður með í þann reikning að það er eitt af þjóðareinkennum okkar að við látum okkur ekki standa á sama þegar atvik á borð við þessi verða og þeir sem lesa, hlusta eða horfa á fréttamiðla vilja vita hvernig þróuninni vindur fram. Það er ein birtingarmynd þess samhugar sem vaknar með þjóðinni.

Í þessu sambandi verður að minnast á það gríðarlega verkefni sem opinberum aðilum, svo sem sóttvarnalækni, almannavörnum og Landlækni er fengið í þessu öllu. Það er aðdáunarvert að sjá og skynja hvernig leyst er úr hverju verkefni á þeim bæ á fumlausan og faglegan hátt, af þekkingu og reynslu. Ekki kemur allt af því fyrir sjónir almenninga en það er lán hve þessir póstar eru vel mannaðir.

Heyrst hafa raddir um að ekki sé nóg að gert og það sé illa staðið að því litla sem gert er. Almenn er ekkert mannanna verk hafið yfir gagnrýni. En í þessu samhengi sérstaklega fylgja orðum ábyrgð og réttast væri að menn hefðu þessi sjónarmið fyrir sig og leyfðu þeim sem gerst þekkjá, af reynslu sinni og þekkingu, að vinna störf sín áreitistlaust. Við þessar aðstæður er það áriðandi.

Þá er að nefna hlut heilbrigðisstarfsmanna sem vinna starf sitt af samvirkunum við mjög krefjandi aðstæður. Að vera úti á bílplani í sóttvarnabúningi að taka tugi og hundruð sýna gegn um bílrúðu verður þeim öllum áreiðanlega eftirminnilegt þegar frá líður.

Enn sem komið er hefur ekki komið til þess að leggja þurfi COVID-19 sjúka inn á sjúkrahús en búast má við að þess verði vart lengi að bíða. Þar er einnig til reiðu viðbúnaður og þjálfað fólk.

Í þessum aðsteðjandi vanda er brýnt að við öll sýnum stillingu og skynsemi. Virðum fyrir mæli, leiðbeiningar og tilmæli um sóttkví og reynum ekki að fara á svig við varúðarráðstafanir sem ofangreint fagfólk hefur lagt til. Þær eru byggðar á bestu fáanlegu þekkingu og reynslu.

Þannig komumst við öll best í gegnum þær vikur sem fram undan eru.



Í þessum aðsteðjandi vanda er brýnt að við öll sýnum stillingu og skynsemi.

VP Múrari ehf


Flísalögn, múrviðgerðir og alhliða málningavinna innan og utanhús.

Parketlög og fleira.

Leitaðu verðtilboða þér að kostnaðarlausu

Sími 766-3597 – vpmurari@gmail.com

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Líf og dauði á litlum depli

Í síðasta mánuði var þess minnst að þrjátíu ár eru liðin frá því að ein frægasta ljósmynd stjörnufræðinnar var tekin. Á Valentínusardegi árið 1990 nálgadist geimfar NASA, geimferðastofnunar Bandaríkjanna, jadar sólkerfisins. Voyager 1 hafði lokið því hlutverki sínu að rannsaka Júpiter og Saturnus. Nú átti að slökkva á myndavélum farsins til að spara orku svo að Voyager 1 mætti sigla sem lengst út úr sólkerfinu. En skyndilega kváðu við mótbárur. Carl Sagan, einn vísindamannanna að baki leiðangrinum, hafði árum saman grátbeðið yfirmenn sína um að beina myndavélunum að jörðinni og smella af. Þeir létu loks undan. Á myndinni birtist jörðin okkur sem agnarsmár, fölblár depill, baðaður í veikum sólargeisla, umkringdur svartnætti viðfeðms himin-geimsins.

Stjörnufræðingurinn Carl Sagan var kunnur víða um heim fyrir að miðla uppgötvunum og aðferðum vísindanna á skiljanlegan hátt í sjónvarpi og bókum. Í einni bóka hans er að finna óð til fölbláa depilsins. „Sjáið þennan depil. Þetta er hér. Þetta er heimili okkar. Allir sem þú elskar, allir sem þú hefur nokkurn tímann kynnst, allir sem þú hefur heyrt um, hver einasta manneskja sem hefur lifað, lifði daga sína á þessum depli.“ Myndina taldi Sagan fanga léttvægi jarðarinnar í víðáttu alheimsins. „Að hugsa sér blóðið sem hershöfðingjar og keisarar úthelltu svo að þeir mættu verða, eitt andartak, frágrig og sigursælir herrar brotabrots af litlum depli.“

Mótsagnir mannsins

Í vikunni, á okkar litla depli, kynnti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frumvarp að reglum um að ríki Evrópusambandsins verði kolefnahlutlaus fyrir árið 2050. Aðgerðasinninn Greta Thunberg var lítt hrifin. Hún kallaði frumvarpið „uppgjöf“. „Þegar kviknar í húsi manns bíður maður ekki í nokkur ár með að slökkva eldinn,“ sagði hún á fundi umhverfisnefndar Evrópuþingsins.


Loftslagsbreytingar eru ekki eina vain sem maðurinn stendur frammi fyrir. Kórónavírusinn sem nú geisar hefur afhjúpað samtímis það besta og það versta sem maðurinn býr yfir. Viðbrögð heimsbyggðarinnar einkennast í senn af útsjónarsemi og fáfræði, samtakamætti og sundurlyndi, náungakærleik og fordómum. En fyrst og fremst hefur baráttan við vírusinn sýnt fram á að ýmsu má breyta ansi hratt sé viljinn fyrir hendi.

Maðurinn er mótsagnakennd vera. Eins og hin þrjátíu ára gamla ljósmynd af fölbláum depli fangar svo vel er mótsögnin samofin tilvist hans. Við erum í senn einstök og nauðaómerkileg, agnarsmá og stórbrotin. Þótt maðurinn úthelli blóði svo hann megi verða „herra brotabrots af litlum depli“ stendur alheiminum á sama um þessa rykög. Að sama skapi er tilvist mannsins undraverð. Að hugsa sér þá löngu röð tilviljana sem olli því að hann varð til í víðáttu alheimsins og býsn tímans.


Litilvægi mannsins í alheiminum kann að fylla einhverja vonleysi. En ekki Carl Sagan. „Mér finnst það undirstrika skyldu okkar til að vera betri hvert við annað og varðveita og virða fölbláa depilinn, einu heimkynni okkar.“

Baráttan við kórónavírusinn hefur varpað ljósi á hversu hverful tilvist mannsins er í alheiminum. Hefur vakningin orðið til þess að víða er nú gripið til róttækra aðgerða til að standa vörð um mannkynið. Fólk er í sóttkví, landsvæði lokuð af, skólar standa tómir og viðburðir og mannamót eru blásin af.


Óskandi er, þegar kórónafaraldurinn rénar, að við gleymum ekki hverju er hægt að áorka liggi mikið við. Tilvist mannsins skiptir litlu máli fyrir nokkurn annan en hann sjálfan. Við megum ekki gefast upp fyrir loftslagsvánni. Því eins og Sagan orðaði það í óði sínum til fölbláa depilsins. „Við erum ósýnileg í víðáttunni og það eru engar vísbendingar um að hjálp muni berast annars staðar frá við að bjarga okkur frá sjálfum okkur.“



9990.-



490.-



1990.-

BÓKA
MARKAÐURINN
Laugardalsvelli

27. FEBRÚAR - 15. MARS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA

OPID KL. 10 - 21 ÖLL KVÖLD




990.-




2490.-




990.-



1490.-




1490.-



1990.-



2490.-



990.-



SEALY PORTLAND

heilsurúm með Classic botni

TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Talalay Latex
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- Kantstyrkingar

SEALY PORTLAND
Stærð 160 x 200 cm
Fullt verð 184.900 kr.

SEALY PORTLAND
Stærð 180 x 200 cm
Fullt verð 199.990 kr.

Aðeins **147.920 kr.** **159.920 kr.**



NATURE'S ELEGANCE

heilsurúm með Classic botni

TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni. Aukahlutur á mynd: Gafi

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Latex hægindalag
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr m²



NATURE'S ELEGANCE
Stærð 120 x 200 cm
Fullt verð 135.900 kr.

NATURE'S ELEGANCE
Stærð 140 x 200 cm
Fullt verð 149.900 kr.

Aðeins **108.720 kr.** **119.920 kr.**



TVENNUTILBOÐ

SB-sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: 12.900 kr

SB-koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: 6.900 kr

Fullt verð samtals:

19.800 kr.



TVENNUTILBOÐ

Aðeins **12.900 kr.**

Spring Air REGENCY

heilsurúm með classic botni



TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

Stærð	Fullt verð	Tilboðsverð
160x200 cm	252.900 kr.	177.030 kr.
180x200 cm	279.900 kr.	195.930 kr.

DORMA LUX

heit dúnsæng

Dásamleg, heit dúnsæng frá Quilts of Denmark. Stærð: 140x200 cm. 800 g. 90% hreinn andadúnn. 10% smáfiður. Má þvo á 60°C en það er hitastig sem rykmaurar þola ekki - því er gott að nota sæng sem þolir þennan þvottahita ef um rykofnæmi er að ræða.



TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

Fullt verð: 27.900 kr.

Aðeins **19.530 kr.**

Stillanlegt og þægilegt



TILBOÐ
15%
AFSLÁTTUR

af C&J Silver og 20% af Rest Luxury dýnum

Þráðlaus fjarstýring með 2 minnisstillingum

C&J SILVER stillanlegt rúm

C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótör.

Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi.

Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.

Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

VERÐDÆMI: 2 x 90 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm með Nature's Rest Luxury heilsudýnum: **Fullt verð: 337.800 kr.**

Charlotte & Julien
Dream your world™

Aðeins **283.140 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

OPÍÐ Á
SUNNUDÖGUM Í
DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

Dýnuveisla

Smáratorg | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



Nature's **REST LUXURY**
heilsurúm með Classic botni



Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

FERMINGARTILBOÐ



Stærð í cm	Stök dýna fullt verð	Fullt verð með Classic botni	Feringartilboð með Classic botni
80x200 cm	37.900 kr.	65.900 kr.	52.720 kr.
90x200 cm	39.900 kr.	69.900 kr.	55.920 kr.
100x200 cm	41.900 kr.	73.900 kr.	59.120 kr.
120x200 cm	43.900 kr.	79.900 kr.	63.920 kr.
140x200 cm	49.900 kr.	89.900 kr.	71.920 kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar á m²
- Sterkur botn
- Góðar kantstyrkingar

FERMINGAR-TILBOÐ



Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

Nature's **SUPREME**
heilsurúm með Classic botni



Stærð í cm	Stök dýna fullt verð	Fullt verð með Classic botni	Feringartilboð með Classic botni
90x200	59.900 kr.	89.900 kr.	67.425 kr.
100x200	64.900 kr.	96.900 kr.	72.675 kr.
120x200	73.900 kr.	109.900 kr.	82.425 kr.
140x200	79.900 kr.	119.900 kr.	89.925 kr.
160x200	89.900 kr.	134.900 kr.	101.175 kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar á m²
- Sterkur botn
- Góðar kantstyrkingar

DORMA

Láttu drauminn rætast

FÓTBOLTI Neymar varð milljóna-mæringur áður en hann var orðinn 18 ára. Snillingáfa hans á vellinum var orðin vel þekkt og öll stærstu lið Evrópu voru á eftir honum. Hann var jú í félaginu sem Pelé lék með á sínum tíma og Robinho hafði nýlega farið frá liðinu til Real Madrid. Robinho og Neymar höfðu sama umboðsmann og var Neymar og fjölskyldunni boðið í heimsókn til Spánar til að skoða aðstæður hjá Madrídarliðinu. Hann var aðeins 14 ára og létu talsmenn Santos FIFA vita að þeim fyndist þetta eitthvað gruggugt. Madrídinger sögðu hann aðeins vera í heimsókn og ekkert meir.

Santos gat ekki boðið sömu laun og evrópskir risar en eins og venjan er, eða öllu heldur var þá, bauð Santos honum 40 prósent af framtíðarsölu. Gat þannig haldið honum í eitt eða tvö ár í viðbót. FIFA hefur síðan breytt reglunum og sett þak á þessa samninga þannig að leikmenn geta aðeins fengið eina milljón evra.

Hann kom inn á í sínum fyrsta leik á þessum degi gegn Oeste í 2-1 sigri þegar hann var rétt að verða 17 ára. Hann var með ljósan hana-kamb sem nánast allir unglingar í Brasilíu hermdu eftir. Nefplásturinn góða, sem Robbie Fowler og aðrir höfðu verið með mörgum árum áður, bar Neymar stoltur. Hann skoraði 10 mörk á sínu fyrsta tímabili í deildinni og 17 á því næsta. Fjölmargir sáu að þarna var komin næsta stórstjarna og keyptu hlut í framtíðarfélagsskiptum. Hlutabréfin í Neymar voru dýr og hitti faðir hans eiganda Chelsea Roman Abramovich meðal annars fyrir um áratug. Lundúnaliðið lagði fram 35 milljóna evra tilboð í guttann sem var hafnað á staðnum. Chelsea vildi fá hann strax en það hugnaðist Santos ekki.

Neymar hélt áfram að blómstra hjá Santos og kom liðinu í úrslitaleikinn í Copa Libertadores en það var í fyrsta sinn sem liðið spilaði í þeim leikjum síðan Pelé var hjá Santos. Neymar spilaði óaðfínanlega og var valinn maður síðari leiksins og Santos hrósaði sigri. Real Madrid kom með 45 milljóna evra tilboð en var hafnað.

Þó að fjölmargir hafi verið með í ráðum til að koma guttannum til Evrópu tilheyrði hjarta Neymar ávallt Barcelona. Hann vildi fara þangað. Og 15. nóvember 2011 samdi hann við félagið í laumi. Foreldrar hans stofnuðu fyrirtækið N&N Consultoria Esportiva e Empresarial sem fékk 10 milljónir evra inn á reikning sinn daginn eftir. Barcelona setti í



Neymar byrjaði snemma að vekja athygli fyrir gæði sín innan vallar en gjálfi hans utan vallar hefur einnig vakið töluverða athygli. MYNDIR/GETTY



Dagurinn sem ferill Neymar hófst

Neymar hefur verið á vörum knattspyrnuunnenda í meira en áratug. Hann hóf atvinnumannuferil sinn á þessum degi. Síðan hefur hann sýnt snilli sína, skorað hvert glæsismarkið á fætur öðru og er dýrasti knattspyrnumaður heims eftir vistaskipti.



Eitt magnaðasta þríeyki knattspyrnusögunnar. Suarez, Neymar og Messi eða MSN eins og þeir voru yfirleitt kallaðir af sparkspekingum heimsins.

➤ Forbes segir að Brasilíumaðurinn hafi verið þriðji launahæsti íþróttamaður heims fyrir árið 2019.

ársreikning sinn á blaðsíðu 178 að félagið hefði lagt út 10 milljónir evra fyrir framtíðarleikmanni. Ekkert meir. Það átti heldur betur eftir að koma félaginu í koll.

Skattayfirvöld fóru nefnilega á stúfana nokkrum árum síðar eftir að ársmiðahafi kvartaði undan stjórnunarháttum forsetans og stjórnarinnar fyrir að auglýsa Qatar flugfélagið framan á búningunum. Þannig er ekki alveg vitað hvað Barcelona borgaði fyrir Neymar þegar hann kom frá Santos. Í skatt-rannsókninni er sagt að Barcelona hafi borgað alls 71,5 milljónir punda fyrir allan pakkann – og ekki greitt skatt af ansi mörgum milljónum sem varð til þess að Josep Maria Bartomeu, núverandi forseti Barcelona, var kærður fyrir skattalagabrot. Foreldrar Neymar eru sagðir hafa fengið 40 milljónir evra.

Fléttan til að fá sem mestan pening fyrir félagaskipti Neymar er

enn að velkjast um í kerfinu enda voru þeir margir sem sáu gróðavon í guttannum. Aðeins mánuði eftir að Neymar kom inn á gegn Oeste spáði Pelé því að guttinn gæti orðið betri en hann sjálfur. Það var því sniðugt að fjárfesta í honum á sínum tíma – jafnvel þótt Santos endaði í 12. sæti í deildinni á fyrsta tímabili Neymar.

Neymar hefur alltaf haft orð á sér fyrir að dýfa sér til sunds á vellinum. Ofleika öll brot og rúlla sér einum hring meira en hann þarf. Það hefur verið ljóður á leik hans síðan hann var gutti. Viðhorf hans hafa einnig verið á milli tannanna á fólki. Hann tók sitt fyrsta eftirminnilega fylukast árið 2010 þegar þjálfari Santos, Dorival Júnior, lét annan leikmann taka vítaspyrnu. Í kjölfarið reifst hann við fyrirlíða liðsins og þjálfara svo heiftarlega að línuvörðurinn þurfti að halda aftur af Neymar. Þjálfarinn vildi setja guttann í bann í tvær vikur án launa í kjölfarið en stjórnin stóð með gulldrengum og rak þjálfarinn. Síðan hafa fyluköstin verið fjölmörg en alltaf er honum fyrirgefið enda dylst engum að drengurinn er snillingur með boltann. benediktboas@frettabladid.is

Café

AUSTURSTRÆTI
SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI
AKUREYRI
VESTMANNAEYJUM

Honest

Komdu í kaffi

PENNIN Eymundsson

Styðja kerfin þín fjarvinnu?

Engar truflanir á rekstri og sveigjanleiki við mismunandi aðstæður.



Við bjóðum hýsingar- og rekstrarlausnir
sem mæta kröfum nútímalegs atvinnulífs.

opinkerfi.is / samstarf@ok.is / 570 1000

Opin Kerfi



Vera Rún við verkið Brietarbrekku eftir Ólöfu Nordal. Verkið sem því miður er nú hulið snjó var gert til heiðurs kvenréttindakonunni Brieti Bjarnhéðinsdóttur með tilvisun í veggteppi sem Briet saumaði handa dóttur sinni og á það er ritað ljóð: „Stigðu ófeimin stúlka upp og stýrðu klæði, yfir geiminn yfir græði, allan heiminn skoða í næði.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Menningar- og friðarsamtökin MFÍK eru elstu starfandi friðarsamtök á Íslandi. Samtökin voru stofnuð árið 1951 í anda Alþjóðasambands lýðræðissinnaðra kvenna sem stofnað var í París árið 1945 af konum frá 41 landi. Margar þeirra höfðu verið í fanga-búðum nasista í síðari heimsstyrjöldinni og höfðu strengt þess heit að leggja sitt af mörkum til heimsfriðar kæmust þær lifandi úr fanga-búðunum.

Vera Rún Viggósdóttir er stjórnarmaður í samtökunum og segir markmið þeirra vera að sameina konur til baráttu fyrir alheimsfriði og afvopnun, og efla samvinnu kvenna í þágu friðar, mannréttinda og menningar.

„MFÍK eru félagsamtök sem standa að fræðslufundum um ýmis málafni þar sem oft skapast umræður og rými til að eiga í samtali við áhugaverða fyrirlesara. Þetta eru mjög góðar stundir sem við eigum

Ekki enn ein útgáfan af konu- og mæðradeginum

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna er á morgun, sunnudaginn 8. mars. Menningar- og friðarsamtökin MFÍK hafa haldið daginn hátíðlegan frá árinu 1953 og efna nú til ljóðakvölds á Loft Hosteli. Þar munu nokkrar konur lesa ljóð sín og flytja tónlist.

saman í smá pásu frá skjáunum og oftast er eldaður matur og hellt upp á kaffi og með því. Við tókum líka þátt í ýmsum viðburðum í þágu friðar, þar má nefna kertafleytingu í ágúst við Tjörnina til minningar

um fórnarlömb kjarnorkuárásanna á Hiroshima og Nagasaki og friðargönguna á Þorláksmessu. Félagar eru tæplega tvö hundruð á aldrinum 11 til 94 ára, eingöngu konur. Karlar eru þó mjög velkomnir á fundi og

við fáum stundum karlkyns fyrirlesara til okkar, síðast Magnús Þorkel Bernharðsson sem gaf okkur inn-sýn í ástandið í Miðausturlöndum. Við tókum alltaf vel á móti nýju fólki og það er hægt að fylgjast með við-

burðunum okkar á Facebook þó að maður sé ekki skráður í félagið.“

Falleg mynd – en blekking

Eins og fyrr segir hafa samtökin haldið daginn hátíðlegan með einhverjum hætti frá árinu 1953 og segist Vera Rún hafa tekið þátt í þeim uppakomum um árabíl.

„Dagurinn er ekki enn ein útgáfa af konu- eða mæðradeginum. Dagurinn er haldinn hátíðlegur um víða veröld þar sem konur sameinast í baráttunni fyrir friði og jafnrétti óháð tungumáli og menningu. Á þessum degi minnumst við baráttu formæðra okkar fyrir betri kjörum en við sameinumst líka til að styðja þær konur sem nú heyja sína baráttu og það á svo sannarlegar við um þessar mundir. Það er enn margt ógert og mörgu er ábótavant þrátt fyrir þá útöpiu sem skólábækurnar og þeir sem völdin hafa telja okkur trú um að við búum við. Að hér sé ekki stéttaskipting, að hér sé enginn her, að hér sé lifað í sátt og samlyndi við náttúruna, að hér hafi allir jöfn tækifæri til náms, að hér hafi allir aðgang að heilbrigðis-kerfinu. Þetta er falleg mynd en hún er blekking sem notalegt er að horfa á horfi maður ekki of lengi.



Alþjóðlegur bar- áttudagur kvenna

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1911 meðal sósíalískra kvenna í Danmörku, Þýskalandi, Austurríki og Sviss.

Fleiri lönd bættust í hópinn á næstu árum, dagsetning var eitthvað á reiki fyrstu árin en alltaf í marsmánuði. Árið 1921 ákvað Alþjóðasamband kommúnista að 8. mars yrði þaðan í frá baráttudagur kvenna.

Samkvæmt Kvinnasögusafninu var dagsins sennilega fyrst minnst hér á landi árið 1932 á fundi Kvinnanefndar Kommúnistaflokks Íslands.

Í framhaldi var dagurinn haldinn hátíðlegur árlega af þeim



Hér á landi var dagsins sennilega fyrst minnst árið 1932.

samtökum og A.S.V., Alþjóðasamhjálp verkalýðsins.

Kvenfélag sósíalista tók svo upp þráðinn, en það var stofnað 30. mars 1939. Félagið tengdi saman afmælisdag sinn og 8. mars og minntist dagsins með ýmsum hætti.

Sameinuðu þjóðirnar héldu fyrst upp á daginn árið 1975 og tveimur árum síðar var tilkynnt að 8. mars væri opinberlega baráttudagur kvenna og heimsfríðar.

Á hverju ári tilkynna Sameinuðu þjóðirnar um þema ársins



Myllumerkið í ár #EachforEqual.

sem á síðasta ári var „Think Equal, Build Smart, Innovate for Change“ sem þýða mætti sem: „Hugsaðu jafnt, byggðu gáfulega og skapaðu breytingar,“ með myllumerkinu #BalanceforBetter eða jafnvægi til góðs.

Þemað í ár er „I am Generation Equality: Realizing Women's Rights,“ sem gæti útlagst sem „Ég er jafnréttiskynslóðin – sem lætur verkin tala í kvenréttindum“. Vakin er athygli á þemanu með myllumerkinu #EachforEqual. Ætlunin með þema ársins er að vekja athygli á að jafn heimur er færari heimur. Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á hugsunum okkar og aðgerðum – allan daginn – alla daga.

Dagurinn er almennur frídagur í fjölmörgum löndum, svo sem Afganistan, Hvíta-Rússlandi, Kambódíu, Kúbu, Mongólíu, Rússlandi, Úganda og Vietnam.

Baráttueldurinn espist

Samtökin héldu lengi opna baráttufundi þennan dag þar sem fjallað var um innlend og erlend mál sem snerta jafnrétti eða friði. „Mismunandi málefni hafa verið tekin fyrir, til dæmis „gegn ofbeldi – gegn stríði“ árið 2000, „fríðaruppeldi“ árið 2008 eða „kvinnabarátta er kjarabarátta“ á síðasta ári svo dæmi séu tekin. Það er eitthvað magnað sem gerist á þessum degi, eitthvað bærst innra með manni á meðal fólks sem kemur saman að hlýða á barátturæður, tónlist og annan listgjörning. Baráttueldurinn í brjóstum okkar espist, okkur er ekki sama, við viljum lifa í rétt-



Á ÞESSUM DEGI MINNUMST
VIÐ BARÁTTU FORMÆÐRA
OKKAR FYRIR BETRI
KJÖRUM EN VIÐ SAMEIN-
UMST LÍKA TIL AÐ STYÐJA
ÞÆR KONUR SEM NÚ HEYJA
SÍNA BARÁTTU.

látara samfélagi og höfum svo gott af því að tala saman og fræða hvert annað.“

Í ár verður dagskráin með breyttu sniði því við efnum til baráttukvölds með ljóðalestri og tónlistaratriðum, þar gefst tækifæri til að koma saman, sjá ný andlit, ræða stöðuna og skipuleggja næstu skref í baráttunni. Á bókmenntakynningunni árlegu hefur oft komið upp sú hugmynd að halda viðburð tileinkaðan ljóðum. Það er svo notalegt að hlusta á ljóðalestur og það er alltaf þörf á áminningu um baráttu fyrir friði og jafnrétti. Okkur langaði til að safna saman kvenkyns ljóðskáldum og halda

upp á þennan þátt í menningunni.“

Feðraveldið ofið í líkamskerfin
Ljóðakvöldið er eins og fyrr segir á Loft Hosteli á morgun, sunnudag, klukkan 20 og munu ljóðskáld þar lesa upp úr verkum sínum auk þess sem tónlistarkonurnar Klafútis og Salóme Katrín munu troða upp og er frítt inn.

„Við viljum minna á að við þurfum að peppa hvert annað og virkja sjálfsöruggi þeirra sem hafa svo mikið að segja en koma ekki fram sökum aldagamalla áhrifa feðraveldisins sem eru ofin inn í líkamskerfin okkar,“ segir Vera Rún að lokum.

Sölu- sýning

Í dag, laugardag, efnum við til sölusýningar í verslun okkar, Nóatúni 4, frá kl. 10 til 16.

Þar gefst öllum tækifæri til að skoða gæðaheimilistækin frá **Siemens**, **Bosch** og **Gaggenau** og kynnast margvíslegum eiginleikum þeirra.

Meðal annars sérvalin Siemens heimilistæki með **Home Connect** sem stjórna má úr snjallsíma hvar sem menn eru staddir.

Og nú eru heimilistækin einnig farin að „tala“ saman innbyrðis í gegnum Home Connect. Til að mynda getur þurrkarinn fengið upplýsingar um kerfið sem þvottavélin notaði og þannig valið hárrétt þurrkunarkerfi. **Bráðsnjallt!**

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins.

Veittur verður **afsláttur af öllum vörum** sem ekki eru nú þegar á Tækifærisverði.

Komdu og njóttu dagsins með okkur.



Skoðaðu nýja
Tækifærisbæklinginn
okkar!

**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


2.123 hagkvæmar leiguíbúðir

Stofnframlög stuðla að fjölgun almennra íbúða

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun úthlutar stofnframlögum til samfélagssinnaðra leigusala til að kaupa eða byggja almennar íbúðir. Markmiðið er að fjölga hagkvæmum leiguíbúðum og bæta húsnæðisöryggi eignalítilla og tekjulágra. Húsnæðiskostnaður á að vera í samræmi við greiðslugetu og að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna.

Almenna íbúðakerfið var sett á stofn árið 2016 og hefur nú þegar 11,7 milljörðum króna verið úthlutað til byggingar og kaupa á 2.123 íbúðum víðsvegar um landið. Heildarfjárfesting í uppbyggingu nemur um 60 milljörðum króna.

Umfang veittra stofnframlaga frá 2016



Opið er fyrir umsóknir um stofnframlög

Auglýst er eftir umsóknum fyrir árið 2020 um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu. Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum.

Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þætti:

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða.
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum.

Auk þess verður lögð áhersla á:

- Hagkvæmar íbúðir hvað stærð og herbergjafjölda varðar sbr. viðmiðunarstærðir.
- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.
- Íbúðir sem uppfylla þarfir íbúa á hverju svæði.
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa.
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

Viðmiðunarstærðir

Við úthlutun verður horft til þess að íbúðir séu að jafnaði ekki stærri en eftirfarandi tafla segir til um:

Fjöldi herbergja	Hámarksstærð m.v. herbergjafjölda
Einstaklingsíbúð	50 m ²
2ja herbergja íbúð	60 m ²
3ja herbergja íbúð	80 m ²
4ra herbergja íbúð	95 m ²
5 herbergja íbúð	110 m ²


Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2020. Til þess að hægt sé að meta umsókn þurfa öll gögn skv. 14. gr. reglugerðar nr. 555/2016 að skila sér innan umsóknarfrests.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, www.hms.is.


**Umsóknarfrestur:
15. apríl 2020**

Markmið um 1800 íbúðir 2020–2022

Lífskjarasamningar: 2 milljarða aukning stofnframlaga á árunum 2020–2022



Fjöldi byggðra og keypra íbúða á grundvelli veittra stofnframlaga



Sveitarfélög þar sem veitt hefur verið stofnframlag





Davíð framleiðir nú CBD eymslakrem í samstarfi við Tony Hawk, þekktasta hjólabrettakappa heims. Báðir höfðu þeir mikinn áhuga á að finna betri meiðslalausnir fyrir brettamenn en ópíóða.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is



Davíð er fæddur á Íslandi og ólst hér upp til ellefu ára aldurs. Hann bjó lengst af í Vesturbænum í Reykjavík með móður sinni, Ester Konráðsdóttur, sem starfaði sem hárgreiðslukona, og stjúpföðurnum, hinum bandaríska Jonathan Bow, sem lék hér körfuknattleik, meðal annars með Keflavík, Val og KR. Davíð stundaði íþróttir sjálfur af miklu kappi eins og margir drengir á hans aldri, bæði körfubolta eins og stjúpfadurinn og fótbolta.

Þann 3. september árið 2001 flutti fjölskyldan til Las Vegas í Bandaríkjunum en aðeins viku seinna voru árástirnar á Tvíburaturnana gerðar. Þetta var ekki besta tíma-setningin fyrir ungan pilt að flytja vestur um haf. „Ég var aðeins á tólf ára aldri, hræddur og í nýju landi,“ segir Davíð. „Þetta var allt svo óraunverulegt og ég man að ég vildi komast burt úr landinu.“

Á sterk verkjalyf eftir ökklabrot Í Bandaríkjunum kynntist Davíð nýju fólki og nýjum vinum, aðstæðurnar breyttust og áhugamálin líka. Hjólabrettið fór að heilla hann, en eins og margir byrjendur lenti hann í ýmsum skakkaföllum. „Þegar ég var þrettán ára ökklabrotnaði ég á hjólabretti og þurfti eftir það að hætta að æfa bæði körfubolta og fótbolta. Það var líka þá sem ég kynntist ávanabindandi lyfjum. Lífið fór í hringið niður á við.“

Á spítalanum skrifaði læknir upp á kódein fyrir Davíð. Kódein er morfínski lyf og ávanabindandi. Hér á Íslandi varar Landlæknir við of mikilli notkun á kódeini og efast um gildi þess.

Rauf vítahring fíknar með CBD

Davíð Hafsteinsson, atvinnumaður á hjólabrettum, háði langa baráttu við ópíóíðafíkn. Hann kynntist lyfjunum 13 ára gamall eftir ökklabrot en náði að rjúfa vítahring fíknar með aðstoð CBD. Nú framleiðir Davíð sína eigin CBD-línu með sjálfum Tony Hawk.



Davíð með eiginkonu sinni Mariu og syninum Leo.

„Ég var einn heima í gífsi á meðan foreldrar mínir fóru í vinnuna og tók þessi lyf í nokkrar vikur. Við vissum ekki hvað kódein var og þessar pillur gengu undir ýmsum nöfnum. Ávisunin var upp á allt að 100 töflum og ég tók þær samkvæmt

læknisráði,“ segir Davíð. „Þetta voru mjög sterk verkjalyf fyrir þennan aldur og hver tafla dugði lengi.“ Davíð og fjölskylda hans settu allt sitt traust á læknana og lyfin. Á endanum þróaði Davíð með sér fíkn í þessi morfínski lyf.



ÞEGAR ÉG VAR ÞRETTÁN ÁRA ÖKKLABROTNAÐI ÉG Á HJÓLABRETTI OG ÞURFTI EFTIR ÞAÐ AÐ HÆTTA AÐ ÆFA BÆÐI KÖRFUBOLTA OG FÓTBOLTA. ÞAÐ VAR LÍKA ÞÁ SEM ÉG KYNNTIST ÁVANABINDANDI LYFJUM.

Missti alla stjórn Meiðsli eru algeng hjá þeim sem stunda hjólabretti og Davíð hefur ekki farið varhluta af meiðslum í gegnum tíðina. „Ég var ekki mjög fær þegar ég var að byrja og beinbrotnaði oft. Aðeins nokkrum

mánuðum eftir eftir ökklabrotið í Bandaríkjunum fótbrotnaði ég í heimsókn á Íslandi,“ segir hann. Varð þetta að vitahring meiðsla og lyfjanotkunar, sem stóð yfir í rúman áratug.


„Ég gat samt ekki hætt að iðka hjólabretti. Það er ólýsanleg tilfinning að ná að gera eitthvað sem maður hefur reynt lengi. Allt öðruvísi tilfinning en að ná árangri í körfuboltanum eða fótboltanum. Það má segja að ég hafi orðið háður hjólabrettinu líka,“ segir Davíð. „Orðið fíkn er samt kuldalegt orð. Ég myndi frekar segja að hjólabrettið hafi orðið ástríða mín. Þetta gerðist mjög snemma og það fældi mig ekki frá að fót- eða handleggsbrotna.“

Meðal alvarlegustu meiðsla sem Davíð hefur orðið fyrir var á baki þegar stór sprunga kom á hryggjarlið. Þá eru einnig ótalin öll þau minni háttar meiðsli sem hann hefur orðið fyrir. Öllum þessum meiðslum fylgir sársauki og notkun lyfja jókst uns hún fékk sjálfstætt líf.

Davíð segir að lyfjanotkunin hafi ekki haft teljandi áhrif á frammi-stöðu hans á brettinu framan af. En notkunin jókst stöðugt og fíknin sömuleiðis. Hann fór einnig að leita í áfengi og kannabis. Fór þetta að bitna harkalega á honum bæði líkamlega og í einkalífinu. „Undir lokin var ég búinn að missa alla stjórn. Lyfin hægðu á mér, gerðu mig veikburða. Ég fór að verða hræddur og óruggur á brettinu. Hræddur við að meiða mig meira,“ segir hann. „Ég missti líka nánast allt, samskiptin við fjölskylduna, starfið mitt, vini mína.“ Hann þakkar þó fyrir að hafa ekki leiðst út í afbrot og komist í kast við lögin.

Sprenging í brjóstakassanum Eftir áratug náði Davíð loks að

Framhald á síðu 30 ►



Þú afgreiðir framtalið þitt á aðeins **fimm** mínútum

Skilafrestur er til 10. mars

Á Íslandi sparar rafræna tæknibyltingin framteljendum mikinn tíma frá því sem áður var. Nú geta fjölmargir yfirfarið skattframtalið sitt á örfáum mínútum.

Framtalið þitt er tilbúið og aðgengilegt á **skattur.is** með innsendum upplýsingum frá launagreiðendum, fjármálastofnunum og fleirum. Þú skráir þig inn með rafrænum skilríkjum eða veflykli.

Aðstoð er veitt í síma 442-1414 mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 til 15:30 og á föstudögum frá kl. 9:00 til 14:00. Afgreiðslur Skattsins eru opnar á sama tíma.

Föstudaginn 13. mars verður veitt aðstoð til kl. 15:30 í síma og í afgreiðslum Skattsins á Laugavegi 166 í Reykjavík og Hafnarstræti 95 á Akureyri.

Þú einfaldlega...

...opnar framtalið

...ferð yfir allar upplýsingar

...breytir ef ástæða er til

...staðfestir



Trikkið sjálft skiptir ekki öllu máli, heldur hvernig það er gert. Lyfin sem héldu Davíð í gislingu gerðu hann óöruggan og hræddan við meiðsli. Hann gat þó ekki gefið ástríðu sína upp á bátinn.

Framhald af síðu 29 ◀

brjóta vítahringinn og hætta notkun ópíóíðanna. Og ekki aðeins það heldur hætti hann einnig að drekka áfengi og nota kannabis. Eftir það sótti hann NA-fundi, en það eru samtök sambærileg AA fyrir þá sem glíma við eiturfylfjafíkn. Lífið tók beygju til hins betra, bæði í einkalífinu og íþróttinni. Áhængendum Davíðs, sem kallar sig Iceland Iceman í hjólabrettaheiminum, á samfélagsmiðlum fjölgaði stöðugt.

En eftir rúmlega tvö ár erú kom Bakkus aftan að honum.

„Einn daginn var ég úti að skeita eins og vanalega þegar það kom eitthvað fyrir mig. Eftir um tvo klukkutíma fannst mér eitthvað springa í brjóstakassanum og ég fann fyrir svakalegum verkjum,“ segir Davíð. Var samstundis farið með hann á spítala og hann settur í rannsóknir. Kom þá í ljós að gallbláðran var þrisvar sinnum stærri en hún átti að vera. Vildu lækarnir fjarlægja hana en biðu með það um tíma.

Var Davíð settur á margs konar lyf á þessu tímabili, þar á meðal fentanýl við verkjunum. En fentanýl er ópíóíði, mun sterkari en morfín og hefur verið misnotað alvarlega. Eftir tvo daga á spítalanum hjadnaði bólgan í gallblöðrunni svo að það þurfti ekki að fjarlægja hana með skurðaðgerð. En áfram var hann á lyfjum. „Eftir fjóra eða fimm daga var mér farið að líða mjög vel að vera á fentanýlinu. En ég var að fjara út. Einn morguninn þurfti hjúkrunarfræðingurinn að hrista mig, því að hjartslátturinn var of hægur,“ segir hann. „Ég hafði ekki notað nein ávisunarlyf í meira en tvö ár og þetta hafði mikil áhrif á hjartað. Ég var kominn niður í 22 slög á mínútu. Ég var ekki óttasleginn en fjölskylda mín hélt að ég væri að deyja.“

CBD breytti öllu

Davíð sá að þetta gekk ekki lengur og bað um að fentanýl-gjöfni yrði hætt þrátt fyrir að hann væri enn sárkvalinn. Á þessum tímupunkti

CBD á Íslandi

Í velferðarnefnd Alþingis liggur fyrir þingsályktunartillaga ellefu þingmanna Pírata, Viðreisnar, Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar, Framsóknarflokks og Flokks fólksins um að fela heilbrigðisráðherra að lögleiða CBD í almennri sölu. Staða CBD hefur verið óljós um þó nokkurt skeið. Samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni er öll kannabispilantan ólögleg en ríkisstofnanir hafa gefið leyfi fyrir innflutningi á CBD-vörum og hampfræjum í gegnum tíðina. Þá er hægt að kaupa krem og aðrar útvortisvörur í apótekum en óheimilt hefur verið að flytja inn vörur til að innbyrða.

Halldóra Mogensen, fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar, segir að Lyfjastofnun hafi tekið u-beygju eftir að CBD komst í þjóðfélagsmæðuna.

Nefnir hún að stofnunin hafi beðið lögregluna að kanna ræktun á bænum Gautavík í Berufirði í nóvember síðastliðnum. En þar rækta bændurnir Pálmi Einarsson og Oddný Anna Björnsdóttir iðnaðarhamp í tilraunaskyni með leyfi frá Matvælastofnun. Lyfjastofnun hafi nú bannað allan innflutning á hampfræjum.

„CBD og iðnaðarhampur veldur engum skaða og er þar að auki mjög umhverfisvænt,“ segir Halldóra. „Það er hægt að vinna ótal afurðir, svo sem textíl, pappír, steypu og hægt er að nota hann í staðinn fyrir plast og við. Þetta vex á stuttum tíma og bindur koltvísýring. Þetta er sjálfbær ræktun sem á sér þar að auki sögu hér á landi með Hampiðjunni. Það er engin góð eða gild ástæða fyrir því að þetta sé ekki leyfilegt.“

CBD er löglegt í öllum ríkjum

Bandaríkjanna og flestum Evrópuríkjum, þó að í sumum þeirra sé efnið flokkað sem lyf og sé lyfseðilsskytt. Halldóra telur að ástæðan fyrir því að Íslendingar séu aftar á merinni séu fordómar fyrir kannabispöntunni sjálfri og notkun hennar sem vímuegja.

„Hérna þorir fólk ekki að koma fram og tala um þetta og hluti af ástæðunni gæti verið smæð samfélagsins.“ Engu að síður telur hún að viðmótið sé að breytast og tímaspursmál hvenær verði af lögleiðingu. „Fleiri og fleiri eru farnir að sjá að til dæmis CBD-olíu hjálpar og linar þjáningar fólks sem glímur við gigt, flogaveiki, taugasjúkdóma, gláku og fleira. Á þingi er ekki deilt um hvort eigi að leyfa CBD heldur hvort það eigi að vera flokkað sem lyf eða ekki.“

komu móðir hans og eiginkona með CBD-olíu, sem unnin er úr kannabispöntunni, til að lina kvalirnar. Davíð segir að þetta hafi gerbreytt öllu. „Bólga hjadnaði og liðanin batnaði svo mikið að ég gat útskrifað daginn eftir.“

Ester, móðir hans, var alls ekki ókunn CBD. Á þessum tíma starfaði hún hjá nýju fyrirtæki í Las Vegas, 1933 Industries, sem sérhæfir sig í iðnaðarhampi og CBD-vörum úr kannabis, svo sem kremum, olíum, varasalva og rafrettuvökva. En áður hafði hún starfað hjá snyrtivöru-fyrirtækjum. Vann hún sig hratt upp í sölueldinni og er í dag forseti fyrirtækisins með yfirumsjón með allri sölu og markaðssetningu.

„Þú kemst ekki í vímu af CBD en liðanin verður miklu betri,“ segir Davíð. „Þetta ruglar heldur ekki í huganum eins og THC gerir.“ Sá Davíð strax hvaða áhrif þetta gæti haft á hjólabrettamenn, sem eru sífellt að glíma við meiðsli og

eymsli. Ákvað hann því að koma á fót sinni eigin línu af CBD-eymslakremum fyrir hjólabrettamenn, Canna Hemp X. Er vörumerkið hluti af 1933 Industries samsteypunni.

Ítrekar Davíð þó að nauðsynlegt sé að til sé regluverk í kringum CBD á hverjum stað, eins og raunin er í öllum 50 ríkjum Bandaríkjanna. CBD og THC komi úr sömu plöntunni og nauðsynlegt sé að vörur séu prófaðar.

Samstarf við Tony Hawk

Hálft ári eftir að Davíð kom af spítalanum, rétt um það leyti sem Canna Hemp X línan var að fara af stað, fékk Davíð boð frá sjálfum Tony Hawk um að hittast í hádegisverði. Hawk, sem er 51 árs, er þekktasti hjólabrettakappi heims, á ótal titla að baki og sína eigin tölvuleikjalínu. Davíð og Hawk höfðu þá einungis áður talast við á samfélagsmiðlinum Instagram.

„Við ræddum um ýmislegt, þar

á meðal bata hjólabrettamanna og höfðum sömu hugmyndir um hann. Það er að til væru annars konar meðöl en ávanabindandi lyf sem lækna ávísa,“ segir Davíð. „Hann hefur sjálfur glímt við ýmis meiðsli í gegnum tíðina. Ég ræddi við hann um CBD og hann tók vel í það.“ Sex mánuðum síðar, árið 2018, hafði Hawk aftur samband og sagðist vilja hefja samstarf um CBD-línuna. Skrifuðu þeir undir samning og hjólin fóru að snúast mjög hratt.

Aðspurður um hvernig maður Tony Hawk sé segir Davíð hann fyrst og fremst vingjarnlegan, einlægan og vel meinandi. „Hann er auðvitað orðinn heimsfrægur og er líka nokkurs konar faðir hjólabrettasamfélagsins.“

Íslenska senan frábær

Davíð sjálfur er alls ekki hættur að skeita. „Mér fór að ganga betur þegar ég hætti að hugsa um þetta út frá atvinnumennsku. Þegar ég fór að gera þetta fyrir listina og ástina. Vitaskuld spila peningar inn í þetta og fólk vill kaupa auglýsingar,“ segir hann. „Það er hægt að græða mikla peninga á þessu en er að sama skapi krefjandi. Ef ég á að líkja þessu við eitthvað þá væri það fyrirsætustörf. Trikkið sjálft skiptir ekki öllu máli, heldur hvernig þú gerir það.“ Þá segir hann sýnileika á samfélagsmiðlum skipta sífellt meira máli.

Davíð hefur enn þá sterk tengsl við Ísland og heimsækir landið reglulega, síðast í haust. Einnig heldur hann sambandi við blóðföður sinn og bróður sem búa í Noregi. Á Íslandi grípur hann vitaskuld í brettið eins og annars staðar en hann segir íslensku brettasenu frábæra. „Ótrúleg, hún er ein af þeim bestu sem ég hef séð,“ segir hann og nefnir sérstaklega Róbert Ingimarsson, Steinar Fjeldsted og Gauta Þey Masson, betur þekkan sem Emmsjé Gauta. Þá sé mikið af yngri skeiturum sem séu að gera góða hluti. „Ég á Gauta mikið að þakka. Hann kenndi mér margt og kom líka til Vegas til að hitta mig.“

HEILIN

LAUGARDAGUR 7. MARS 2020

Helgin



Sykursýkin engin hindrun

Það eru ekki nema um þrjú ár síðan hin 24 ára gamla Elin Sóley Sigurbjörnsdóttir byrjaði að hlaupa og er hún þegar handhafi Íslandsmeistaratitils. Hún lifir eðlilegu lífi en segist bera virðingu fyrir sykursýkinni. ➔2

Elin Sóley Sigurbjörnsdóttir er með sykursýki af tegund 1 sem hún segir hafa kennt sér ótal margt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

100% HREINT
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ



Fæst í flestum apótekum, heilsuhúsum,
www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

OPIÐ HÚS Í MK

Fimmtudaginn 12. mars 2020 kl. 16.30 - 18.30



Afreksípróttasvið
Félagsgreinabraut
Opin braut
Viðskiptabraut
Raungreinabraut
Framhaldsskólabraut
Starfsbraut einhverfra

Bakstur- bakari
Framreiðsla- þjónn
Kjötiðn- kjötiðnaðarmaður
Matreiðsla- kokkur
Grunndeild matvæla- og ferðagreina

Matsveina - og matartæknanám
Meistaránám í matvælagreinum
Leiðsögunám



Menntaskólinn í Kópavogi

þekking - þroski - þróun - þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi, Hótel- og matvælagráskólinn
Ferðamálagráskólinn og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51, Sími 594 4000
www.mk.is

Framhald af forsiðu →

Hjördís Erna
Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Elin hefur alla tíð búið í Kópavoginum og stundaði fótbolta á sínum yngri árum. „Ég æfði fótbolta í níu ár, eða þangað til ég var 17 ára. Ég var í menntaskóla þá, í Verzlunarskóla Íslands, og á þeim tíma var félagslífð aðeins meira spennandi. Þegar ég hætti í fótboltanum byrjaði ég í ræktinni með vinkonunum og þá var ég aðallega að lyfta og gera æfingar sjálf og svo vorum við vinkonurnar mjög duglegar að fara í spinning saman. Það er helsti íþróttabakgrunnurinn minn.“

Afdrifarik ákvörðun


Elin segir hlaupaáhugann hafa kviknað út frá kynnum við góða vinkonu í gleðskap. „Aðdragandinn var frekar skemmtilegur þegar ég kynntist vinkonu minni, Thelmu Lind, í partíi hjá sameiginlegri vinkonu. Við vorum báðar á sama ári í Verzlunarskólanum og eigum mikið af sameiginlegum vinkonum en höfðum einhverra hluta vegna aldrei talað saman fyrr.“

Ólíkt því sem margir hafa eflaust upplifað létu þær vinkonur verða af áformunum og hafa ekki stoppað síðan. „Svo þegar aðeins var líðið á kvöldið þá vorum við búnar að ákveða að byrja að hlaupa saman og við bara létum verða af því, ótrúlegt en satt. Þannig að við tókum fyrsta hlaupið okkar saman nokkrum dögum síðar og við erum báðar enn þá að í dag. Það má segja að þetta hafi verið gott partí og við erum þakklátar vinkonu okkar.“

Hlaupin hafi þó löngum heillað. „Mér fannst hlaupin alltaf mjög spennandi en lét í rauninni aldrei verða af því fyrr en ég kynntist vinkonu minni fyrir þremur árum. Við skráðum okkur fljótlega í maraþon og höfum reyndar farið þrjú síðan þá og gerum alltaf skemmtilega ferð út frá þessu. Mér þykir rosalega vænt um þessar ferðir.“

Sami þjálfarinn frá byrjun

Þær Elin og Thelma ákváðu í upphafi að leita ráða hjá fagmanni. „Við vissum í rauninni ekkert hvað við vorum að fara út í og þess vegna leituðum við aðstoðar hjá Sigurði Péttri Sigmundssyni hlaupaþjálfara og hann er enn þá hlaupaþjálfarinn minn í dag. Hann er frábær þjálfari og ég hef verið að þjálfá með hópnum hans sem kallast einfaldlega „Hlaupaþópur Sigga P.“ sem samanstendur af mjög skemmtilegum hlaupurum á



Elin er bjartsýn og metnaðarfull, innan sem utan hlaupabrautarinnar.

öllum aldri, bæði fólki yfir sextugt og um tvitugt,“ segir Elin.

Hún segir hann hafa reynt mörgum vel. „Hann er ótrúlega fróður um hlaup og ég hef lært að ég treysti honum, hann veit alveg hvað hann er að segja og það skilar sér. Mér finnst alltaf gaman að fara á æfingar og ég mæli mikið með honum. Það er hægt að hafa samband við hann og fá sérsníðið hlaupaþrógramm með mjög góðri eftirfylgni og ég veit að margir hlauparar hafa náð ansi góðum árangri með hans aðstöðu.“

Hópurinn hans Sigga hleypur ýmist innan- eða utandyra, eftir tíma árs. „Á veturna höfum við aðstöðu í Laugardagshöll og á sumrin erum við úti og það er þá annaðhvort í Laugardalnum eða Heiðmörk sem er æðislegt, sérstaklega þegar það er gott veður. Byrjum á því svona í kringum maí.“

Virðing fyrir sykursýkinni

Elin er með sykursýki af tegund 1 og þarf því að huga að ýmsu í kringum iðkunina. „Stærsta áskorunin er kannski að samtvinna þetta tvennt en það hefur gengið ótrúlega vel. Það er svona eitthvað



Hérna er Elin í Chicago þar sem hún hljóp maraþon árið 2018.

sem ég þarf að hugsa aukalega um sem aðrir þurfa ekki að þæla í. Tæknin í dag er orðin svo ótrúlega góð að það er hægt að lifa fullkomlega eðlilegu lífi og ég myndi segja að ég lifi bara mjög eðlilegu lífi.“

Það sé þó áriðandi að fylgjast vel með. „En ég verð auðvitað að bera virðingu fyrir sykursýkinni og gefa mér tíma til að sinna henni á hverjum degi. Hún hefur alls ekki hamlandi áhrif á líf mitt og hefur í raun mótað mig að þeim einstaklingi sem ég er í dag. Ég þarf bara að vera skipulögð, sérstaklega með það hvenær ég borða og gef mér insúlínkammta. Ég hef svoltið fundið mína rútinu með, ef ég má sletta, í gegnum svona „trial and error“ ferli. Maður finnur hvað virkar og virkar ekki og gefur sér góðan tíma í það.“

Lífið með sykursýkinni hafi verið lærdómsríkt. „Þetta hefur í raun kennt mér að temja mér skipulag, skynsemi og þrautseigju sem ég tel að hjálpi manni líka bara í lífinu, hvort það sem er eitthvert markmið, skólinn eða í rauninni hvað sem er.“

Hún segir mikilvægt að fólk sé meðvitað um að sjúkdómur á borð við sykursýki þurfi ekki að standa í vegi fyrir því að draumar rætist. „Mig langar að setja gott fordæmi og sýna að það að vera með sykursýki er engin ástæða til að stoppa fólk í lífinu. Manni eru allir vegir færir og það ætti ekkert



Elin á fleygiferð ásamt vinkonu í Reykjavíkumaraþoninu í fyrra.



Elin Sóley fagnar því að hafa lokið Berlínarmaraþoninu árið 2019.

að stoppa mann í að gera það sem mann langar. En að sjálfsögðu er mikilvægt að vera alltaf með skynseminu að leiðarljósi.“

Fjölskyldan á hliðarlínunni

Elin hefur einnig hlaupið maraþon víða um heim. „Mér finnst þessi maraþon sem ég hef farið í ótrúlega skemmtileg, við höfum farið tvær vinkonur saman í þau öll og alltaf gert smá ferð út úr því, förum ekki strax heim og fáum aðeins að njóta borgarinnar. Það er líka gaman að hlaupa um borgirnar, maður fær svona öðruvísi sýn á borgina,“ segir hún.

„Fyrsta maraþonið var í München í Þýskalandi, síðan árið eftir förum við til Chicago, það var ótrúlega skemmtileg upplifun, Kaninn er náttúrulega yktur fyrir allan peninginn. Svo var það Berlín síðasta haust þannig að það hefur alltaf líðið ár á milli.“

Elin nýtur mikils stuðnings ástvina og er því afar þakklát. „Svo er ég ótrúlega heppin með stuðning frá fjölskyldunni minni en mamma, pabbi, tvíburaþóðir minn og kærasti hafa alltaf komið með út til þess að hvetja okkur og mér finnst eiginlega toppurinn í þessum maraþonum að sjá þau á hliðarlínunni og hvað þau hafa gaman af þessu. Þau segja líka alltaf eftir hvert og eitt: Jája, Elin. Hvert förum við næst?“ segir Elin hlæjandi. „Þeim finnst þetta ótrúlega gaman og þau hafa verið mér ómetanlegur stuðningur í öllu.“

Elin hefur náð undraverðum árangri á stuttum tíma en hún byrjaði ekki að keppa fyrr en í byrjun þessa árs. „Síðasta haust ákváðum við Siggi í sameiningu að einblína meira á styrk og styttri vegalengdir. Ég fór Berlínarmaraþonið síðasta haust og hafði bara verið í þessum löngu hlaupum. Siggi P. hefur séð eitthvað í mér sem varð til þess að hann skráði mig í keppni í millivegalengdum og ég prófaði fyrst að keppa í janúar síðastliðnum og það kom mér á óvart hvað það gekk ágætlega.“

Íslandsmeistari á augabragði

Ágætlega er vægt til orða tekið en óhætt er að fullyrða að Elin hafi byrjað hlaupaferilinn með glæsibrag. „Ég sem sagt vann fyrsta 800 metra hlaupið sem ég tók þátt í og lenti í þriðja sæti í 1.500 metrum. Eftir það mót fékk ég óvænt tækifæri til að keppa á Reykjavíkurlæikumum, RIG, í gegnum þjálfarann minn en það vantaði íslenskar stelpur til að keppa í 800 metrum og við vorum tvær sem fengum að keppa. Það var ótrúlega skemmtileg reynsla. Svo keppti ég á MÍ sem er Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum innanhúss og þar sigraði ég í 1.500 metra hlaupi kvenna og varð þar með Íslandsmeistari í þeirri grein og var önnur í 800 metrum.“

Hún segir árangurinn óvæntan og segir trú Sigga á sér hafa spilað þar mikilvægt hlutverk. „Þetta hefur verið skemmtilegt og á sama tíma komið mér á óvart. Það kom mér líka á óvart hvað millivegalengdarhlaupin eru skemmtileg og ég er ekki frá því að þetta eigi bara ágætlega við mig. Mér hefði í raun aldrei dottið í hug að keppa í styttri vegalengdum ef Siggi P. hefði ekki hvatt mig til þess.“

Elin hefur einnig náð glæsilegum árangri utan hlaupabrautarinnar. „Ég kláraði BS-nám í samvinnufræði síðasta vor og byrjaði í mastersnámi núna í haust í líf- og læknavísindum. Í mínu verkefni er ég að fást við grunnrannsóknir á slitgigt sem mér finnst ótrúlega áhugavert.“

Framtíðin er björt og markmiðin skýr. „Að halda áfram að bæta mig og jafnvel halda áfram í millivegalengdinni, mér finnst það mjög skemmtilegt. Síðan er ég skráð í hálf títill maraþon í Kaupmannahöfn.“

Elin hyggst verja helginni í að keppa og svo að njóta verðskuldadrar afslöppunar. „Ég er svo að keppa um helgina á bikarmótinu í 1.500 metrunum fyrir FM. Síðan ætlum við kærastinn minn mögulega að kíkja í bíó, það er langt síðan við förum síðast,“ segir hún, létt í bragði.

Glæsilegir skartgripir
innblásnir af íslenskri sögu

fríða

GULLSMÍÐUR & SKARTGRIPAHÖNNUÐUR

Skólavörðustíg 18 – www.fridaskart.is

Stærsta hundasýning heims er hafin

Crufts-hundasýningin, sú stærsta sinnar tegundar í heiminum, hófst í Birmingham í vikunni. Sýningin hefur verið haldin árlega síðan 1891 og í ár er von á þúsundum hunda og eigendum þeirra.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Stærsta hundasýning heims, Crufts, stendur nú yfir í borginni Birmingham á Englandi, en hún fer fram dagana 5.-8. mars. Sýningin er alþjóðleg og hefur verið haldin árlega í Bretlandi síðan árið 1891, að undanskildum stríðsárum 1914-18 og 1939-45. Í ár hafa verið settar ákveðnar takmarkanir til að vinna gegn útbreiðslu kórónavírussins, en engu að síður er gert ráð fyrir að mörg þúsund hunda og eigendur þeirra mæti á viðburðinn.

Það er breski hundarættar-klúbburinn The Kennel Club sem skipuleggur viðburðinn, en hann er elsti hundarættar-klúbbur heims. Heimsmetabók Guinness hefur staðfest að sýningin sé sú stærsta sinnar tegundar í heiminum, en þar eru um 200 hundategundir til sýnis.

A sýningunni fara margar keppnir fram samtímis, en aðalkeppnin snýst um að velja besta hundinn og samkeppnin um þann titil er hörð. Hér eru myndir frá fyrsta degi sýningarinnar.



Það er engin smá vinna að gera púðlu-hundana tilbúna fyrir sýningu. MYNDIR/GETTY

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic Star

Nýjar umbúðir

Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is


Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



Um 200 hundategundir eru til sýnis á Crufts-sýningunni.



Fegurð kostar vinnu og eigendurnir spara ekki puntid.



Þessir Yorkshire terrier-hundur voru tilbúnir að sýna sig og biðu rólegir eftir að röðin kæmi að þeim.

Mest selda liðbætiefni á Íslandi


LIÐVERKIR, STIRÐLEIKI EÐA BRAK Í LIÐUM?



2-3ja mánaða skammtur í hverju glasi



Þessi Terrier-hundur lætur sér fjóra jafnskjóta ekki duga og mætti því á sýninguna á hjólabretti.



Litill Pinscher-hundur virðir fyrir sér sýninguna.

Nú hefur Curvy hafið sölu á nýjum vörumerkjum

15% KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF NÝJU VÖRULÍNUNUM ALLA HELGINA

VERO MODA®
CURVE
ONLY CARMAKOMA
•••••

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is eða
komdu í verslun okkar í Hreyfilshúsið við Grensásveg



CARMAKOMA pleðurjakk
Stærðir 14-26
8.492 kr
9.990 kr



VERO MODA CURVE Túnika
Stærðir 16-20
6.792 kr
7.990 kr

Curvy 

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Herrafataverslun Guðsteins er ein elsta starfandi verslunin á Laugaveginum en hún var stofnuð árið 1918 og hefur staðið við Laugavegin frá 1929. „Ég keypti verslunina í sumar en hef verið rekstrarstjóri hér í fjögur ár,“ segir Sólveig. Hún segir að það að akstursstefnu hluta Laugavegarins hafi verið breytt þannig að ekki sé hægt að keyra niður alla götuna lengur hafi haft töluverð áhrif á sölu hjá versluninni.

Akstursstefnunni hefur verið breytt þannig að á milli Klapparstígs og Frakkastígs er keyrt upp Laugavegin í austurátt.

„Það sem hefur gerst eftir þessar breytingar er að það myndast tappi þegar bílarnir keyra upp Laugavegin og niður Frakkastíg. Bílarnir koma þarna úr þremur áttum og þeim er lagt sitt hvorum megin við Frakkastígin svo umferðarteppan sem myndast er oft mjög slæm. Fólk verður oft pirrað á teppunni og keyrir á móti umferðinni svo að traffíkin hefur ekkert batnað eins og mér var sagt,“ segir Sólveig en hún sendi tölvupóst til Skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar í nóvember til að spyrjast fyrir um hvort breyta ætti akstursstefnunni til baka, en henni barst svar tveimur mánuðum seinna.

Svarið sem Sólveig fékk var að ekki stæði til að breyta aftur akstursstefnu á Laugaveginum. Þar stóð: „Núverandi fyrirkomulag með akstur upp hluta Laugavegs hefur gefist vel til þess að liðka fyrir flæði umferðar. Það hefur líka verið jákvætt fyrir þá íbúa sem þar búa, en áður fyrr fór öll umferð niður Laugavegin og beygði svo niður Vatnsstíginn. Það skapaði mikla umferð um þessa litlu hliðargötu og mengun fyrir þá íbúa. Núverandi fyrirkomulagi er einmitt ætlað að dreifa umferðinni betur þannig að þessi álagssvæði myndist ekki og bílaumferðin gengur hægt en jafnframt skilvirkar fyrir sig.“

Sólveig segist engan þekkja sem finnst þetta gott fyrirkomulag. „Ég fæ mörg símtöl á dag frá fólki sem spyr hvort ekki eigi að fara að breyta þessu aftur.“

Elstu kunnarnir mínir sem eru tryggir viðskiptavinir treysta sér varla til að koma í búðina. Oft



Sólveig Grétarsdóttir er ósátt við breytta akstursstefnu á Laugavegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Borgin þarf að hlusta á verslunareigendur

Sólveig Grétarsdóttir, eigandi Herrafataverslunar Guðsteins á Laugavegi, segist ósátt við breytta akstursstefnu á hluta götunnar, sem hafi haft slæm áhrif á viðskiptin. Íslendingar hafi dregið úr heimsóknnum á Laugavegin.

láta þeir skutla sér en fólkið sem skutlar þeim ratar ekki þessa leið. Þetta veldur bara ringulreið og ruglingi og íbúar í kring kvarta yfir þessu.“

Íslendingar koma sjaldnar á Laugaveg

Sólveig segir að verslunin lifi ekki eingöngu á ferðamönnum en Íslendingarnir hafa dregið töluvert

úr heimsóknnum á Laugavegin. „Ég sé alveg fyrir mér hvernig þetta verður ef Laugavegurinn verður göngugata allt árið, verslun mun færast af Laugaveginum. Við búum

„Ég fæ mörg símtöl á dag frá fólki sem spyr hvort ekki eigi að breyta þessu aftur. Elstu kunnarnir mínir, sem eru tryggir viðskiptavinir, treysta sér varla til að koma í búðina til mín.“

á Íslandi og það er ekki hægt að hafa lengstu göngugötu í Evrópu með íslenskt veðurfar. Mér finnst frábært að loka götunni í góðu veðri á sumrin og þegar eitthvað er um að vera. En í sex stiga frosti, snjókomu og slyddu þá á hún bara að vera opin. Þá eru engir gangandi vegfarendur á ferli, þó að þetta sé merkt göngugata.“

Eftir að verkfallið hófst hjá Eflingu hefur neðri hluti Laugavegarins verið opinn fyrir umferð og Sólveig segir að verslunareigendur þar hafi fagnað því vegna þess að þeir eru aftur farnir að sjá Íslendinga í búðunum á virkum dögum. „Íbúarnir hér í kring sem vildu áður göngugötu eru margir farnir að hugsa sig um aftur, því að umferðin er farin að þjappast inn í hverfið þeirra. Fólk er farið að keyra Njálsgötuna, Grettisgötuna og fleiri hliðargötur til að komast leiðar sinnar. Ég hefði haldið að það væri skynsamlegra að þrengja bara Laugavegin þannig að hann væri þröng umhverfis-græn gata en hægt að keyra niður hana. Svo er hægt að keyra upp og niður Hverfisgötuna líka. Flæðið þarf að vera þar en ekki inni í íbúðahverfunum.“

Sólveig segir að henni finnst umræðan um Laugaveg þurfa að vera jákvæð því þetta er aðalverslunargatan í miðbæ Reykjavíkur. „Neikvæð umræða skapar neikvæða ímynd. En borgin þarf að hlusta á verslunareigendur við Laugaveg. Þetta eru ekki bara veitingastaðir og krakkar að leika sér á göngugötunni. Þetta er verslunargata.“

Undirskrift hefur gríðarleg áhrif

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Hin íranska Yasaman er leikkona og líflegur karakter. Þann 8. mars í fyrra, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, framdi hún gjörning í lest þar sem hún gaf konum blóm í tilefni dagsins og hvatti þær sem vildu til að taka af sér höfuðslæðuna. Yasaman talaði um framtíðarvonir sínar þegar allar konur hefðu frelsi til að velja hverju þær klæðast og þær gætu allar gengið saman „ég án höfuðslæðu og þú með höfuðslæðu“.

Viðburðurinn náðist á myndband og fór á flug á internetinu í mars í fyrra. Fyrir þetta fékk Yasaman 16 ára fangelsisdóm. Hún var pyntuð og haldið í einangrun dögum saman og þvinguð til að játa á sig glæp. Nýlega var dómurinn stytur í rúm níu ár. Á vefsíðu Amnesty er hægt að lesa um mál Yasaman og skrifa undir ákall um að láta hana lausa. Þar segir að ekki megi viðgangast að írönsk stjórnvöld ræni hana bestu árum lífs hennar vegna þess eins að hún telur að komur eigi að hafa frelsi til að velja hverju þær klæðast.

Ætla að fræða almenning

„Við ætlum að hafa gjörning í



Drifa Atladóttir verður í Kringlunni á morgun ásamt félögum úr ungliðahreyfingu Amnesty. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kringlunni til að vekja athygli á þessu máli. Við dreifum blómum, fræðum almenning um Yasaman og biðjum fólk að skrifa undir ákall hjá okkur þar sem við erum að reyna að þrýsta á stjórnvöld að leysa hana úr fangelsi,“ segir Drifa Atladóttir, meðlimur ungliðahreyfingar Amnesty, en hún verður ásamt fleiri meðlimum í Kringlunni á morgun á milli klukkan 14 og 16.

„Ég er bæði í Háskólafélagi Amnesty og ungliðahreyfingunni og við höldum reglulega viðburði til að vekja athygli á ýmsum mál-efnum sem Amnesty er að berjast fyrir,“ segir Drifa.

„Mál Yasaman er ekki bara tekið fyrir í þessum gjörningi í Kringlunni heldur er það hluti af stærri alþjóðlegri herferð sem heitir Þitt nafn bjargar lífi. Þar er barist fyrir máli Yasaman og fleira fólks. Við höfum oft séð jákvæðar framfarir í kjölfarið á því að Amnesty tekur fyrir svona mál. Þér finnst kannski að undirskrift þín skipti ekki máli, en við höfum séð að þegar allur heimurinn er að taka þátt í þessu þá hefur það gríðarleg áhrif.“

Drifa segir að fólk taki yfirleitt vel í undirskriftasafnanir hjá ungliðahreyfingunni og Háskólafélaginu. „Sérstaklega í málum eins og þessum sem er bara fríðsæll gjörningur. Þá er fólk mjög til í að koma og kíkjá á okkur og sjá hvað er í gangi.“

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

70
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Björt og spennandi framtíð

Taktu þátt í að leiða Þjóðleikhúsið á skapandi tímamótum

Þjóðleikhúsið stendur á skapandi tímamótum. Leikhúsið ætlar að snerta og hreyfa við fjölmörgum leikhúsgestum með framúrskarandi leiksýningum sem líða seint úr minni. Þjóðleikhúsið er sameign þjóðarinnar og á að vera opið og aðgengilegt en um leið beitt og með ríkt erindi.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri leikhússins við hlíð leikhússtjóra. Hann fer fyrir rekstrarsviði leikhússins en undir það heyra sviðs- og tæknideildir; fjármál og rekstur; samskipta-, markaðs- og upplýsingamál, og skipulags- og öryggismál. **Nánar um starfið, hæfnis- og menntunarkröfur á Starfatorg.is og á leikhusid.is**

Forstöðumaður samskipta, markaðsmála og upplifunar

Forstöðumaðurinn mótar og framfylgir samskiptastefnu leikhússins. Hann stýrir samtali leikhússins við samfélagið, fer fyrir markaðs- og sölumálum, og hefur yfirmsjón með upplifun og þjónustu. **Nánar um starfið, hæfnis- og menntunarkröfur á Starfatorg.is og á leikhusid.is**

Þjónustu- og upplifunarstjóri

Þjóðleikhúsið hyggst stórbæta þjónustu og upplifun leikhúsgesta allt frá því komið er í leikhúsið og þar til leiksýningu er lokið. Þjónustu- og upplifunarstjóri stýrir allri þjónustu og upplifun gesta í og í kringum leikhúsið. Hann mun leiða bættu veitingaþjónustu. **Nánar um starfið, hæfnis- og menntunarkröfur á Starfatorg.is og á leikhusid.is**

Þjóðleikhúsið hvetur fólk af öllum kynjum til að sækja um störfin.

Nánari upplýsingar um leikhúsið og nýtt skipulag á leikhusid.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars

Þjóðleikhúsið • Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is

Vilt þú vera hluti af lausninni?

Verkumsjón vélbúnaðar og veitna

Við leitum að liðsaka í teymið okkar sem sér um rekstur varmastöðva, gufuveitu og kaldvatnsveitna á virkjanasvæðum.

Ef þú ert vélfræðingur eða með sveinspróf í málmíðnum, ert lipur í samskiptum og hefur ánægju af verkstjórn viljum við heyra frá þér. Helstu verkefni eru að stýra verkum iðnmenntaðs starfsfólks og verktaka, taka faglegar ákvarðanir og styðja við störf deildarstjóra vélbúnaðar og veitna.

Þar sem konur eru í miklum minnihluta starfsfólks hjá virkjunum ON hvetjum við þær sérstaklega til að sækja um.*

* Á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna, auk þess að framleiða heitt vatn fyrir höfuðborgarsvæðið. Við rekur virkjanir á Hellisheiði, Nesjavöllum og við Andaklísá.

Við erum leiðandi í umhverfisvænum orkuskiptum á Íslandi og nýsköpun í nýtingu auðlindastrauma. Við höfum sett okkur metnaðarfull loftslagsmarkmið og viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni til að bæta lífsgæði í nútíð og framtíð.

Hjá okkur ríkir jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri liðsheim, uppbyggilegum skoðanaskiptum og virðingu í samskiptum. Við bjóðum upp á fyrsta flokks aðbúnað og fjölskylduvænan vinnutíma.

Umsóknarfrestur er til 19. mars 2020

Allar nánari upplýsingar má finna á: starf.on.is

JAFNRÉTTISRÁÐ

JAFNALINGVOTTJAN
2018 - 2021

Jafnannáttúrekt
ÞVC
2018

ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík • Sími 591 2700 • www.on.is • on@on.is • [@orkanatturunnar](https://www.instagram.com/orkanatturunnar)

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

HANDKNATTLEIKAMBAND ÍSLANDS (HSÍ) ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA MÓTASTJÓRA TIL STARFA

Starfið felur í umsjón með mótahaldi HSÍ, aðstoð við fræðslumál og önnur tilfallandi störfum.

Starfssvið

- Umsjón með mótahaldi HSÍ
- Samskipti við hreyfinguna
- Félagaskipti og leikheimildir
- Samskipti við nefndir
- Almenn skrifstofustörf sem og annað sem til fellur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla úr starfi innan Handknattleikshreyfingarinnar er kostur
- Góðir skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði sem og góða hæfni í að vinna með öðrum í teymi
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Handknattleikssamband Íslands er eitt stærsta sérsamband innan ÍSÍ og eru starfsmenn á skrifstofu þess nú sex.

Umsóknir og ferilskrá óskast send á framkvæmdastjóra HSÍ Róbert Geir Gíslason, robert@hsi.is fyrir 23. mars nk. Framkvæmdastjóri HSÍ veitir einnig frekari upplýsingar sé þess óskað.



LAUS STÖRF HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

Fjölskyldu- og barnamálasvið

- Starfsmenn í liðveislu
- Sumarstarf á heimili fatlaðs fólks - Smárahvammur
- 80% starf á heimili fatlaðs fólks - Smárahvammur

Grunnskólar

- Skólastjóri - Engidalsskóli

Hafnarfjarðarhöfn

- Vélstjóri / hafnarvörður

Leikskólar

- Leikskólakennari - Bjarkalundur
- Proskapjálfi - Víðivellir

Mennta- og lýðheilsusvið

- Umsjónarkennari í fjölgreinadeild - Menntasetrið við Lækinn

Vinnuskóli Hafnarfjarðar

- Flokkstjórar - sumarstarf
- Sumarstörf fyrir ungmenni fædd 2002 og eldri

Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánar á hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is



Framkvæmdastjóri Vörustjórnunarsviðs Supply Chain Lead

We offer an exciting workplace in an international environment where we strive for continuous improvement to meet our customers' needs. We acknowledge and respect our customers' diversity and want our employees to reflect that diversity.

As Supply Chain Lead you will be part of the Steering Committee and participate in implementing the business strategy for Supply Chain. You will lead a team of managers in Manufacturing, Warehouse, Distribution and QESH - for both Reykjavík and Akureyri sites with approx. 90 employees. You will be responsible for Supply Chain KPIs and continuous improvement.

You will also represent Supply Chain in Iceland in central projects within Coca-Cola European Partners and work with an international team of Supply Chain executives.

This is an exciting role that offers great opportunities for the right candidate!

For a more detailed job description, visit our career site <https://is.ccep.jobs>. Applications should include both CV and cover letter in English and be made through our career site **before March 16th 2020**. All enquiries will be treated as confidential.

Við bjóðum spennandi vinnustað í alþjóðlegu umhverfi þar sem við erum í sífelldum breytingum og umbótavinnu til að mæta þörfum viðskiptavina okkar. Viðskiptavinahópurinn er fjölbreyttur og við viljum að starfsmenn okkar endurspegli þá fjölbreytni.

Sem framkvæmdastjóri vörustjórnunarsviðs munt þú tilheyra framkvæmdastjórn og taka þátt í mótun og innleiðingu stefnu fyrirtækisins. Þú munt leiða teymi stjórnenda á Íslandi sem bera ábyrgð á framleiðslu í Reykjavík, Víking Brugghúsi á Akureyri, vöruhúsi, dreifingu, innkaupum, tækjaleigu, öryggis- og gæðadeild þar sem samtals um 90 starfsmenn starfa. Verður þú ábyrgur eða ábyrgur fyrir árangursmælikvörðum og stöðugum úrbótum.

Þú munt jafnframt taka þátt í miðlægum verkefnum Coca-Cola European Partners fyrir hönd vörustjórnunarsviðs á Íslandi og tilheyra hópi framkvæmdastjóra vörustjórnunarsviða CCEP í Norður-Evrópu.

Um er að ræða spennandi starf á alþjóðlegum vettvangi sem býður mikla möguleika fyrir réttan einstakling!

Ítarlegri starfslýsingu má finna á ráðningarvef okkar <https://is.ccep.jobs>. Umsóknir skulu innihalda bæði ferilskrá og kynningarbréf á ensku og fara í gegnum ofangreindan ráðningarvef **fyrir 16. mars 2020**. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

For further information, please contact / Nánari upplýsingar veita:

Sonja M. Scott HR Business Partner sonja@ccep.is

Júlia Rós Atladóttir - Associate Director Supply Chain Iceland - julia@ccep.is

Coca-Cola
EUROPEAN PARTNERS

Coca-Cola European Partners Ísland ehf.
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík - 525 2500 - Info@ccep.is



JAFNLAUNAVOTTUN
2018 - 2021

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Leikskólinn Bæjarból

- Deildarstjóri

Fjölskyldusvið

- Sumarstörf og framtíðarstörf - Stuðningur við ungan mann heima og við ýmsa afþreyingu

Samveitur Garðabæjar

- Pípulagningarmaður eða véltæknimenntaður aðili

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>



GARÐABÆR
gardabaer.is



Við leitum að snillingum í samskiptum

Vegna aukinna umsvifa þurfa Momentum og Gjaldheimtan að bæta við sig öflugum einstaklingum

INNHEIMTU- FULLTRÚAR

Innheimtufulltrúar þurfa að vera jákvæðir og ákveðnir en um leið þjónustulundaðir. Mikilvægt er að þeir hafi ríkan vilja til að aðstoða viðskiptavinum okkar við að leysa úr málum sem sum hver geta verið erfið úrlausnar. Gerð er krafa um góða almenna menntun en einkum verður horft til starfsreynslu umsækjanda. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af Navision og Excel.

Momentum og Gjaldheimtan bjóða upp á lífleg en um leið krefjandi störf í ört vaxandi umhverfi. Starfsfólk okkar er jákvætt, öflugt og reynslumikið og leitum við að nýju fólki til að bætast í okkar góða hóp.

Umsækjendur sendi ferilskrá á starfsumsokn@momentum.is eigi síðar en mánudaginn 16. mars n.k.

Bent er á upplýsingar um félögin á www.momentum.is og www.gjaldheimtan.is



GJALDHEIMTAN
löginnheimta



MOMENTUM
innheimtubjónusta

Laugavegur 182, 105 Reykjavík

Borgarritari



Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf borgarritara Reykjavíkurborgar. Borgarritari er æðsti embættismaður Reykjavíkurborgar að borgarstjóra undanskildum og fer með forystu- og samhæfingarhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og tilheyrir yfirstjórn Reykjavíkurborgar. Ráðið er í starf borgarritara af borgarráði til fimm ára.

Ábyrgðarsvið:

- Forysta um að Reykjavíkurborg sé í fararbroddi í þróun og þjónustu, stjórnsýslu og rekstri á landsvísu og standist samanburð við framsæknar borgir í alþjóðlegum samanburði
- Ábyrgð á að stefnumörkun borgarráðs og borgarstjórnar sé fylgt eftir með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar
- Eftirlit með að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagsheimildir
- Ábyrgð á því að stuðla að lýðræðislegum stjórnunarháttum með því að auka gegnsæi og styrkja upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila
- Yfirumsjón með miðlægrri stjórnsýslu og stoðþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar
- Fer fyrir samningateymi Reykjavíkurborgar í samskiptum við ríkið
- Tengiliður Reykjavíkurborgar við byggðasamlög og B-hluta félög
- Tengiliður Reykjavíkurborgar við atvinnulífið í Reykjavíkurborg og á landsvísu
- Leiðir stór og flókin verkefni sem kalla á samhæfingu og samræmingu innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar og utan þess
- Undir borgarritara heyrir skrifstofa borgarstjóra og borgarritara og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar, farsæl reynsla af stjórnun ásamt reynslu af því að leiða breytingar
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, stefnumótunarvinnu og áætlunargerð
- Þekking og reynsla af rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af samningagerð og undirbúningi samninga
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur

Hjá Reykjavíkurborg starfa á hverjum tíma um 9.000 starfsmenn sem sinna fjölbreyttri þjónustu á mörgum sviðum fyrir íbúa og gesti Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg er einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika. Samkvæmt mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar og þeirri framtíðarsýn sem þar birtist þá einkennist starfsemi Reykjavíkurborgar af fagmennsku og framsækni. Með því að taka öra tækniþróun upp á okkar arma erum við lífandi og skemmtilegur vinnustaður með sterkt aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk á öllum aldri sem vinnur í þágu borgarbúa.

Í kjölfar aukinnar áherslu á þverfaglegt samstarf og styttri boðleiðir upplifir starfsfólk borgina sem einn vinnustað sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu, sveigjanleika og samheldni.

Sjá nánar á: www.reykjavik.is

Umsókn óskast útfyllt á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Skipuð verður 3ja manna hæfnisnefnd sem mun vinna úr öllum umsóknum í samráði við Intellecta. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Umsjón með ráðningu hefur Intellecta. Framlengdur umsóknarrestur er til og með 16. mars 2020. Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is), Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar (loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is).

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Heilbrigðisstofnun Norðurlands Akureyri, Læknir

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) auglýsir lausa stöðu læknis í 80 til 100% starfshlutfalli við Heilsugæsluna á Akureyri. Einnig kemur til greina að ráða til skemmri tíma eða lækni í verkstöðu.

Læknar sem starfa hjá HSN eru með aðalstarfstöð á heilsugæslustöð og sinna móttöku sjúklunga og heilsuvernd ásamt því að sinna vaktþjónustu í héraði skv. vaktaskema hverju sinni. Störfin fela í sér þverfaglega samvinnu innan sem og út fyrir stöðina.

Næsti yfirmaður er yfirlæknir á starfstöð.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna

Hæfnikröfur

- Íslenskt lækningaleyfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert. Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu stofnunarinnar www.hsn.is (laus störf) eða á síðunni <http://www.starfatorg.is/> Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf ásamt staðfestu afriti af opinberu starfsleyfi. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, meðmælum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til mannaútsstjóra HSN, Sauðárhæðum, 550 Sauðárkróki.

Tóbaksnotkun og notkun á rafsígarettum er ekki heimil á vinnutíma innan HSN. Gildi HSN eru - fagmennska, samvinna og virðing.

Starfshlutfall er 80 - 100%

Umsóknarfrestur er til og með 30.03.2020

Nánari upplýsingar veitir


Jón Torfi Halldórsson - jon.torfi.halldorsson@hsn.is - 432 4610
Örn Ragnarsson - orn.ragnarsson@hsn.is - 432 4200

VIÐ LEITUM AÐ
GÓÐU FÓLKI

Kubbur óskar eftir
meiraprófsbílstjórum og
verkafólki til starfa við
sorphirðu í Hafnarfirði.

Umsóknir sendist á kubbur@kubbur.is
Nánari upplýsingar í síma 456-4166

Kubbur ehf. er endurvinnslufyrirtæki með
starfssemi á Ísafirði, í Vestmannaeyjum,
Hafnarfirði, Bolungarvík og Ölfusi.



Finnst þér gaman að redða málunum?

Þjónusta Aðbúnaðar

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur hefur teymi Aðbúnaðar það hlutverk að stuðla að starfsánægju og góðum aðbúnaði starfsfólks OR samstæðunnar. Teymið ber ábyrgð á fasteignaumsýslu, húsvörslu, ræstingu, umsjón með lóðum og lendum, tæknipjónustu, matstofu og bílamálum.

Við leitum að lausnamiðaðri manneskju með mikla þjónustulund til að vera í lykilhutverki í þjónustu varðandi fasteignir og bílamál. Þú þarft að búa yfir góðri samskiptafærni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Almenn tölvukunnátta og skipulagsfærni er nauðsynleg. Iðnmenntun og/eða reynsla af sambærilegu starfi er kostur.

Sótt er um á ráðningarvef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar er að finna.


Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2020.
Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.



≡ HÉÐINN ≡

Héðinn hf. er fyrirtæki með nærri 100 ára sögu af þjónustu við sjávarútveg og iðnað. Hjá Héðni starfa um 100 manns við fjölbreytt störf frá hönnun að fullbúinni vöru. Á framleiðsludeildum Héðins eru verkefni fjölbreytt að mestu við nýsmíði úr svörtu og ryðfríu stáli. Héðinn leitast við að vera samkeppnishæfir á öllum sviðum, starfsaðstaða og aðbúnaður er með besta móti, framleiðsludeildir eru vel tækjum búnað og er leitast við að fylgja framþróun í tækjakosti eins og unnt er til að auðvelda störf, auka gæði og framleiðni.



Málmiðnaðarmaður

Hefur þú áhuga á að gera hugmyndir að veruleika ?

Starfssvið:

- Smíði úr ryðfríu og/eða svörtu stáli.
- Uppsetningar á búnaði.
- Samsetningar á vélbúnaði.

Hæfniskröfur:

- Lönnmenntun og/eða haldbær reynsla úr faginu.
- Íslenskukunnátta.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í hóp.
- Hæfni til að smíða sjálfstætt eftir teikningum.
- Metnaður fyrir faglegum vinnubrögðum.

Við hvetjum fólk af öllum aldri og báðum kynjum til að sækja um.

Umsóknir og fyrirspurnir óskast sendar á jont@hedinn.is



VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

Isavia ANS óskar eftir að ráða reyndan og öflugan forritara til starfa við C/C++ hugbúnaðarþróun. Um er að ræða starf við þróun á fluggagnavinnslukerfi flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík. Í boði er áhugavert og krefjandi starf sem reynir á sjálfstæði og frumkvæði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnar Þórarinsson, deildarstjóri ATM kerfa, arnar.thorarinsson@isavia.is

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af C/C++ þróun er skilyrði
- Reynsla af Unix/Linux stýrikerfum er æskileg
- Frumkvæði, kraftur, öguð og lausnamiðuð vinnubrögð
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.



Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvæðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

Starfið tilheyrir Isavia ANS ehf. sem er dótturfyrirtæki Isavia og annast flugleiðsögupjónustu á Íslandi.

STARFSSTÖÐ:
REYKJAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
22. MARS

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA



ISAVIA



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



TJÖRNIN
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ
VESTURBÆR • MIÐBORG • HLÍÐAR



Fjármálastjóri - Frístundamiðstöðin Tjörnin

Frístundamiðstöðin Tjörnin

Laus er til umsóknar staða fjármálastjóra frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar

Frístundamiðstöðin Tjörnin er staðsett í Frostaskjól 2 í Reykjavík og þar vinna um 200 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn. Frístundamiðstöðin Tjörnin stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 - 16 ára í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.

Frístundamiðstöðin Tjörnin starfrækir sjö frístundaheimili fyrir börn á aldrinum 6-9 ára og fimm félagsmiðstöðvar fyrir unglinga á aldrinum 10-16 ára og eina sértæka félagsmiðstöð fyrir börn með fötlun.

Frístundamiðstöðin Tjörnin leggur mikla áherslu á vellíðan mannaúts og ber titilinn „Stofnun ársins 2019“ borg og bær, stór stofnun. Fjármálastjóri hefur umsjón með fjármálum og rekstri frístundamiðstöðvarinnar og starfsstaða hennar. Starfið felur í sér eftirlit með daglegum rekstri frístundamiðstöðvar og starfsstaða hennar, gerir fjárhagsáætlanir, annast uppgjör, hefur umsjón með mannvirkjum og sér til þess að reksturinn sé innan fjárheimilda. Fjármálastjóri veitir stjórnendum og starfsmönnum frístundamiðstöðvarinnar ráðgjöf, eftirlit og upplýsingar er varðar rekstur, launa- og kjaramál. Fjármálastjóri er hluti af stjórnendateymi frístundamiðstöðvarinnar og skrifstofu frístundamála og tekur þátt í stefnumótun starfseminnar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á stoðeild frístundamiðstöðvarinnar.
- Fjárhagsáætlunargerð.
- Áætlanagerð, tekjur, laun og annar kostnaður.
- Gjaldskrá, uppgjör, tekjuskil.
- Reikningagerð og samþykkt reikninga.
- Samþykkt reikninga í fjármálakerfinu Agresso.
- Umsjón og eftirlit með mannvirkjum og búnaði.
- Umsjón með reikningagerð, upplýsingagjöf og skráningu í upplýsingakerfinu Vala frístund.
- Umsjón og eftirlit með bókhalds- og launakerfum.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða rekstrar.
- Meistarapróf í viðskiptum og rekstri eða önnur viðbótarmenntun sem nýtist í starfi eða mikil starfs- og stjórnunarreynsla á viðkomandi sérsviði.
- Reynsla af stjórnun, fjármálum og rekstri.
- Góð tölvukunnátta, excel, word, bókhalds- og launakerfum.
- Reynsla af bókhalds- og launakerfum.
- Reynsla af opinberri stjórnarsýslu æskileg.
- Hæfni í greiningu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Hæfni í samskiptum á íslensku og ensku.
- Skipulögð, fagleg og nákvæm vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi.

Umsókn fylgi greinargerð, yfirlit yfir nám og fyrri störf.

Umsóknarfrestur ert til og með 18. mars 2020 ráðið verður í stöðuna frá og með 15. maí 2020.

Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Kaldal í síma 411-5700 og tölvupósti gudrun.kaldal@rvkfri.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



SECURITY GUARDS SHIFT SUPERVISOR

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Security Guards Shift Supervisor lausa til umsóknar.


Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2020.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:

<https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/>

Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guards Shift Supervisor. The closing date for this position is **March 13, 2020**. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page: <https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/> Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



Kælismiðjan Frost ehf. óskar eftir að ráða tækni- og verkfræðing til starfa.

- Æskilegt er að viðkomandi sé véltækni- og verkfræðingur af orkusviði.
- Hafi góða færni í notkun Autodesk Inventor og Autocad.
- Hafi góða færni í mannlegum samskiptum.
- Hafi góða færni í ensku.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Kælismiðjan Frost ehf. er með höfuðstöðvar á Akureyri og starfsstöð í Garðabæ, hjá fyrirtækinu starfa u.þ.b. 60 starfsmenn.

Frost fæst aðallega við hönnun og uppsetningu á frysti og kælikerfum til iðnaðarnota, bæði land og skipakerfa, auk þess að sinna viðhaldi slíkra kerfa. Íslensk og erlend sjávarútvegsfyrirtæki eru mikilvægustu viðskiptavinir Frosts.

Undanfarin ár hefur yfir helmingur af veltu fyrirtækisins verið vegna verkefna erlendis.

Áhugasamir vinsamlega sendið ferilskrá og aðrar upplýsingar á gunnar@frost.is

Tækni- og verkfræðingar

VSB Verkfræðistofa leitar að reyndum tækni- eða verkfræðingi til framtíðarstarfa á framkvæmdasviði.

Hefur þú áhuga á að starfa við fjölbreytt og krefjandi verkefni við:

- Fasteignaviðhald
- Framkvæmdaráðgjöf
- Byggingarstjórn
- Framkvæmdaefirlit

Á framkvæmdasviði VSB starfar öflugt teymi bygginga-, tækni- og verkfræðinga. Það er stefna framkvæmdasviðs að nýta sér tækni til þess að stytta sér sporin og nýta starfsmenn rafræn eftirlitsverkfæri, BIM og dróna í sínu starfi. Frekari upplýsingar gefur fagstjóri framkvæmdasviðs, Gísli Ó. Valdimarsson gisli@vsb.is

Íslandsvinurinn stökk upp í stúku með einhverju frægasta kung fú sparki allra tíma og beint á áhorfanda sem hafði verið að móðga hann. Hann vann fjóra titla með Manchester United og var einn mikilvægasti hlekkur í liði Sir Alex Ferguson. Þegar hann var spurður hver væri hans stoltasta stund í búningi félagsins var svarið: „Ég átti margar góðar stundir en ætli það sé ekki þegar ég sparkaði í vitleysinginn.“


Í ár eru 25 ár liðin síðan Cantona sveif um Shelhurst Park með takkana á undan sér og endaði á Matthew Simmons sem hafði hlaupið niður að hliðarlinu til að henda í einhver misgáfuleg orð. Cantona fékk þungan dóm en flestir studdu hann og neikvæðnin var lítil. Ian Wright sagðist til dæmis öfunda Cantona af að hafa gert þetta. Hann missti enga styrktaraðila og þótt hann hafi beðist afsökunar á sínum tíma, sem einnig var stórkostleg stund, þá vissu allir að hann sá ekki neitt eftir þessum gjörðum sínum.



Eric Cantona sér Simmons hrópa og kalla niðrandi orð til sín og örskömmu síðar var hann kominn upp í stúku með takkana á undan sér. MYNDIR/GETTY

Stokkið upp í stúku til að slást

Eric Dier hljóp upp í stúku eftir leikinn gegn Norwich í vikunni til að ræða við stuðningsmann. Hann er alls ekki sá fyrsti sem hefur gert slíkt. Fréttablaðið rifjar upp önnur slík atvik þar sem illa fór.



Mike Milbury og félagar komnir upp í stúku í Madison Square Garden.



Patrice Evra nýbúinn að sparka í sinn eigin stuðningsmann.

um hvers vegna Dier stökk upp í stúku en svo virðist vera að bróðir hans hafi verið í vesni og hann hafi viljað bjarga honum. „Ég tel að Eric Dier hafi gert eitthvað sem atvinnumenn mega ekki gera en í þessum aðstæðum er þetta eitthvað sem við myndum allir gera,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Tottenham, eftir leik.



Ron Artest

Malice at the Palace kalla Bandaríkjamenn slagsmálin sem áttu sér stað fyrir 16 árum þegar Ron Artest, sem kallar sig núna Metta World Peace, óð upp í stúku með hnefana á lofti. Alls fengu níu leikmenn samtals 146 leikja bann og 11 milljónir dollara í sekt. Ron Artest fékk þyngsta dóminn eða 86 leiki.

Undanfarinn var að trölllið Ben Wallace var á leiðinni upp í sniðskot þegar Artest kom aftan að honum og braut harkalega á honum. Slagsmál brutust út meðal leikmanna, sem voru þó fljótlega stoppuð. Artest lagðist á ritaraborðið og hugðist hvíla sig en stuðningsmaður henti nánast fullu bjúglasi í hann. Það fór illa í kappann sem tók á rás upp stígana og beint í áhorfandann. Leikmenn komu á eftir Artest og slagsmálin vörðu í nokkrar mínútur. Aðeins mínúta var eftir af leiknum þegar Artest braut á Wallace.

Artest hljóp beint í fangið á manni sem hann hélt að hefði hent glasinu en það var ekki svo. Sá var saklaus af kastinu en fimm rifbein brotnuðu og hann fékk stóran skurð á höfuðið í hama-ganginum. William Paulson, sem var áhorfandi á leiknum, fékk einnig þungt högg beint á kjammann eins og nokkrir aðrir. Slagsmálin eru enn sögð þau verstu í sögu NBA-deildarinnar.



Reggie Smith

Eftir að hafa verið móðgaður nánast linnulítið í sex lotur í leik árið 1981 var Smith, sem var leikmaður Los Angeles Dodgers, nóg boðið og óð upp í stúku þar sem hann tókst á við rúmlega tveggja metra rum og kúldi hann kaldan. Áhorfendur blönduðu sér fljótt í slagsmálin sem og samherjar Smiths. Hann var að lokum dreginn burt og rekinn af velli. Átta stuðningsmenn voru einnig kærðir en stuðningsmaðurinn talaði snemma um að stefna Smith. Hann hætti þó við.



Vernon Maxwell

Bakvörðurinn knái gjörsamlega missti sig eitt sinn þegar áhorfandi, Steve George, fór að gera grin að eiginkonu hans sem hafði misst föstur. Maxwell óð upp í stúku þar sem hann þrumaði krepptum hnefa beint í andlitið á George sem kjálkbrotnaði. Maxwell var dæmdur í 10 leikja bann og borgaði 20 þúsund dollara sekt með glöðu geði.

Mike Milbury

Milbury spilaði allan sinn feril með Boston Bruins og þótti nokkuð góður. Hans verður þó alltaf minnst fyrir að hafa hoppað upp í stúku árið 1979 og elt tvo samherja sína til að berja stuðningsmann sem hafði blóðgað samherja þeirra með leikskrá. Milbury náði í skottið á honum, klæddi hann úr skónum og þrumaði í andlitið á honum. Hann fékk sex leikja bann fyrir sinn þátt í slagsmálunum.

Patrice Evra

Fransmaðurinn geðþekki var eitthvað illa fyrir kallaður þegar hann gekk að stuðningsmanni Marseille, sem Evra var að spila fyrir, og sparkaði í höfuðið á honum. Stuðningsmaðurinn hafði verið að gera grin að upphitun Evra sem var ekki sáttur og lét einfaldlega vaða. Marseille rifti samningi sínum við Evra og var hann sektaður um 10 þúsund evrur. UEFA setti hann í sjö mánaða bann.

Eric Dier

Eftir leik Tottenham og Norwich í enska bikarnum óð Eric Dier upp í stúku til að ræða við stuðningsmann. Hann lét engin högg eða spörk dynja á kappanum enda virðist hann ekki hafa náð í skottið á kvikindinu. Eitthvað er á huldu



Gleðilega



ega páska

Gleðilega páska



Gleðilega páska

Síriús páskaegg fyrir alla sækera

Ómótstæðilegu Síriús páskaegginn eru tilbúin. Hvort sem það er rjómasjúkkulaði með ljúffengu kremkexi, trufluðum Tromp bitum eða sjúklegum saltlakkrísflögum þá er enginn vafi að þú finnur eitthvað við þitt hæfi. Þú einfaldlega verður bara að prófa til að sannfærast.



NÓÍ SÍRÍÚS



COCOA
HORIZONS

TÍMAMÓT



Okkar ástkæri

Aðalsteinn Viðar Júlíusson
(Alli)

byggingataekniþráðingur,
Stuðlaseli 18, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 3. mars á líknardeild LSH í Kópavogi. Útför Aðalsteins fer fram þriðjudaginn 17. mars frá Seljakirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á Ljósið, endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda.

Margrét Björk Andrésdóttir
Anna Aðalsteinsdóttir **Auðrún Aðalsteinsdóttir**
Ólóf Adda, Sigurður Rúnar og Hildur Björns,
Bjarki Már og Hildur Bára
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Albertsdóttir

dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést sunnudaginn 1. mars.
Útförin fer fram frá Akranesarkirkju þriðjudaginn 10. mars klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á dvalarheimilið Höfða, Akranesi.

Kristín Einarsdóttir
Kristinn Nikulás Einarsson **Guðbjörg Guðbjartsdóttir**
Ásta María Einarsdóttir **Sigurður Björn Þórðarson**
Albert Pétur Einarsson **Alína Leikvoll**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Bjarni Júlíusson

lést á dvalarheimilinu Seljahlið 1. mars. Útför verður frá Seljakirkju mánudaginn 16. mars kl. 13. Hugheilar þakkir til starfsfólksins í Seljahlið fyrir einstaka umönnun og alúð um árabíl.

Margrét G. Guðmundsdóttir **Guðmundur Óli Þórðarson**
Ingibjörg Bjarnadóttir **Haukur Ólafsson**
Skúli Bjarnason **Sigríður Lilly Baldursdóttir**
Bjarni Bjarnason **Svanhildur Kr. Sverrisdóttir**



Elsku mamma okkar, tengdamamma,
amma og langamma,

Guðmunda S. Sveinsdóttir

frá Núpi, Vestur-Eyjafjallahreppi,
síðast til heimilis í
Stífluseli 16, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 27. febrúar. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 10. mars klukkan 13. Hugheilar þakkir sendum við til starfsfólks Eirar fyrir hlýju og góða umönnun.

Ólóf Ólafsdóttir **Þormar Grétar Karlsson**
Guðbjörg M. Ólafsdóttir **Jón Haukur Valsson**
Svanhildur Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum innilega samúð og hlýhug
við andlát og útför elskulegrar
móður okkar, tengdamóður, ömmu,
langömmu og langalangömmu,

Sigríður Bennýjar
Eiríksdóttir

Sérstakar þakkir til starfsfólks Mánateigs
á Hrafnistu fyrir umhyggju og hlýju í garð Sigríðar.

Eiríkur Gunnarsson **Valgerður Stefánsdóttir**
Trausti Gunnarsson **Berglind Rut Sveinsdóttir**
Hildur Gunnarsdóttir **Guðjón Pétur Ólafsson**
Ragnheiður Gunnarsdóttir **Bjarni Snæbjörnsson**
Unnur Gunnarsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Berst fyrir betri heimi


Tinna Hallgrímsdóttir meistaranemi verður fyrsti ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði sjálfbærrar þróunar. Hún mun sækja ráðherrafund SP í sumar.

Mér finnst frábært og afar tímabært að Íslendingar fái loksins ungmennafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum, segir Tinna Hallgrímsdóttir, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræðum. Hún er fyrsti íslenski ungmennafulltrúinn hjá SP á sviði sjálfbærrar þróunar. „En við erum þegar komin með fulltrúa á sviði mannréttinda og loftslagsmála,“ tekur hún fram.

Tinna segir kjör hennar, sem fór fram um síðustu helgi á sambandsþingi National Youth Council of Iceland, fyrst og fremst tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum ungs fólks á Íslandi til þess áhrifamikla hóps sem sækir ráðherrafund Sameinuðu þjóðanna í New York 7. til 16. júlí í sumar. Spurð hvaða stefnumálum hún muni beita sér fyrir þar, svarar hún: „Mér finnst mikilvægt að minnst á hvernig við ætlum að samþætta efnahagslega og umhverfistengda hagsmuni og hvaða málamiðlanir við ætlum að leyfa milli þessara undirstöða sjálfbærni. Það er grundvallaráskorun.“

Atorkan er mikil hjá Tinna. Ásamt meistaranáminu sem hún stundar nú, að loknu BSc-námi í iðnaðarverkfræði, tekur hún viðbótardiplóma á framhaldsstigi í hagnýtum jafnréttisfræðum. Hún gerir sig líka gildandi í félagsmálum. Fyrst var hún viðburðastýra Ungra umhverfissinna og nú er hún varaformaður þeirra. Auk þess er hún formaður Nemendafélags meistaranema í umhverfis- og auðlindafræðum.

Tinna segir áhuga sinn á umhverfismálum hafa vaknað í menntaskóla, eins og á mörgum öðrum málefnum. „Það var ekkert eitt „aha-moment“ sem kveikti þann áhuga, frekar bara þróun sem fór af stað þegar ég fór að átta mig á alvarleika stöðu umhverfismála í heiminum.“ Ekki kannast hún við að hafa fengið sérstaka hvatningu til að vernda umhverfið í sínu uppeldi. „Ég myndi frekar segja að umhverfisáhuginn í fjölskyldunni hafi kviknað þegar ég fór að vekja athygli á þeim málum, en mamma og pabbi voru fljót að taka við sér.“



Tinna smitaði foreldra sína af áhuganum á umhverfismálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Mér finnst mikilvægt að minnst á hvernig við ætlum að samþætta efnahagslega og umhverfistengda hagsmuni.

Að lokum er Tinna spurð hvernig venjulegur dagur sé hjá henni og svarið er: „Dagarnir eru mismunandi en þeir byrja alltaf með sundi eða ræktinni og enda uppi í rúmi með góða bók. Ég er í skólanum mest allan daginn en reyni svo að nýta kvöldin til að elda góðan mat og eyða tíma með fólki sem mér þykir vænt um.“

gun@frettabladid.is



Elskulegur bróðir okkar,

Skúli Magnússon

Bugðutanga 28, Mosfellsbæ,
er látinn.

Útför hans fer fram frá Áskirkju,
Vesturbrún 30, föstudaginn 20. mars kl.
15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en
þeim sem vilja minnst hans er bent á
líknarfélög.

Sigrún Valdimarsdóttir
Mikael Sigurðsson
Valgerður Magnúsdóttir
Auður Lekay
Erna Magnúsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sólveig Hulda Jónsdóttir
(Dolly)

sem lést á hjúkrunarheimilinu
Hlévangi, Reykjanesbæ, 20. febrúar,
verður jarðsungen frá Keflavíkurkirkju
fimmtudaginn 12. mars kl. 13.00.

Guðbjörg Jóna Pálsdóttir **Sigurður Hallmann Ísleifsson**
Jón Örn Pálsson **Elisabet Kjartansdóttir**
Magnús Valur Pálsson **Jóna Guðrún Jónsdóttir**
Þórður Pálsson **Laufey Eydal**
Kristinn Pálsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Hreiðar Holm

lést þriðjudaginn 03.03.2020.

Ólafur E. Hreiðarsson **Helga Ingibjörg Kristjánsdóttir**
Pétur Hreiðarsson Holm **Elena Holm**
Sigrún S. Hreiðarsdóttir **Bryngeir Torfason**
Elín Hreiðarsdóttir **Júníus Ólafsson**
Anna Hafliðadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamamma, amma og langamma,

Elsa Aðalsteinsdóttir

Engjavöllum 3, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 23. febrúar á
hjúkrunarheimilinu Sólvangi.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
þriðjudaginn 10. mars kl. 13.00. Sérstakar þakkir til
starfsfólks Sólvangs fyrir góða umönnun og hlýju.

Árni Ingvarsson **Helena Jensdóttir**
Þórður Ingvarsson **Anna María Bryde**
ömmubörn og langömmubörn.



Guðni Ágústsson er upprunanum trúur og klæðist að sjálfsgöðu peysu úr íslenski ull á vetrarferðalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Munum ekki spara okkur

Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, og Guðjón Ragnar Jónasson rithöfundur ætla að skemmta gestum á Kaffi Kú í Eyjafjarðarsveit í kvöld með kveðskap, gríni og kindasögum.

Ferðafélagarnir Guðni Ágústsson og Guðjón Ragnar Jónasson skemmta Norðlendingum með orðsins list um helgina. Kindur munu koma mjög við sögu í dagskránni. Þeir voru staddir í Staðarskála um kaffileytið í gær þegar ég náði sambandi við Guðna í síma. Hann lýsti áætlunum þeirra fúslega.

„Við byrjum á að fara á Hótel KEA í kvöld (föstudag) og þar held ég ræðu yfir kótelettukörlum. Mun að sjálfsgöðu ræða sauðkindina, þann eilífa bjargvætt Íslendinga og dásama hana í bak og fyrir. Síðan verðum við annað kvöld (laugardagskvöld) að Garði í Eyjafjarðarsveit og spörum okkur ekki.

Guðjón er annar höfundur bókarinnar Kindasögur, hann les nokkrar góðar sögur úr henni og ég mun færa bændunum í Garði, Einari og Sesselju, að gjöf myndina af mér að kyssa kúna. Það er mynd allra tíma og á náttúrlega að hanga í þeirra glæsilega ferðamanna-fjósi. Ég mun láta setja á hana vísuna

góðu eftir hann Jóhannes Sigfússon á Gunnarsstöðum:

*Allt sem vonum okkar brást,
allt sem mátti klaga,
allt sem Drottini yfirsást
ætlar Guðni að laga.*

– og minna á að eitt sinn áttu Íslendingar ærlegan landbúnaðarráðherra sem lét sér ekki detta í hug að fella niður tolla eða flytja inn nýsjálenskt lamb.“

En er ekki visst stílleysi að vera með kindasögur á Kaffi Kú?

„Nei, hvorar tveggja tegundirnar eru klaufdýr og allir sem elska sauðfé koma að fá sér bjór og gleðjast. Kaffi Kú er mikill samverustaður í þessari glæsilegu sveit.

Ólst þú upp við sauðfé Guðni?

„Já, já, við áttum kindur, kýr og hross á Brúnastöðum. Ég kynntist sauðfénu ungur að árum og var sauðglöggur, þekkti ær á 100 metra færi og greindi af svipnum undan hvaða ám lömb voru.

Svo var náttúrlega forystukind í hópnum. Það eru vitrar skepnur og fráar. Ég hittí 30 sauðfjörubændur í Bandaríkjunum sem voru með íslenskt forystufé, þeir sögðu að það væri vitrara en allir stjórnámalmenn Bandaríkjanna og prófessorar. Það heyrði í úlfinum á sléttunni og þegar það áttaði sig á að hann væri kominn þá safnaði það öllum hópnum saman og leiddi hann heim. Það var eins hér á landi, í óveðrum fóru forystukindur á undan hjörðinni og hringinn í kringum hana og komu henni í hús. Svo má ekki gleyma því að sauðþrjóskan hefur bjargað þessari þjóð og við höfum étíð íslensku kindina upp til agna og nýtt allt af henni. Það eigum við að gera áfram.“

Jæja, Guðni, ég ætla ekki að tefta ykkur félaga lengur, svo þetta verður að duga. Þakka þér fyrir spjallið.

„Sömuleiðis. Gerðu mig sem frægastan. Kolla á Fréttablaðinu segir að ég sé athyglissjúkur fikill!“
gun@frettabladid.is

Merkiatburðir

1876 Alexander Graham Bell fær einkaleyfi á símanum.

1912 Roald Amundsen tilkynnir í fyrsta sinn opinberlega að leiðangur hans hafi komist á suðurpólinn þann 14. desember 1911.

1922 Ríkisstjórn Sigurðar Eggerz tekur við völdum.

1926 Fyrsta símtal milli London og New York-borgar á sér stað.

1931 Stormur brýtur sjötíu símastaura á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

1944 Fjórir farast en 39 komast af er þrjú erlend skip stranda við sanda Vestur-Skaftafellssýslu.

1975 Mannbjörg verður er flutningaskipið Hvassafell strandar á Skjálfanda.

1981 Lagið Af litlum neista sigrar í Söngvakeppni sjónvarpsins þegar hún er haldin í fyrsta sinn.

1986 Landslið Íslands í handbolta verður í sjötta sæti á heimsmeistaramóti í Sviss og kemst þar með á Ólympíuleikana árið 1988.



Bróðir okkar, mágur og frændi,

Jón Guðmundsson

Lýngheiði 18, Selfossi,

andaðist þann 26. febrúar á hjúkrunarheimilinu Fossheimum.

Jarðarförin fór fram í kyrrþey 6. mars sl.

María Helga Guðmundsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Bjarni Guðmundsson

Eygló Gunnlaugsdóttir
Rannveig Jónsdóttir
og frændsystkini.



Þökkum innilega og af heilum hug þá virðingu og ótrúlega miklu væntumþykju sem okkar ástkæra syni og bróður,

Sigurði Darra Björnssyni

Erluási 31,

og fjölskyldu hans hefur verið synd við sviþlegt fráfalls hans af stórum hópi fólks. Sérstaklega er björgunarsveitum og viðbragðsaðilum þökkud veitt aðstoð.

Megi guð fylgja ykkur.

Rannveig Sigurðardóttir
Salvör Svanhvít

Björn Arnar Magnússon
Hinrika Salka



Hjartkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gísli Eyjólfsson

húsnámsmeistari,
Kristnibraut 2, áður Byggðarenda 3,
verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 11. mars klukkan 13.00.

Sigríður Ragnheiður Guðnadóttir
Elisabet Gísladóttir
Sigríður Gísladóttir
Eyjólfur Gíslason
barnabörn og makar og barnabarnabörn.

Arnór Valdimarsson
Gísli Ólafsson
Þórey Guðlaugsdóttir



Eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

Þórey Önnundardóttir

frá Neskaupstað,
Klapparstig 1, Reykjavík,
verður jarðsönginn frá Neskirkju
mánudaginn 9. mars klukkan 13.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

Baldur Bjarnason
Ásdís Rósa Baldursdóttir
Guðrún Baldursdóttir
Björg Baldursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján Gíslason
Gísli Sverrir Árnason



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Reinhold Greve

rennismiður,
Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 3. mars.
Útför fer fram í Árbæjarkirkju
fimmtudaginn 12. mars kl. 13.00.

Örn Jóhannesson
Jóhannes Jóhannesson
Reynir Jóhannesson
Róbert Jóhannesson
Viðar Jóhannesson

Dagbjört Ólafsdóttir
Gitte Jepsen
Patricia Johannesson
Malene Wichmann Larsen
Anna K. Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku móðir okkar,
frænka, systir og tengdadóttir,

Steinvör V. Þorleifsdóttir

frá Kolfreyjustað,
Kriúási 21, Hafnarfirði,

lést 26. febrúar. Útförin verður gerð frá
Hafnarfjarðarkirkju 11. mars kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnst hennar er bent á styrktarveitingu fyrir dætur hennar: 0370-22-025008, kt. 170771-5169.

Kristín Jóna Kristjónsdóttir, Þórhildur Kristjónsdóttir
Sigríður Inga Sigurðardóttir
Guðný Þorleifsdóttir
Ingibjörg Þorleifsdóttir
Kristmundur Þorleifsson
Þórhildur Helga Þorleifsdóttir
Kristín Jóna Kristjónsdóttir
og aðrir aðstandendur.



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Leonhard Ingi Haraldsson

tannlæknir,

verður jarðsönginn frá Háteigskirkju
föstudaginn 13. mars kl. 13.00. Blóm og
kransar eru vinsamlega afþakkaðir.

Þeim sem vilja minnst hans er bent á hjúkrunarheimilið
Sóltún og UNICEF á Íslandi.

Amalía Halla Skúladóttir
Haraldur Ó. Leonhardsson
Ásta Leonhardsdóttir
Halla I. Leonhardsdóttir
Ingunn G. Leonhardsdóttir
Haukur Haraldsson
og barnabörn.

Anna K. Engilbertsdóttir
Þóroddur Björgvinsson
Einar Örn Jónsson



Ástkær eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

Haldóra Elisabet
Kristjónsdóttir

sérkennari,
Stuðlaseli 6, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi
29. febrúar. Útför hennar verður gerð frá
Seljakirkju í Reykjavík 11. mars klukkan 13.00.

Daði Sæm. Ágústsson

Snorri Þór Daðason
Hildur Hörn Daðadóttir
Kristján Daðason
Þorvar Hafsteinsson
Sigríður Ósk Ingimundardóttir
og barnabörn.



bauhaus.is

BAUHAUS®

ERTU BÚINN AÐ KYNNA ÞÉR VERÐVERND BAUHAUS?



**Hjá BAUHAUS getur þú verið viss um
að fá alltaf lægsta verðið á markaðnum!**

Þess vegna erum við með verðvernd.
Það þýðir að ef þú finnur sömu vöru ódýrari
hjá samkeppnisaðila okkar lækkum við okkar
verð. Þú finnur nánari upplýsingar inn á
heimasíðu okkar: bauhaus.is/verdvernd.

Tilboðin gilda frá og með fimmtudeginum 27. febrúar til og með sunnudeginum 1. mars.

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Hefur þú séð nýja
BAUHAUS blaðið?
 Skoðu allt úrvalið í
 blaðinu og í versluninni!



BAUHAUS
**VERÐ-
 VERND**
 HJÁ BAUHAUS GETUR ÞÚ VERIÐ VSS UM AÐ
 FÁ ALLTAF LÆGSTA VERIÐ AÐ MARKAÐNUM



One+ 18 V bor-/skrúfvél
 R18PD3-225S. 24 þrep.
 Innbyggt LED-ljós. 2x 2,5
 lítíumrafhlaða og hleðslutæki
 fylgja með.

RYOBI

26.995,-

33.995,-

Heill heimur af rafmagnsverkfærum!

Kjarakaup



BOSCH

79.995,-
~~97.595,-~~

Borðsög

GTS 10 J. Stærð borðs 642 x 572 mm.
 Snúningsvægi án álags 3.650 snún./mín.
 Hallastilling 47°V / 2°H. Háam. skurðar-
 geta til hægri/vinstri 460/210 mm.

Kjarakaup



RYOBI

28.995,-
~~39.995,-~~

Bútasög

EMS216L. 1.500 W. 4.500 snún./mín.
 Útdraganleg með rennu. Þv. sagar-
 blaðs 216 mm, með 48 tönnum. Laser
 fyrir nákvæman skurð. LED-ljós.

Kjarakaup



Makita

43.995,-
~~53.995,-~~

Búta-/geirungssög

LS0815FL. 1.400 W. 5.000 snún./mín.
 Þv. 216 mm blað. Með laser fyrir
 nákvæman skurð.

Kjarakaup



STANLEY

39.995,-
~~54.995,-~~

Búta-/geirungssög

FME721-GB. Skurðarbreidd 305 mm
 1.500 W. Geirungsgeta 45°. Þvermál
 blaðs er 216 mm. Skurðardýpt 70 mm.



BLACK & DECKER

30.595,-

Geirungssög

BES710-QS 254 mm, 2.100 W
 Geirungssögina er auðveld í not-
 kun og sagar hratt og nákvæmt
 með 48T 254 mm volfram kar-
 bíðssagarblaðinu sem fylgir með.



BLACK & DECKER

9.995,-

Bor-/skrúfvél

BCD003C1-QW Höggborvél er með mikla
 afkastagetu upp á 21.000 högg á mínútu,
 11 mismunandi stillingar og 2 þrepa hraða
 sem veitir fullkomna stjórnun til að skrúfa
 og bora. 1 x 1.5 Ah-rafhlaða sem og 1 x
 400 mA hleðslutæki.



STANLEY

22.895,-

Fjölverkfæri

FME380K-QS. 650 W. Þv. Sagarblaðs
 89 mm. Hámarksskurðardýpt er 90°.
 Hraði 5.500 snún./mín. Borun 10 mm.



DEWALT

189.995,-
~~226.595,-~~


18 V XR vélasett

DCK551P3T-QW Sett með höggborvél,
 höggskrúfvél, LED lukt, stingsög, 3
 x 5 Ah rafhlöður, hleðslutæki, og 2
 verkfærakössum.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!




KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

HLAUPÁRSDAGUR



LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist merkileg skepna. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 6. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „29. febrúar“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Húsið okkar brennur** eftir **Gretu Thunberg** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Katrin Hersisdóttir, Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 5 Gersemina, segirðu? Af henni öðlast ekki nokkur maður hamingju (12)
- 11 Sjúk seiðir sýktar (9)
- 12 Draumur hins ræktandi manns er að ferðast til þessara ríkja (9)
- 13 Hef snilldartað á þessum skúlptúr (9)
- 14 Lágra sinna tekur til/tófa þegar ógnar maður (4)
- 15 Sögur af reglum sem við brjótum ekki en beygjum vel (7)
- 16 Alveg gúrkulint rugl, segir lítill en krúttlegur kall (9)
- 17 Gleyma því sem gleymist aldrar (6)
- 18 Albert enski leitar að konu sem elskar allt (7)

- 20 Borga jafnvirði 10 króna fyrir poka af skordýrabana (10)
- 25 Best að þú lötrir burt frá ruglinu er hann drattast heim (6)
- 29 Hjón þessi tafsa tíðum er kaggar birtast (7)
- 32 Afsetum sem miðað er við (8)
- 33 Þú getur trútt um talað ef þú deyrð (5)
- 34 Giftudrjúg og glöð ganga þau frá borði (9)
- 35 Maður okkar tíma en annars heims? (8)
- 36 „Í“ og „á“ – fyrir hraðmælt börn (5)
- 37 Ferðir konungs fuglanna fyrir fallítt félag (9)
- 38 Held að frostbitinn flokkur geri kröfuna (8)

- 41 Grunar að grasið turni röðinni (5)
- 43 Þessi söngur kemst nær kjarna leikinnar persónu en aðrir (8)
- 47 Harma aftöku óbreyttra vegna mannskæðra orrusta (9)
- 49 Vil að iðnaðarmaður með háskólagráðu hreinsi þetta (6)
- 51 Alls ófeitur smyr það sem smyrja skal (7)
- 52 Hyl ég nú holu hins hengda (9)
- 53 Læt drullusokkinn borga vel fyrir brynjuna (10)
- 54 Segja karl kvöld hallt undir skásníðinn enda (11)

LÓÐRÉTT

- 1 Gleysmum þannig sögum þar

- sem öðrum ekki ósvipuðum er til að dreifa (8)
- 2 Borðaðu það sama og þau ákváðu að fá sér (8)
- 3 Frá vik mola og bitsára (8)
- 4 Sprautu úr sudda (8)
- 5 Ræfill flakar lúðu en kallandi kallar horfa á (8)
- 6 Ósmart eru áraleiði (7)
- 7 Sögur af beygðum og bættum (9)
- 8 Það liggur í orðanna hljóðan að stöndugra fólk mun standa við fleira (9)
- 9 Hér er rætt um glaðninga og gegningar (8)
- 10 Ætla má að nei gildi, þótt sárt sé (8)
- 19 Ef ég eignaðist nú hind, öðlast

- ég þá tónlistarhæfileika? (9)
- 21 Þetta eru þeir vegir sem þér eru færir, ef þú lætur mér litliræði eftir (9)
- 22 Kroppa ótukt oní svörð (7)
- 23 Gef ástralskan aur fyrir bolla utan byggðar (7)
- 24 Flokkar aldur m.t.t. línulegrar atburðarásar (9)
- 26 Fljót að setta sig við moldarsvöld fyrir kisilflísina (9)
- 27 Vist er bráregnt blautt sem það sjálft (7)
- 28 Er mygluskelin góð fyrir meðvitundarlausan mann? (7)
- 30 Raunar á þetta að vera peningastuldur, en ég ruglaðist (7)
- 31 Ps. Latir krossgátuhöfundar segja að romsur séu rugl (7)

- 39 Sleginn harmi því fýsnin er frá (7)
- 40 Rek angan kvenna til kúminblóma (7)
- 42 Mun hreyfing heimila eða efla virkni ákveðinna garna? (7)
- 44 Lét spjót fyrir kvísl (6)
- 45 Ertandi urtin stendur fyrir staðarnet sem tengir við alnet (6)
- 46 Mun ég þola þau sem standa flestum framfar? (6)
- 47 Er það vitleysa í mér, eða er þetta bara skítur? (5)
- 48 Minn úrskurður: Þessi ilmur er minn (5)
- 49 Svo mikill fnykur að ekki verður röið (5)
- 50 Ok þá, þetta er helsi (5)

LÉTT

9		3	7			1	
	8	2	5				4
5			6	2	3	7	
4		1			2	5	9
				3	7		6
3	9						2
			2	1	5		
8	4	9					
1			4	8		3	

MIDLUNGS

1	5				4		8
2	3	6	9			1	7
		4			3		
4		2					1
	9						5
	6		7			8	
			2	4		3	
3			5	6			7
9			3				

PUNG

		7				2	
9	6	8				3	
			5	7	9	1	
		3	2			5	
	1	6			5		7
			4				6
				9	8	6	
			7		1		
4							1

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Werlinski átti leik gegn Russakov í Moskvu árið 1948.

1...De7! 2. fxe7 Bg7! 0-1. Stjórn Skáksambands Íslands ákvað á fundi sínum í fyrradag að aflýsa Reykjavíkurskáknotinu sem átti að fara fram í apríl og fresta Íslandsmóti skákfélaga sem átti að fara fram í mars. Íslensk sveit tekur þátt í HM öldungasveita sem hófst í gær.

www.skak.is: Dagur í Kanada

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

6	1	8	3	2	4	9	5	7
9	4	7	1	5	6	2	3	8
2	3	5	7	8	9	1	4	6
4	2	3	5	9	8	6	7	1
7	5	9	6	1	3	8	2	4
8	6	1	4	7	2	3	9	5
5	7	2	8	3	1	4	6	9
3	8	6	9	4	7	5	1	2
1	9	4	2	6	5	7	8	3

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

ÓHAGSTÆÐ HINDRUNARSÖGN

Eitt af sterkustu mótum ársins í Monte Carlo í Mónakó (Zimmerman Cup) fór fram dagana 29. febrúar til 6. mars. Þar kepptu 64 sterkar sveitir innbyrðis. Ein íslensk sveit var þar meðal þátttakenda og bar heitið Origo Iceland. Hún var skipuð Guðmundi Snorrassyni, Hrannari Erlingssyni, Ómari Olgeirssyni, Stefáni Jóhannssyni, Sveini Rúnari Eiríkssyni og Sverri Kristinssyni. Henni gekk ekkert sérstaklega, enda mótið firnasterkt og skipað mörgum af sterkustu spílurum heims. Eftir riðlakeppni fóru 16 efstu sveitirnar í útsláttarkeppni og íslenska sveitin náði

ekki þar inn. Sveit sem kölluð var Gupta, leiddi lungann af mótinu. Hún var skipuð sterkum spílurum, Naren Gupta, Geir Helgemo, Cedric Lorenzini, Zia Mahmood, Jeff Meckstroth og Debbie Rosenberg. Henni gekk vel í útsláttarkeppinni og þegar þessi orð eru skrifuð, spilaði hún úrslitaleikinn við sveit Swiss Team eftir að hafa unnið öruggan sigur á sveit Russia í undanúrslitum, 184-110. Spil dagsins er frá mótinu. Það kom fyrir í sjöttu umferð riðlakeppinnar í leik sveitar Gupta við sveit Ventin. Suður var gjafari og AV á hættu.

Norður
 ♠ D10843
 ♥ Á542
 ♦ 4
 ♣ G104

Vestur
 ♠ 65
 ♥ KG10
 ♦ ÁG10873
 ♣ Á9

Austur
 ♠ ÁK97
 ♥ 9763
 ♦ -
 ♣ KD732

Suður
 ♠ G2
 ♥ D8
 ♦ KD9652
 ♣ 865

Á borðinu þar sem Zia og Meckstroth sátu NS voru spiluð 3 grónd í austur og fengust rólega 10 slagir í þeim samningi (630), eftir pass frá suðri (Zia), tígulvakningu frá vestri og spaðainnkomu frá norðri (Meckstroth). Á hinu borðinu sátu Svíarnir Johan Upmark og Fredrik Nyström í NS og Helgemo og Lorenzini í AV. Nyström var skotinn í hagstæðum hættum og ákvað að opna á hindrunarsögninni 3 ♦ á suðrhöndina. Geir Helgemo, sem sat í vestur, átti erfitt með að trúa opnuninni og ákvað að velja pass. Það gekk yfir til Lorenzini sem doblaði til úttekta á austurhöndina. Helgemo var, eðlilega, sáttur við að spila vörnina og sá samningur var spilaður doblaður. Þegar þokunni létti (eftir spaðasexu útspil og hjartasviss), varð Nyström að setta sig við 3 slagi og fór 1400 niður. Það var 13 impa gróði til sveitar Gupta.

KRÓNAN

Mmm ... allt í brönsinn!

**Þú finnur allt
á einum stað
í öllum okkar
verslunum!**

Bröns fyrir fjóra = 3.996 kr.*

999

kr.
á mann

*Pönnukökumix, egg, bakaðar baunir, beikon, pylsur, appelsínusafi, appelsínur, músli, grísk jógúrt og jarðarber.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

KRAKKAR

Konráð


394

og félagar

á ferð og flugi

Þau höfðu gengið í kæfandi hita allan daginn og orðin ógurlega þyrst. „Nú væri ég sko til í glas af ísköldu vatni,“ dæsti Róbert. „Ég vil heldur ískalt límonaði en vatn,“ stundi Kata. „Sjáið!“ hrópaði Konráð. „Parna getum við fengið límonaði, það er verið að hella í glösin núna,“ og hann hljóp af stað þar sem sjö tóm glös stóðu og ísköldu límonaði var einmitt verið að hella í þau.

En eitthvað voru þetta skritin glös. Það lágu rör á milli þeirra svo ómögulegt var að vita hvaða glas myndi fyllast fyrst og þau voru svo þyrst að allir vildu fá fyrsta glasið sem myndi fyllast. „Ég tek númer 1!“ hrópaði Róbert. Kata píróði augun. „Ég tek númer 7, límonaðið mun renna í gegnum öll hin glösin og enda á því neðsta svo það mun fyllast fyrst,“ sagði Katta glottandi og var augljóslega viss í sinni sök. Þyrst og spennt horfðu þau á límonaðið renna úr könnunni ofan í glösin og eftir rörunum.



Hvaða glas heldur þú að fyllist fyrst þegar hellt er úr könnunni?



Uppskrift

Lummur

Það er lítið mál að baka lummur en börn mega samt ekki gera það nema einhver fullorðinn sé heima og fylgist með. Þessar eru hollar.

- 2,5 dl heilheiti
- 2 msk. sykur
- 3 msk. olía
- 1 tsk. lyftiduft
- 1 egg
- 1 maukaður banani
- 1 dl léttmjólk
- 1 dl súrmjólk

Setjið allt saman í skál og hrærið í. Notið litla ausu eða skeið til að setja deigið á oliuborna pönnu. Steikið lummurnar báðum megin.



Lausn á gátunni

Glas númer 5 fyllist fyrst. Glösin númer 5, 6 og 7 munu öll vera þurr þegar límonaðið hefur renna í gegnum öll hin glösin. Þar sem lengd rörin frá glas 1 til glas 5 er lægri en lengd rörin frá glas 2 til glas 6 og lengd rörin frá glas 3 til glas 7.

Grín úr gömlu blaði

Hlaupum, gamli!

Sagt er að Kristján IX. konungur Danmerkur, hafi einhverju sinni verið á gangi. Kom hann þá að húsi einu og sá þar ungan dreng vera að teygja sig upp í dyra-bjölluna.

Viltu að ég hjálpi þér að hringja? spurði konungur. Drengurinn kvað já við því. Konungur lyfti þá drenghnokkanum upp. Hann ýtti á bjölluna og kvað hljómur hennar við, hátt og snjallt, um allt húsið.

Ertu svo ánægður, litli vinur? spurði konungur og setti drenginn niður á götuna.

Já, svaraði drengurinn. En nú skulum við hlaupa burtu, gamli, því nú kemur fólk. Síðan tók hann til fótanna.

Konungur hló og sá að drengurinn hafði gert þetta af hrekkjum. Hann beið sjálfur þangað til komið var til dyra til þess að biðjast afsökunar á gabbinu. (Æskan 3.-4. tölublað 1904)



Kristján IX var konungur Íslands og Danmerkur á árunum 1863 til 1906. Hann átti engin börn.



Margréti þykir gaman að dunda sér í herberginu sínu. MYND/AUDUNN NIELSSON

Ég hélt með Daða Frey

Margrét Lára Rúnarsdóttir er átta ára og á heima á Akureyri. Þó hún heiti ekki eftir fótboltakonunni Margréti Láru Viðarsdóttur þá eiga þær fótboltaíðkun sameiginlega.

Í hvaða skóla ertu Margrét Lára og hver er eftirlæti námsgreinin þín? Ég er í Brekkuskóla og ég held mér finnst skemmtilegast í íþróttum.

ÉG VÆRI MJÖG TIL Í AÐ EIGA GÆLUDÝR, EINS OG TIL DÆMIS HUND EÐA KÖTT.

En hvað þykir þér skemmtilegast að gera í fristundum? Til dæmis að dunda mér í herberginu mínu, lesa og leika við litla bróður minn.

hefur dálæti á? Ásbyrgi, Vesturdalur við Hljóðakletta og sveitin mín, Vallakot í Reykjadal, eru í uppahaldi.

Stundar þú íþróttir? Já, ég æfi fótbolta og dans.

Hefur þú kynnst sveitalífi? Já, langafi minn og langamma mín bjuggu í sveit.

Heitir þú eftir Margréti Láru Viðarsdóttur fótboltakonu? Reyndar ekki.

Hefur þú gaman af dýrum? Já, ég væri mjög til í að eiga gæludýr, eins og til dæmis hund eða kött.

Fylgist þú með henni í boltanum? Ég get ekki sagt það. Ég hef eiginlega aldrei séð hana í fótboltanum.

Hver er besta bók sem þú hefur lesið? Mér finnst bókin Villinorn best, en Sigrún Eldjárn er uppáhaldsrithöfundurinn minn.

En horfðir þú á Söngvakeppni sjónvarpsins? Já, ég gerði það.

Með hvaða lagi héltu? Ég hélt með Daða og var voða glöð að hann skyldi sigra.

Hefur þú reynt að búa til vísu? Nei ég held ekki.

Hvað er skrytnast af því sem þú hefur lent í um ævina? Ég hef held ég aldrei lent í neinu skrytnu.

Hvað þig langar þig að verða þegar þú verður stór? Mig langar að verða leikskólakennari.

Er einhver staður á Íslandi eða annars staðar í heiminum sem þú

Í lokin: Kanntu einhvern brandara sem þú vilt segja okkur? Nei.

OUTLET DAGAR

50-80% AFSLÁTTUR



50%
kr. 17.495.-

HJÖRDÍS
Úlpa
Áður
kr. 34.990.-



BRANDUR
Dúnjakki
Áður
kr. 22.990.-

50%
kr. 11.495.-

50%
kr. 9.495.-

KETILL
Regnjakki
Áður
kr. 18.990.-



50%
kr. 15.990.-

GUNNUR
Fóðraður jakki
Áður
kr. 7.995.-



50%
kr. 4.495.-

LEVÍ
Flispeysa
Áður
kr. 8.990.-



FÁKAFENI 9



LAUGAVEGI 91

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vorur geta verið uppseldar.

OUTLET TILBOÐ GILDA EINUNGIS Í ICEWEAR, FÁKAFENI 9,
ICEWEAR MAGASÍN, LAUGAVEGI 91 OG Í VEFVERSLUN ICEWEAR.IS

Frí heimsending á icewear.is



VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík



0 | 9
°C | ←

Egilsstaðir



0 | 4
°C | ←

Ísafjörður



-4 | 9
°C | ←

Kirkjubæjarkl



0 | 17
°C | ←

Akureyri



-4 | 3
°C | ↑

Hveravellir



-8 | 3
°C | ↘

Vaxandi austanátt og þykkar upp S-lands, 18-28 í dag, hvassast við S-ströndina. Snjócoma eða slydda með köflum S- og A-lands, en úrkomu-minna í öðrum landshlutum. Dregur talsvert úr vindi og rofar til S-til í kvöld. Minnkandi frost, víða 0 til 5 stig seinnipartinn, en hlánar syðst.

Reykjavík



Sunnudagur



2 | 4
°C | ↙

Mánudagur



-6 | 7
°C | ↙

Þriðjudagur



-4 | 6
°C | ↙

Miðvikudagur



-5 | 5
°C | ↙

Fimmtudagur



-8 | 2
°C | ←

Ísafjörður



-4 | 13
°C | ↙



-10 | 7
°C | ↙



-9 | 6
°C | ↙



-11 | 5
°C | ↙



-13 | 3
°C | ↙

Akureyri



-1 | 9
°C | ↘



-9 | 2
°C | ↘



-7 | 2
°C | ↘



-10 | 3
°C | ↘



-13 | 1
°C | ↑

Egilsstaðir



1 | 12
°C | ↓



-8 | 3
°C | ↗



-5 | 2
°C | ↘



-8 | 5
°C | ↘



-14 | 1
°C | ↗

Kirkjubæjarklaustur



1 | 5
°C | ↘



-2 | 1
°C | ↘



-3 | 2
°C | ↙



-5 | 0
°C | ○



-8 | 1
°C | ↙

Hveravellir



-7 | 10
°C | ↘



-12 | 8
°C | ↓



-11 | 7
°C | ↓




-12 | 8
°C | ↓




-16 | 4
°C | ↓

Pondus



Gelgjan



Barnalán



ALUPROF

GEZE



Þjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarþúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á þúnaði.

Áratuga reynsla.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

VELDU GÆÐI!

Tilboð í mars

2 fyrir 1 af kleinuhringjum allar helgar, föstudaga til sunnudaga.



BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

PIER



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*



NOTTING HILL sófi. Þriggja sæta, svart velúr. 249.900.- 199.920.-



SÉR
TILBOÐ

Lofthljós 96x64x64 cm. 78.990.-



Myndir og myndarammar
Mikið úrval, verð frá 1.990.-



Hliðarborð stærra 28.990.- 23.192.-
7.792.- Minna 19.990.- 15.992.-



Skrautspegill 6.990.- 5.592.-



NÝ SENDING af púðum. Verð frá 4.990.-



Spegill 70 cm 16.990.- 13.592.-



Ananas lampi m.skerm
17.990.- 14.392.-



Kerti 3 í pakka 1.490.-



Veggskraut 6.990.- 5.592.-



Glös m. gyllingu
1.290.- 1.032.- stk.



Blómapottar frá 3.990.-



Glerborð á hjólum. 74x31x73 cm. 19.990.-



KORPUTORG

VIRKIR DAGAR 11- 18:30
LAU OG SUN 12-18

S: 5227870

*GILDIR EKKI MEÐ SÉRTILBOÐUM

SELFOSS

VIRKIR DAGAR 11- 18:30
LAU 10-18 SUN 12-18

S: 5227890

Hnýsinn spæjari

BÆKUR

Andlitslausa konan



Jónína Leósdóttir

Útgefandi: Mál og menning
Fjöldi síðna: 329

Edda Frímansdóttir, fyrrverandi bóksali og eftirlaunaþegi, ætti að vera unnendum glæpasagna að góðu kunn, en Andlitslausa konan er fimmta bókin þar sem hún flækist inn í glæpamál.



Nú er svo komið að fólk í söguheiminum ætti af heilbrigðri skynsemi að forðast hana eins og heitan eldinn þar sem kunningsskapur eða fjölskyldutengsl við hana virðist ávisun á bendlun við hrottalega glæpi. Það er þó bót í máli að henni tekst yfirleitt að stuðla að lausn málnanna með hnýsni sinni og hugviti.

Í þetta sinn spannar sagan aðeins fjóra daga yfir áramót og hefst á því að Edda og Finnur, nágrenni hennar og vinur, eru á leið til Þingvalla þar sem kunningjakona Eddu hefur boðið henni í brúðkaup. Brúðkaupið snýst þó fljótt upp í vettvang óhugnanlegs glæps sem raskar flestóllum áramótaplönnum viðstaddir.

Inn í fléttast svo meint svallveisla á vegum forsætisráðherra í Þingvallabænum, og réttlætisleit ungra stúlkna, og ljóst að hvergi er allt sem sýnist.

Edda tekur á málum af meðfæddri forvitni og er að vanda komin í hringiðu rannsóknarinnar áður en við er litið.

Edda er skemmtileg persóna og verður skemmtilegri með hverri bók; fordómfullur, hnýsinn og hvatvís nautnaseggur sem býr yfir skarpskyggni og færni til að leggja saman tvo og tvo sem stundum, en ekki alltaf, kemur málum í réttan farveg.

Það er ekki síður gaman að fylgjast með hennar daglega lifi en glæpamálunum. Við fáum lýsingar á hvernig hún velur sér föt, hellir upp á kaffi, drekkur rauðvín og á í samskiptum við sína nánustu, einkum þó tengdasyni sína og barnabörn.

Hún stendur nánast alltaf alveg fyrir utan rannsókn mála, veit til dæmis sjaldnast hvernig starfi lögreglunnar miðar áfram, þó tengdasynur hennar missi stundum út úr sér þýðingarmiklar upplýsingar. Hversdagsspæjarinn Edda er því skemmtileg tilbreyting frá þjáðu löggunum sem við þekkjum úr vel flestum glæpasagnaflokkum.

Andlitslausa konan er um margt áhugaverð saga, frásögnin lifandi og framvindan leikandi. Vel tekst að halda spennu framan af með þremur ólíkum þráðum og ekki spilla fyrir lýsingar innanstokks úr forsætisráðherrabústaðnum á Þingvöllum sem má ætla að höfundur sé kunnugri en margir aðrir.

Þræðirnir trosna reyndar aðeins þegar líður á bókina og eru heldur ekki allir raktir til enda á fullnægjandi hátt, svo ætla má að einhverjir verði teknir upp í þeirri næstu.

Ævintýrum Eddu virðist hvergi nærri lokið.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Ljómandi glæpasaga í anda fyrri bóka Jónínu Leósdóttur um hversdagsspæjarann Eddu.



Bergur Þór og Bernd sem smíðaði allar brúðurnar sem koma fram í sýningunni. Bernd segist vera að opna bakpoka í sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Draugar fortíðar

Bernd Ogrodnik er höfundur leikverksins Brúðumeistarinn sem Bergur Þór Ingólfsson leikstýrir. Bergur Þór segir þá vera dúett sem hafi átt að verða til.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



MÉR FINNST MIKILVÆGT AÐ SETJA ÞESSA HLUTI FRAM TIL AÐ RJÚFA VÍTAHRINGINN. ÞAÐ ER SVO MARGT AÐ ENDURTAKA SIG Í HEIMINUM.

Brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik er höfundur leikverksins Brúðumeistarinn sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu í dag, laugardaginn 7. mars. Í verkinu stefnir hann saman leikhúsförminu og brúðulistinni og leikur sjálfur brúðumeistara. Hann smíðaði allar brúðurnar sem koma fram í sýningunni. Bergur Þór Ingólfsson leikstýrir verkinu.

Bernd er þýskur en hefur búið hér á landi síðustu áratugi. Um söguþráð sýningarinnar segir hann: „Verkið fjallar um brúðumeistarann Günther. Það stendur til að bera hann út úr húsi sínu, sem á að breyta í enn eitt lúxushótel. Hann ákveður að fara í sjálfskipaða einangrun og lokar sig inni í vinnustofu sinni með brúðunum. Um

leið leita á hann spurningar um fortíðina.

„Að vissu leyti má segja að sýningin fjalli um fortíð mína og fortíð foreldra minna sem að sjálfsgöðu tengjast saman. Foreldrar mínir, sem eru nýfallnir frá, voru af kynslóð sem gekk í gegnum ótrúlega erfiðleika, nánast helviti á jörð. Í Þýskalandi þess tíma var ekki tími til að vinna úr hlutunum, þar var allt í rúst.

Amma var drepin af nasistum fyrir að glíma við andleg veikindi.

Pabbi minn var hommi og mamma vissi það, en samt var aldrei talað um það. Þau elskuðu hvort annað en samt vantaði eitthvað í samband þeirra. Síðustu orð pabba, sem þjáðist af alzheimer, voru: „Hjálp!“ og „Mamma!“. Það var eins og draugar fortíðar hefðu vaknað og farið á stjá.“

„Bernd er að skoða hvað hann fékk í arf og hverju hann ber sjálfur ábyrgð á. Hvað það þýðir að vera Þjóðverji og önnur kynslóð eftir seinni heimsstyrjöld,“ segir Bergur Þór.

Þýskur bakpoki

„Ég kalla þetta þýskan bakpoka sem er afhentur næstu kynslóð og er fullur af litlum leyndarmálum. Þetta er svo ótrúlega viðkvæmt: Hver tók þátt? Hver tók ekki þátt? Vissum við? Vissum við ekki. Í þessari sýningu kíkjum við í þennan bakpoka,“ segir Bernd. „Sjálfur er ég búinn að vinna mig í gegnum svo margt, annars hefði ég ekki getað gert þessa sýningu. Mér finnst mikilvægt að setja þessa hluti fram til að rjúfa vítahringinn. Það er svo margt að endurtaka sig í heiminum. Það er erfitt að vera hommi í löndum eins og Póllandi og Rússlandi og jafnvel í Bandaríkjunum. Hefði pabbi sem ungur maður sagt frá því að hann væri hommi, þá hefði hann verið skotin eða sendur í Auschwitz.“

Bergur Þór er í óvenjulegu hlutverki sem leikstjóri sýningarinnar. „Ég leikstýri fjölmörgum brúðum sem allar eru leiknar af einum og sama manningum. Ég tala við Bernd og Bernd talar við fingurna á sér.

Bernd er brúðusmiðurinn en líka leikarinn á sviðinu sem leikur á móti brúðunum. Hann er einnig leikskáldið, þannig að það mæðir mikið á honum. Ég hef áður unnið með leikhópum, þarna er eins manns risastór leikhópur í verkefni þar sem við þurfum að skapa allt á leiðinni. Við erum í frumsköpun sem er ótrúlega gaman.“

Dúett sem átti að verða til

„Það að setja upp brúðuleikhús er öðruvísi en að setja upp venjulega leiksýningu. Æfinga- og vinnuferlið er líka öðruvísi. Við þurfum fyrst að skapa alla leikarana,“ segir Bernd. „Þetta er mjög krefjandi fyrir leikstjóran. Ég er ótrúlega ánægður með Berg og þakklátur, því hann hefur svo mikinn áhuga á brúðunum. Stundum fer hann upp á svið og bregður sér í mitt hlutverk og gefur mér um leið tækifæri til að vera áhorfandi sem er dásamlegt.“

